



12
Áhyggjur af nýliðun í bændastétt

21
Grænmetið sprettur ekki upp af sjálfu sér

32
Matarhandverk í blóð borði

38
Sameinuð erum við sterkari

Bændablaðið

18. tölublað 2023 • Fimmtudagur 5. október • Blað nr. 642 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Stóðréttir í Laufskálarétt fóru fram laugardaginn 30. september síðastliðinn í blíðskaparveðri þar sem rekin voru til réttar um 400 hross. Talið er að rúmlega 500 manns hafi farið riðandi inn Kolbeinsdal og tekið þátt í smölun hrossa sem rekin voru niður til Laufskálaréttar. Mynd / Henk Petersen

Vaxtarletjandi garðyrkja

Vonir garðyrkjubænda um að skilyrði verði sköpuð til vaxtar í greininni í nánustu framtíð voru blásnar út af borðinu með birtingu fjárlagafrumvarpsins nú á upphafsdögum Alþingis.

Þá varð ljóst að ekki ætti að auka stuðninginn við þennan hluta íslenskrar matvælaframleiðslu, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið gefin út vilyrði um betri vaxtarskilyrði fyrir greinina.

Birtingarmyndir þessara viljrða hafa verið margvíslegar á undanföllum árum. Í núgildandi búvörusamningum frá 2016 er tiltekið að markmið samkomulagsins sé að við endurskoðun hans árið 2023 hafi framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25 prósent, miðað við meðalframleiðslu árána 2017 til 2019. Á árunum 2020 og 2021 dróst heildarframleiðsla saman frá viðmiðunarárunum. Á síðasta ári varð aukning um þrjú prósent.

Endurskoðun búvörusamninga stendur nú yfir. Garðyrkjubændur hafa lýst yfir vonleysi um gang viðræðna um starfsskilyrði þeirra. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega tiltekið að aukinni „... framleiðslu á grænmeti verður náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar.“ sem er einmitt eitt af þeirra helstu áherslumálum við samningaborðið. /smh

Sjá nánar í fréttaskýringu á bls. 20–21.

Búrekstur nautgripabænda verulega þyngst

– Biðlað til stjórnvalda um aðstoð gegnum búvörusamninga

Hækkandi stýrivextir leggja nú þungt á ýmsar greinar landbúnaðarins sem sinna frumframleiðslu á innlendri matvöru.

Einna þyngst leggja þeir á skuldsett bú nautgripabænda.

Nýlega var tilkynnt um 2,8 prósentu hækkun á lágmarksverði til kúabænda fyrir fyrsta flokks mjólk.

Enn er greitt samkvæmt gömlum verðlagsgrundvelli kúabús, sem löngu er úreltur, að sögn Rafns Bergssonar, formanns deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands. Hann situr einnig í verðlagsnefnd búvara sem ákvarðar verð til bænda.

„Það er löngu tímabært að uppfæra þennan verðlagsgrundvöll enda er hann frá 2001 og mjög margt sem hefur breyst í okkar rekstrarumhverfi á þeim tíma. Vinna við uppfærslu stendur yfir og er stefnt að því að verðlagt verði samkvæmt nýjum verðlagsgrundvelli í desember eða strax á nýju ári. Auðvitað hefði verið til bóta fyrir nautgripabændur ef hann

hefði verið uppfærður fyrr, þannig að það hefði kannski verið bætilegra fyrir einhverja að takast á við þessa auknu skuldabyrði síðustu missera. Það er alveg ljóst að þessi grundvöllur sem unnið er eftir í dag nær á engan hátt utan um þennan fjármagnskostnað með réttum hætti sem bændur þurfa að takast á við í dag.“ segir Rafn.

Hann segir rekstur kúabúa hafa þyngst verulega á undanföllum misserum, fyrst vegna aðfangahækkana og síðan undanfarið vegna þessara miklu vaxtahækkana.

„Þessi vandi var viðurkenndur af stjórnvöldum á síðasta ári með sprettgreiðslum og áburðarstyrk, vandinn hefur síst minnkað síðan. Það er því nauðsynlegt að ríkið komi með öflugum hætti að endurskoðun búvörusamninga.“

Hann segist sjálfur ekki hafa frétt af fjölda gjaldþrota, eins og talað hefur verið um að vofi jafnvel yfir greininni, þótt hann hafi haft einhverjar spurnir af slíkum dæmum í þá átt.

Bændur séu margir hverjir örugglega að hugsa sinn gang.

Vísbendingar frá síðasta markaði

„Ég held að það séu ákveðnar vísbendingar um stöðuna að finna á síðasta mjólkurkvótamarkaði. Í þeim gögnum sést að einhverjir eru klárlega að reyna að komast út úr sínum búskap og minnka þar með þann fjárhagslega skaða sem áframhaldandi skuldaförnun mun hafa. Á nýliðnum markaði var mun meira magn til sölu en óskað var eftir, sem er mjög óvenjuleg staða. Það er klárt að þetta háa vaxtastig hefur veruleg áhrif. Það bitnar mjög hart á þessari atvinnugrein, en ég held reyndar að fáar atvinnugreinar þoli þetta til lengdar.“ segir Rafn.

„Það er mjög mikil fjárskuldbinding í mjólkurframleiðslu miðað við veltu, meðal annars vegna hárra krafna um aðstöðu og aðbúnað sem við kvörtum ekki yfir. Enda vilja bændur

vera í fremstu röð varðandi aðbúnað. Þessi grein þarf að hafa aðgengi að þolinmóðu fjármagni á hagstæðum kjörum. Greinin þarf að hafa getu til að byggja upp og endurnýja aðstöðu, meðalaldur fjósa í landinu er til dæmis orðinn ansi hár. Það sem við höfum mestar áhyggjur af eru þeir sem hafa keypt sig inn í greinina á undanföllum árum, eða verið að byggja upp til framtíðar, svona endalausar vaxtahækkningar bitna langharðast á þeim. Þetta eru bændurnir sem ætla að framleiða matvæli til framtíðar og vera burðarásar í því.“ útskýrir Rafn.

Hætta á fjöldagjaldþrotum

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að tekin hafi verið staðan á skuldum bænda og hækkunum vaxta vegna breytinga á stýrivöxtum. „Við höfum talsverðar áhyggjur af þeim sem hafa farið í fjárfestingar á síðastliðnum fimm árum vegna breytinga til að bregðast

við aðbúnaðarreglugerðum sem samþykktar hafa verið hér á landi gagnvart frumframleiðslunni.“ segir Gunnar. Hann segir erfitt að meta hvort það stefni í fjöldagjaldþrot í íslenskum landbúnaði, en hættan sé til staðar og ekki mikið af eigið fé að sækja hjá bændum. „Hvort staðan sé verri hjá einhverri ákveðinni stétt umfram aðra er erfitt að meta, það hefur verið mjög mikil fjárfesting í flestum greinum og þá einkum vegna breytinga á aðbúnaðarreglugerðum, hvort sem það er í búrhænsnum, stærri legubásnum í svínahúsum eða stærri básnum í fjósum.

Við höfum farið yfir vandann með samninganefnd ríkisins þar sem vinna við endurskoðun stendur yfir. Það er farið vel yfir þau mál í kröfugerð okkar gagnvart samningsaðilum, sem finna má í skjali á vef Bændasamtaka Íslands.“ segir Gunnar. /smh

– Sjá nánar um skuldavanda nautgripabænda á bls. 2.

FRÉTTIR

Landbúnaður:

Vextir sliga bændur

Skuldsettir bændur sjá ekki fram á að geta haldið út mikið lengur. Stór kúabú hafa hætt rekstri og reynt að selja kvóta til að létta á skuldum, en þau eru föst í pattstöðu þar sem lítil hreyfing er á kvótamarkaði.

Hermann Ingi Gunnarsson, kúabóndi á Klauf í Eyjafirði, segir andrúmsloftið í stéttinni vera ömurlagt og bændur geti ekki endalaust greitt með fæðuöryggi þjóðarinnar. „Það er ekkert ljós við enda ganganna eins og þetta er núna.

Nú stefnir í meiri vaxtahækkun og við sjáum ekki fram á afurðaverðshækkunir sem geta mætt þeim kostnaði.“ Þó staða sauðfjárbúa sé ekki góð, þá sé einfaldara fyrir þá bændur að fá sér aukavinnu utan bú. „En þú gerir það ekki með mjólkurframleiðslu, sérstaklega ef þú ert með stórt kúabú.

Hvar eigum við að sækja okkar tekjur? Það má ekki gera það í gegnum verðlagið. Mjólkurbændur hafa fengið hækkunir í gegnum verðlagsnefnd búvara, en það vantar svo mikið meira.“

„Fólk er fast“

Það sé hægara sagt en gert að bregða búi, en Hermann Ingi bendir á tvö stór kúabú í Eyjafjarðarsveit sem hafa hætt rekstri núna í sumar. Þá hafa bændur selt frá sér kýrnar en ekki náð að koma kvótanum í verð, enda fádæma lítil hreyfing á síðasta kvótamarkaði. „Fólk er fast,“ segir hann. „Margir hverjir sem eru með miklar skuldir þurfa að velja úr þá reikninga sem þeir geta borgað.“ Í öbyreyttu ástandi telur Hermann Ingi að skuldsettir bændur geti ekki haldið út nema í nokkra mánuði.

„Menn eru vinnandi myrkranna á milli, algjörlega búnir á því á líkama og sál, og svo eiga þeir bara að halda áfram. Heilsa bænda er líka í húfi. Það er rosalega þungt hljóð í bændum og menn eru margir hverjir að gefast upp.

Ef við ætlum að hafa landbúnað í landinu þá verðum við að fara að gera eitthvað. Af hverju á bændastéttin að vera sú eina sem vinnur allan daginn en fær ekkert greitt? Við höfum varla lágmarkslaun fyrir þetta.“

Staða bænda á ábyrgð ríkisins

Aðspurður um lausnir segir Hermann Ingi að ríkið ætti að nýta þær lánastofnanir sem það á, ýmist Landsbankann eða Bygðastofnun, til að búa til lánaleið fyrir bændur. Nú séu tólf prósent vextir af jarðakaupalánum, á meðan bankarnir sjálfir segi að jarðir séu tryggasta



Hermann Ingi Gunnarsson.

veð sem þeir geti fengið.

Það séu minni afföll af lánnum á jörðum en íbúðarhúsnæði, en samt sé ekki hægt að gefa bændum sömu kjör.

Þá segir Hermann Ingi að sómi væri af því ef ríkið stæði almennilega við bakið á matvælaframleiðslu. „Eins og Bændasamtökin hafa komið inn á þá vantar tólf milljarða í búvörusamningana.“

Hlutfall tekna bænda frá ríkissjóði hafi stórlega lækkað á síðustu tíu til fimmán árum og að sama skapi hafi tollverndin dregist saman. Staða landbúnaðarins sé alfarið á ábyrgð stjórnvalda. „Í búvörulögum er sagt að kjör bænda eigi að vera eins og kjör annarra sambærilegra stétta í landinu. Þau eru það ekki ef menn geta ekki borgað sér laun.“

Uppbygging var löngu tímabær

Hermann Ingi segir langan veg frá því að bændur hafi verið að offjáfesta í greininni. Þeir sem haldi öðru fram hafi ekki góða þekkingu á landbúnaðinum, sérstaklega í mjólkurframleiðslu. Þvert á móti sé enn mjög mikil fjárfestingarþörf.

Kúabændur hafi á undanförunum árum verið að sinna löngu tímabærri uppbyggingu, enda var mikil stöðnun í kjölfar hrunsins. „Með þetta lægra vaxtastig fóru menn í mjög nauðsynlegar fjárfestingar, bæði til að auka framleiðsluna og hagræði.“ Á undanförunum árum hafa aðbúnaðarkröfur verið hertar í flestum búgreinum. Hermann Ingi segir þær hafa ýtt bændum í eðlilegar endurbætur, enda sé nauðsynlegt að nútímavæða aðstöðuna. Það sé engin framtíð í því að mjólkurframleiðsla á Íslandi sé byggð á básafjósum. „Þó þau séu ágæt til síns brúks, þá viljum við sjá greinina á öðrum stað. Við sjáum í þessum nýju fjósum þar sem er róbót og lausaganga, þá eru komnar meiri afurðir eftir hverja kú. Það er bæði loftslagsvænt og hagkvæmt,“ segir Hermann Ingi.

ÁL

Akuryrkja:

Kornuppskera misjöfn

– Bændur vilja eiga kost á uppskerutryggingum

Bændur eru flestir búnir eða langt komnir með þreskingu á byggi og öðru korni. Víðast hvar var uppskera góð þótt kalt og blautt vor hægði á vexti.

Í Bryðjuholti í Hrunamannahreppi í Árnessýslu má tala um uppskerubrest, en Samúel U. Eyjólfsson segist ekki hafa fengið nema 40 prósent af því sem búast má við í eðlilegu ári. Mesta tjónið varð vegna óveðurs seinni hlutann í september og brotnaði axið af stórum hluta stráanna. Mestur hluti byggsins hafi því hrunið á akurinn. „Maður notar þetta ekki í fóður sem er á jörðinni,“ segir Samúel. Nú séu álfur komnar í stykkinn og greinilegt sé að þær hafi nóg að éta.

Meðaluppskeran hjá honum var undir tveimur tonnum af óþurrkuðu korni af hverjum hektara í haust, en í fyrra var uppskeran 4,2 tonn á hektarann, sem var slakt meðaltal. Á góðum árum megi búast við fimm tonnum.

Samúel hefur rætt við sveitunga sína og af þeirra tali að dæma var tjónið í Bryðjuholti nokkuð staðbundið og uppskeran góð á þeim jörðum sem voru í skjóli fyrir rokinu. Uppskerubresturinn hafi í raun verið hrein óheppni og Bryðjuholt hafi lent sérstaklega illa í vindstrengjum. „Þegar vindurinn fer yfir 30 metra í hviðum, þá er það ansi mikið.“

Áhættusamur búskapur

Samúel segir að kornið hafi verið tilbúið áður en óveðrið skall á, en tafir urðu á þreskingu þar sem vél sem þakkar bygginu í svokallaðar pylsur hafi verið í notkun annars staðar. Útbúnaðurinn sé leigður af bændum í Flóa sem gátu ekki séð af honum fyrr, enda voru þeir sjálfir í kappi við tímann. „Ef það hefði verið önnur pylsvél hérna upp frá, þá hefði verið hægt að taka ansi marga hektara á þeim dögum sem voru þurrir,“ segir Samúel. Hann gagnrýnir að í aðgerðaráætlun stjórnvalda um eflingu kornræktar sé hvergi talað um að fjölga vélum sem þessum.

Hann náði að þreskja einn akur áður en óveðrið skall á, en þar var uppskeran einnig undir meðallagi. Samúel telur ástæðurnar fyrir því vera annars vegar kalt og blautt vor og óveður í byrjun september sem braut hluta kornsins.

Aðspurður um uppskerutryggingar segir Samúel að hann myndi skoða þær ef kjörin væru sanngjörn. Þetta sé áhættusamur búskapur og bændur geti búist við uppskerubresti á nokkurra ára fresti. „Við höfum áður fengið slæm ár, en þetta var kannski mesta rokið sem við höfum lent í,“ segir Samúel og bætir við: „Það eru ekki jól alla daga í þessu.“

Blautt vor í Meðallandi

Á Sandhóli í Meðallandi í Vestur-Skaftafellssýslu er umsvifamikil ræktun á byggi, höfnum og olíureppju. Örn Karlsson, segir byggið hafa skemmt að hluta til vegna vætutíðar í vor og því sé uppskeran rýr. Korninu var sáð í byrjun maí og rigndi nánast látaust í mánuð þar á eftir.

Þá mynduðust pollar á ökrunum og skemmdist byggið þar. Þroski þess var þó góður og hafði það náð 22 prósent rakastigi þegar það var þreskt núna í september. Uppskeran á höfnum og repju hefst ekki fyrr en í október og reiknar Örn með að byrja þreskingu um það leyti sem Bændablaðið kemur út. Hann segir mjög slæmt ef uppskeran fer undir



Þresking korns á Skeiðunum.

Mynd / AL

þrjú tonn á hektarann og í ár var hún ekki nema tvö og hálf tonn. Til samanburðar náðust fimm tonn af byggi af hverjum hektara í fyrra.

Kornbændur hafi fá úrræði þegar þeir lenti í uppskerubresti og segir Örn að það væri mikið framfaramál að koma á fót tryggingakerfi eins og tíðkast erlendis. Starfsbræður hans utan Íslands geti keypt slíka þjónustu af tryggingafélögum, sem endurgreiði þá hluta tjónsins og minnki höggið.

Hafrar líta vel út

Örn segir hafrana líta vel út, þó það segi ekki til hver uppskeran verði. Hafrar séu þolnari en bygg fyrir vætu og því líklegt að rigningatiðin í vor hafi ekki spilt. Veðurþol þeirra á haustin er prýðilegt. Repjan nái jafnframt að standa af sér vind og er því hættuminna að draga þreskingu hennar fram á haustið.

Rigning tefur á Fljótsdalshéraði

Á Breiðavaði við Eiðapinghá á Fljótsdalshéraði höfðu bændur ekki komist í þreskingu vegna bleytu. Einungis ein þreskivél sé á svæðinu og segir Jón Elvar Gunnarsson að hún hafi ekki náð að koma til sín þá fáu þurru daga sem hafa verið. „Það sem er búið að þreskja var tekið á hlaupum þegar rigningunni slotaði.“ Væri tíðin betri reiknar hann með að búið væri að þreskja allt korn á sínu svæði.

Hann hefur heyrt frá sveitungum sínum sem segjast nokkuð ánægðir með sína uppskeru. Þó svo að óveður hafi herjað á Austurland í september heft Jón Elvar ekki til þess að korn hafi brotnað. Það hafi ekki verið mjög hvasst, heldur var mikil rigning. „Ég held að það hafi bjargað því að hitinn var réttum megin við núllið. Þetta féll sem vatn, ekki sem slydda eða snjókoma.“

Góð uppskera í Eyjafirði

Á Torfum í Eyjafjarðarsveit hefur gengið vel að þreskja og segir Þórir Níelsson uppskerumagnnið mikið og kornið þroskað. „Í byrjun september gerði rok, og þá lagðist dálítið, svo hafa komið tvö veður eftir það,“ segir Þórir.

Uppskeran sé þó ekki búin, því vegna rigningar hefur ekki alltaf verið hægt að keyra tækjum út á akra. „Það er búið að ganga vel á meðan það er hægt að vera við þetta, en við eigum talsvert eftir.“ Þórir hefur ekki tekið nákvæmlega saman hversu mikil uppskeran var á hektarann, en skýtur á að það hafi verið á bilinu sjö til átta tonn af blautu korni. Hann hefur ekki heyrt af neinum bónda

í nágrenni við sig sem hefur lent í uppskerubresti, þó einn og einn akur hafi farið illa vegna ágangs fugla.

Þórir sýrir allt sitt korn, en segir að betra væri að hafa aðgang að þurrkstöð. Þær séu til staðar í Eyjafirði, en afköstin þeirra það lítil að færri komist að en vilja. Þurrkstöðvar séu grundvallaratriði ef til standi að efla kornrækt í landinu, eins og stjórnvöld hafa talað um. „Það þarf að gerast eitthvað í alvörnunni, ekki bara alltaf að tala og hugsa.“

Frost í jörðu í Skagafirði í vor

Í Keldudal við Hegranes í Skagafirði náðist góð kornuppskera en þar var þreskt upp úr miðjum september. Þórarinn Leifsson bóndi segir að sáning hafi gengið vel, en svo hafi frost verið lengi að fara úr jörðu. „Þetta fór hægt af stað út af kulda og síðan var sólarlítið sumar.“ Í lok ágúst og byrjun september hafi verið hlýindi sem hafi bætt í vöxtinn. Uppskeran sé líðlega fimm tonn á hektara miðað við þurrt bygg og þroskinn í tæpu meðallagi.

Slapp við verstu vindstrengina í Víðidal

Hartmann Bragi Stefánsson, bóndi á Sólbakka í Víðidal, er ánægður með uppskeru ársins í ár. Hann framkvæmdi ekki nákvæmar uppskerumælingar, en það hafi fengið nálægt sex tonnum á hektarann af blautu byggi. Fyrstu akrarnir voru þresktir 19. september og kláraðist allt dagana þar á eftir. Góð uppskera hafi jafnframt fengið af hálsi.

Meðan á þreskingu stóð komu tveir vindasamir dagar sem bældu hluta kornsins, þó ekki þannig að það legðist alveg á jörðina. Hartmann segir þreskivélina hafa náð því með því að slá aðeins neðar og hæggar. Sólbakki er staddur í lægð í landslaginu sem veitir skjól fyrir ákveðnum vindáttum, en steinsnar frá hafi orðið meira tjón á ökrum.

Á Jaðri í Borgarfirði var bygg-upskeran sæmileg. Eiríkur Blöndal segir að akrarnir hjá sér hafi þó verið nokkuð misjafnir þar sem veðurskilyrðin í vor voru óhagstæð. Jafnframt varð nokkurt foktjón í norðanroki núna í haust. Eiríkur sáði byggi af yrkjunum Smyrli og Hermanni. Það fyrrnefnda segir hann hafa staðið sig betur, á meðan hið síðarnefnda sé mjög uppskerumikið á meðan það þoli illa rokið. Eiríkur þurrkar alla sína uppskeru með kornþurrkara sem nýtir jarðvarma og er staðsettur rétt hjá Jaðri. /ÁL

LÍFLAND

BÆNDAFUNDIR LÍFLANDS

3-5. OKTÓBER


3.okt. kl. 12-15 Verslun Líflands Hvolsvelli	3.okt. kl. 19-21:30 Hótel Selfossi
4.okt. kl. 12-15 Verslun Líflands Borgarnesi	4.okt. kl. 19-21:30 Verslun Líflands Blönduósi
5.okt. kl. 12-15 Hótel Varmahlíð	5.okt. kl. 19-21:30 Verslun Líflands Akureyri

Veitingar, happdrætti, umræður og fræðsla
Hlökkum til að sjá þig

Nánari upplýsingar og skráning á lifland.is



100% RAFMAGNSBÍLL TOYOTA bZ4X



Verð frá: 7.350.000 kr.

KINTO Langtímaleiga. Verð frá: 166.000 kr.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota-bílum.

FRÉTTIR

Minkarækt:

Verð skinna mjög lágt

Í september fór fram uppboð á minkaskinnnum hjá Saga Furs í Finnlandi. Meðalverðið var langt undir framleiðslukostnaði.

Einar Eðvald Einarsson, minkabóndi á Syðra-Skörðugili, segir það jákvæða við uppboðið að líðlega níftu prósent skinnanna seldust, sem sé meira en í fyrra. Meðalverð íslenskra skinna á árinu voru tæpar fjögur þúsund krónur á meðan framleiðslukostnaðurinn er á bilinu sjö til átta þúsund krónur. Þetta var síðasta uppboð ársins.

Áföll greinarinnar hafa verið stór undanfarin ár. Fyrst féll skinnaverðið árið 2016 í kjölfar mikillar offramleiðslu árið á undan.

Covid-faraldurinn lokaði síðan á stærstu markaðina í Asíu. Einar segir þröngingur greinarinnar yfirleitt ekki hafa varað nema í þrjú til fjögur ár. Núna hafi minkabændur farið í gegnum átta ára samdráttarskeið, sem sé einsdæmi.

Íslenskir minkabændur hafa í gegnum tíðina selt sín skinn á uppboði í Kaupmannahöfn. Eftir hrun greinarinnar í Danmörku hafi þeir fært sig til Saga Furs í Helsinki í Finnlandi. „Ég er ekki bjartsýnn á framtíðina, en auðvitað vonar maður að einhverjir standi þetta af sér,“ segir Einar. Árið 2015 hafi verið 32 starfandi minkabú á landinu, á meðan þau séu átta í dag. /ÁL



Veðrið lék við bæði hesta og menn í Laufskálaréttum en um 400 hross eru rekin þangað frá Kolbeinsdal.

Mynd / Henk Petersen

Um 500 manns á hesti

– Laufskálaréttir ávallt vinælar

Ein stærsta stóðrétt landsins fór fram síðastliðna helgi, laugar-daginn 30. september.

Stóðrekstrarstjóri var Ólafur Sigurgeirsson á Kálfsstöðum og Bergur Gunnarsson á Narfastöðum hafði yfirumsjón með réttarstörfum.

Bændablaðið ræddi við Berg Gunnarsson sem sagði að allt hafi tekist með miklum ágætum. „Veðrið lék við okkur, það var algjörlega frábært, og rekstrarstörf gengu vel. Í góðu veðri eru allir rólegir og slakir, bæði hestar og menn. Reksturinn gekk vel en í heildina eru þetta um 400 hross, sem skiptist í um 300 fullorðin hross og 100 folöld, sem rekin eru frá Kolbeinsdal og niður í Laufskálarétt.“

Bergur segir að í ár hafi metfjöldi fólks tekið þátt í rekstrarstörfum og riðið með rekstrinum.



Bergur Gunnarsson.

Mynd Freydis Bergsdóttir

„Við smölunina töldum við tæplega 500 manns sem mættu á hesti, en það er með því mesta sem verið hefur. Þetta er blandaður hópur knapa, bæði eru þarna eigendur sem

eru að sækja sín hross úr dalnum og fólk sem tengist þeim en það eru um 20 bæir sem nýta sér afréttina þó fleiri eigi rétt á upprekstri. Svo er einnig töluverður fjöldi sem mætir í gegnum hestatengda ferðþjónustu, en þó nokkur fyrirtæki bjóða upp á ferðir tengdum Laufskálaréttum.“

Bergur segir að Laufskálaréttarhelgin sé ein stærsta helgin í Skagafirði ár hvert. „Það er gaman að sjá hvað hesturinn hefur mikið aðdráttarafl en á föstudagskvöld mættu um 800 manns á reiðhallarsýningu í Svadaðastahöllinni, en sýningin er haldin í tengslum við Laufskálaréttir. Á laugardeginum töldum við svo að um 2.500 manns hefðu komið í réttirnar meðan að réttarstörf stóðu yfir, sem er með mesta móti. Allt gekk þetta vel og slysalaut fyrir sig,“ segir Bergur að lokum. /þag

Kjótvinnsla:

Fræðslumyndbönd um úrbeiningu

Nýlega voru fræðslumyndbönd um úrbeiningu og sögun á lambskrokkum gerð aðgengileg á vef Vörusmiðjunnar BioPol á Skagaströnd.

Er myndbandaframleiðslan hluti af samstarfsverkefni á milli Vörusmiðjunnar og Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra. Nýlega lauk tökum á sambærilegum fræðslumyndböndum um vinnslu á ærskrokkum og eru þau nú í eftirvinnslu.

Frá hugmynd að tilbúinni vöru



Sigfríður Jódís Halldórsdóttir kjötiðnaðarmeistari og Þórhildur M. Jónsdóttir á tökustað.

Að sögn Þórhildar M. Jónsdóttur hjá Vörusmiðjunni er markmið samstarfsins að auka færni hjá þeim sem vilja fara í matvælaframleiðslu. „Það hafa verið haldin yfirgripsmikil námskeið í samstarfi við Beint frá býli þar sem farið er yfir allt ferlið frá hugmynd að tilbúinni vöru. Við höfum fundið fyrir mikilli þörf á dagsnámskeiðum þar sem þátttakendur gætu gert hlutina sjálfir og lært aðferðir. Síðustu ár hefur verið boðið upp á fjölbreytt námskeið þar sem hefur verið farið í grunnþætti á framleiðslu á matvællum og hafa þau námskeið verið vel sótt.“

Við vildum svo gera betur og búa til fræðslumyndbönd bæði fyrir þá sem hafa komið á námskeið til okkar og þá sem vilja auka færni sína í að úrbeina, saga og ganga frá kjöti. Allir kannast við að fara á námskeið og læra handtökin og svo líður langur tími þar til þarf að nýta þekkinguna

aftur og þá hefur fennit örlítið yfir þekkinguna. Þá er svo gott að geta rifjað upp hvernig þetta er gert með því að skoða fræðslumyndböndin.“

Fínir leiðbeinendur

Þórhildur segir að góðir leiðbeinendur standi að námskeiðunum hjá Farskólanum. „Sigfríður Jódís Halldórsdóttir er ein af þeim. Hún er kjötiðnaðarmeistari með áralanga reynslu í verkun og vinnslu á kjöti. Eins og sést í þessum fræðslumyndböndum þá er handbragðið fuðlaust og svo fylgir mikil fræðsla um vöðva og hvernig megi nýta skrokkana.“

Hún segir að myndböndin séu stutt og hnitmiðuð til að auðvelda fólki að hagnýta sér þau í afmarkaða vinnslu. Nýju myndböndin eru væntanleg von bráðar inn á vefinn. Myndböndin eru aðgengileg á slóðinni vorusmidja.is/ fraedsla. /smh

Einstök upplifun

– Miklar vinsældir Laufskálarétta

Elvar Einarsson, hrossaræktandi og bóndi á Syðra-Skörðugili í Skagafirði, sækir Laufskálaréttir heim ár hvert.

Elvar, ásamt fjölskyldu sinni, býður upp á hestatengda ferðþjónustu í Skagafirði og nágrenni og m.a. ferðir í Laufskálaréttir á haustin. Í ár reið Elvar með hóp erlendra ferðamanna til rétta. Í hópnum voru Svíar, Norðmenn og Finnar ásamt framkvæmdanefnd síðasta heimsmeistaramóts sem haldið var í Hollandi nú í sumar.

Elvar segir að dagurinn hafi verið frábær í alla staði. „Það var geggjúð upplifun að ríða í dalinn á laugardeginum, veðrið var algjörlega frábært og það var svo mikil ró yfir öllu.“

Vakið hefur athygli hversu margir mættu ríðandi í dalinn en talið er að um 500 manns hafi verið á baki. „Ég hef aldrei verið á hestbaki í svona stórum hóp og held að jafnvel fleiri en 500 manns hafi verið á baki. Þetta var einn af mínum merkilegustu dögum sem ég hef lifað, dagurinn var í alla staði frábær,“ segir Elvar.

Aðspurður hvers vegna Laufskálaréttir séu jafn vinsælar og raun ber vitni segir Elvar að það sé margt sem heilli. „Náttúran og landslagið í Kolbeinsdal er einstakt. Þar er mikil saga og fjöldi gamalla eyðibýla sem riðið er fram hjá. Að fá tækifæri að ríða með svo stórum hópi knapa og lausra hrossa í rekstri er ekki eitthvað sem er í boði á hverjum degi. Það er mikilfengleg sjón að sjá stóðir koma niður úr Kolbeinsdal og í réttina. Svo eru Skagfirðingar einstaklega góðir gestgjafar og hingað er gott að koma.“



Elvar segir að lokum að þeir bændur og eigendur hrossanna sem reka hross á fjall í Kolbeinsdal og standa fyrir Laufskálaréttum eigi þakkir skildar fyrir að halda í þessa hefð. „Það er ekki sjálfgefið að bændur nenni að standa í þessu og að fá yfir sig fjölda af ferðamönnum, bæði íslenskum og erlendum, við réttarstörf. Frá því að ég man eftir mér þá hafa Laufskálaréttir verið stórvíðburður og gleðin verið við völd og verður þannig vonandi áfram um ókomna tíð.“ /þag



Elvar Einarsson á Syðra-Skörðugili reið með hóp af Svíum, Norðmönnum og Finnum ásamt framkvæmdanefnd síðasta heimsmeistaramóts sem haldið var í Hollandi nú í sumar.

Myndir / Asdis Ösk Elvarsdóttir

TILBOÐ MÁNAÐARINS*

18% AFSLÁTTUR af búnti af 70mm staurum (203 stk.)

+ KAUPAUKI

Rúlla af gaddavír og rúlla af girðingarneti fylgja FRÍTT með.

Þú velur grænt eða galv. 5, 6 eða 7 strengja.

TAKMARKAÐ MAGN

139.900 kr. m/vsk.

* Tilboðið gildir í október 2023 eða á meðan birgðir endast.

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvalsóllur
Duftþakbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FÓÐURBLANDAN



TÍMI TIL AÐ NJÓTA OSTA

Ostóber



GLEÐILEGAN OSTÓBER!



Besti tíminn til að gera vel við bragðlaukana er á íslenskum ostadögum í október. Leyfðu ímyndunaraflinu að ráða og prófaðu að para alls kyns meðlæti við fjölbreytta osta.

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Sigurður Már Harðarson (áb.m.) smh@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is – Þórdís Anna Gylfadóttir thordisanna@gmail.com

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins. Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublað) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

SKOÐUN

Sjálfbærni

Hér í blaðinu er fjallað um tvö málefni sem hafa snertifleti við hið fagra hugtak „sjálfbærni“, að vera sjálfum sér nægur.

Annars vegar er fréttaskýring um stöðu íslenskra garðyrkjubænda, í raun þá stöðnun sem ríkir í þessari grein innlendirar frumframleiðslu matvæla. Hin er umfjöllun um lífrænu efnin sem hafa farið til spillis sem úrgangur, en munu verða að nýrri auðlind í eigu Íslendinga eftir að bann við urðun þeirra var lögfest um síðustu áramót. Hún mun verða farvegur fyrir innlenda sjálfbæra áburðarframleiðslu.

Skýrsla um fæðuöryggi á Íslandi var gefin út árið 2021, þar sem höfundar eru kennarar við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum.

Í fæðuöryggishugtakinu felst sú víska að ekki sé fæðuskortur. Forsenda fyrir fæðuöryggi þjóða er sjálfbærni. Annaðhvort ertu öruggur eða ekki. Og ef þú ert ekki sjálfbær ertu háður einhverjum öðrum og þar með óöruggur.

Skýrslan fjallar um möguleika Íslands á að „auka fæðuöryggi“, sem þýðir að í henni er innlend matvælaframleiðsla kortlögð og möguleikar hennar til vaxtar. Einnig er skoðað hver áhrifin yrðu á framleiðsluna ef upp kæmi skortur á aðföngum sem nýtt eru til framleiðslu á grunnhráefnum til matvælaframleiðslu. Það er hollt að rifja reglulega upp innihald skýrslunnar.

Í skýrslunni kemur fram að matvælaframleiðsla á Íslandi byggist á landbúnaði, fiskveiðum og fiskeldi. Landbúnaðarframleiðslunni sé hægt að skipta upp í nokkrar greinar. Garðyrkju, sem sér þjóðinni fyrir grænmeti, jarðrækt þar sem fóður er framleitt en einnig korn og olía til mannelis og loks búfjárrækt þar sem dýraafurðir eru framleiddar, eins og kjöt, mjólk, og egg.

Innlend garðyrkja sér innanlandsmarkaði fyrir um 43 prósentum af framboði grænmetis, búfjárræktin er með um 90 prósent af kjöti, innlend egg eru um 96 prósent af framboðinu og mjólkurvörur 99 prósent. Innlend framleiðsla á korni til mannelis er um eitt prósent af heildarneyslu.

Nýlega ákváðu stjórnvöld að styðja við kornrækt í landinu með tveggja milljarða króna framlagi til greinarinnar, til næstu fjögurra ára. Það er gert í þeim tilgangi að auka hlutdeild innlendirar kornframleiðslu á markaði til mannelis og fóðurframleiðslu.

Óumdeilt er að á Íslandi má rækta mun meira af grænmeti en gert er í dag. Og með góðum vilja stjórnvalda má gera Ísland sjálfbært í þessari grein landbúnaðarins – og stuðla þar með að auknu fæðuöryggi.

Markaðshlutdeildin af innlendu grænmeti hefur lítið breyst á síðustu árum þrátt fyrir áform stjórnvalda og vilyrði um að sköpuð verði skilyrði til veglegs vaxtar – eins og kemur fram í fréttaskýringunni hér í blaðinu.

Í skýrslunni eru tilteknir nokkrir takmarkandi þættir í innlendi garðyrkjufurframleiðslu. Þar er raforkuverð talinn vera einn helsti þátturinn. Við endurskoðun búvörusamninga hafa garðyrkjubændur lagt áherslu á framleiðsluhvetjandi starfsskilyrði garðyrkjunnar, meðal annars með því að festa niðurgreiðslu á dreifingarkostnaði raforku í 95 prósentum á hvert býli. Í dag eru greiðslurnar föst upphæð í einum potti sem þynnast út ef bændur auka umfang sinnar ræktunar.

Útiræktun grænmetis er í dag mjög háð innfluttum tilbúnum áburði, sem er einnig takmarkandi þáttur hvað varðar sjálfbærni greinarinnar. Auk þess sem þar er sama letjandi stuðningfyrirkomulagið og í ylræktinni.

Ísland er auðugt land, býr yfir auðlindum sem nota má með markvissum hætti til að þróa sjálfbærar búgreinar landbúnaðarins.

/smh

Ekki benda á mig

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Undanfarna mánuði hefur verið talsverð umræða um afkomu bænda við hefðbundinn landbúnað. Þar hefur komið fram gríðarlegur vandi bænda að ná endum saman við rekstur búa hvert sem lítið er, hvort sem er við kjötframleiðslu eða mjólkurframleiðslu og ekki síður frumframleiðslu almennt.

Þar eru hækkanir á aðföngum mest afgerandi og ekki síður launahækkanir sem er kostnaðarauki í rekstri. Á síðastliðnu ári voru greiddar út „sprettgreiðslur“ til að bregðast við grafalvarlegri stöðu sem hótaði að knésetja íslenskan landbúnað. Staðan var þó ekki afmörkuð við Ísland þar sem margar aðrar þjóðir í kringum okkur sáu einnig ástæðu til að leggja landbúnaðinum heima fyrir lið, vegna hækkaðs aðfanga á heimsmarkaði í kjölfar heimsfaraldurs. Að rúmu ári liðnu hefur staðan því miður ekki breyst til hins betra nema að litlu leyti. Áburður hefur lækkað lítillega í verði en á móti hefur fóðurkostnaður hækkað. Fyrir sauhjúrbýli hefur þetta haft ögn jákvæð áhrif en fyrir mjólkurbýli hefur hækkan fóðurkostnaðar meira að segja og hefur rekstrarkostnaður því hækkað enn meira en í fyrra. Bændur um allt land í öllum búgreinum hafa verið að gera hvaðeina sem í þeirra valdi stendur til að hagræða í sínum rekstri en það hefur ekki dugað til þannig að fleiri og fleiri eru að sjá á eftir launum. Það er ekki staða sem getur gengið áfram og engin sanngirmi í því.

Við lestur fjárlagafrumvarpsins er engin vísbending um aukin framlög til landbúnaðar, að undanskildu auknu fjármagni til eflingar kornræktar en engin teikn á lofti um hvernig stjórnvöld hafa í hyggju að koma til móts við afkomuvanda í greininni. Í síðustu viku lögðu fulltrúar bænda fram kröfugerð vegna



endurskoðunar á búvörusamningum og er hægt að glöggva sig á kröfugerðinni á vefsíðu Bændasamtakanna, www.bondi.is. Nú er beðið eftir viðbrögðum frá matvælaráðherra og fjármálaráðherra en þrátt fyrir lítið skyggni er það eftir sem áður von okkar að samningsaðilar komi til móts við þann gríðarlega vanda sem landbúnaður stendur frammi fyrir í gegnum búvörusamninga því það er raunverulega besta leiðin fyrir heimilin og almenning í landinu til að halda aftur af verðbólgunni, að öðrum kosti verðum við alltaf á hringekjunni og menn sjá sér þá einn kost nauðugan að velta hækkanum út í verðlag. Þá tapa allir.

Vaxtahækkanir hafa bitið fast í íslenskan landbúnað sem hefur gengið í gegnum mikla hagræðingu undanfarin ár með tilheyrandi fjárfestingu í starfsaðstöðu og tækjum.

Nautgripa-, svína- og alifuglabú hafa komið sérstaklega illa undan þessari þróun þar sem þau hafa bæði hagrætt mikið og fjárfest til að gera aðbúnað búdyra sinna sem bestan. Nú er þessum býlum að refsast að hafa lagt af stað í þessa vegferð. Gagnrýnin liggur einnig í dýru

lánsfé, markaðurinn í dag eru óverðtryggð lán með 12–13% breytilegum vöxtum. Öll lán til fyrirtækja eru á breytilegum vöxtum sem þýðir að allar stýrivaxtahækkanir hafa bein áhrif strax. Möguleikar fyrir nýliða til að koma inn í greinina eru því vandasamir.

Ábyrgðinni er samt alltaf velt á bændur. Þeir eiga að hagræða í sínum rekstri, framleiða gæðavörur með lágu kolefnisspori, undirgangast auknari kröfur en viðgengst með innflutt matvæli en tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Á Búnaðarþingi 2009 ályktuðu bændur um fæðuöryggi þjóðarinnar þar sem kallað var eftir heildstæðri greiningu á fæðuöryggi þjóðarinnar, að farið yrði yfir stöðuna á framleiðslunni hér á landi, lágmarksbirgðir yrðu skilgreindar og nauðsynleg aðföng til innlendirar framleiðslu og að metið yrði hvar þyrfti að efla innlenda matvæla- og fóðurframleiðslu.

Svo hafa árin liðið, með næstum jafnmörgum skýrslum, en enginn er reiðubúinn að gangast við ábyrgðinni en allir reiðubúnir að benda í aðrar áttir og á meðan starfa bændur við letjandi starfsskilyrði.

GAMLA MYNDIN



Mynd úr safni Bændasamtakanna. Með henni fylgir vérlitaður miði sem á stendur: „Helga á Engi í félagsskap „vina sinna“, Skjóna frá Vatnsleysu í Biskupstungum og Kolbrúnar frá Sveinskoti á Alftanesi. Helga er einn af þessum „auðkýfingum sálarinnar“, sem í landi okkar hefur barizt við örbirgð og erfiðleika í einstæðingsskap æskuára og ekkjúdómi proskaára. Hennar auðlegð er endurnærð hrifning í sibyllju í hvert skipti sem hún heyrir, sér eða skynjar einhverja fegurð, listsköpun, kærleika eða sigraða sorg.“ Helga Þórðardóttir Larsen frá Engi var fædd 1901 og lést 1989. Hún ólst upp í Tungunum og flutti til Reykjavíkur um tvítugsaldurinn. Hún giftist í Danmörku en missti mann sinn 1937. Árið 1952 fluttist hún að Engi í Mosfellssveit. Árið 1963 kom út viðtalsbók um hana, rituð af Gísla Sigurðssyni, sem bar titilinn Út úr myrkrinu. Af heimildum að dæma var Helga aðsópsmikil og skörungur hinn mesti.

/ÁL



Trausti Víglundsson framreiðslumeistari og stjórnar-meðlimur Iðnaðarmannafélagsins, og Valgerður Haraldsdóttir, verslunarstjóri IÐNÚ bókabúðar.



Ragnar Wessman, matreiðslumeistari og fyrrv. kennari, sagði frá hvernig verkið varð til. Myndir / IÐNÚ



Heiðar Ingi Svansson, framkvæmdastjóri IÐNÚ, útgáfu ávarpaði gesti.



Úrbeinað lamb.

Vefbókin Matreiðsla

– Aldrei áður verið gefið út jafn viðamikili efni um matreiðslu

Vefbókin Matreiðsla var gefin út fyrir skemmstu hjá Iðnú útgáfu. Um nýjung er að ræða í útgáfu matreiðslubóka á Íslandi, því aldrei hefur jafn viðamikili námsefni í matreiðslu verið gefið út í einu riti.

Bókin er ætluð til kennslu á fyrsta þrepi matvælabrauta en er jafnframt hugsað fyrir almenning, en farið er vel yfir grunnþætti matreiðslu.

Útgáfuhófi var haldið miðvikudaginn 27. september í bókabúð IÐNÚ í Brautarholti 8, þar sem gestum var gefið tækifæri til að ræða við höfunda, kynna sér vefbókina og gæða sér á léttum veitingum.

Það eru nokkrir kennarar í Menntaskólanum í Kópavogi sem standa á bak við útgáfuna og hefur mikið verið lagt upp úr því að gera kennsluefnið aðgengilegt, myndrænt og lifandi.

Í bókinni eru einnig myndir af ýmsum aðferðum sem matreiðslumenn þurfa að kunna, sýndar skref fyrir skref – hvort sem það er soðgerð eða þrif á vinnuborði. Karl Petersson tók ljósmyndir fyrir bókina og gerði einnig myndbönd, gagnvirkar orðskýringar og verkefni.

Hægt er að kaupa aðgang að vefbókinni á slóðinni vefbok.is. /smh



Kennsla í soðgerð á myndrænan hátt.



Veitingar frá LUX veitingum.



Dýrfinna Guðmundsdóttir, rit- og verkefnastjóri IÐNÚ útgáfu.



Úrbeinuð rjúpa.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Það má segja, að varla vænti maður póstsendinga. Þær enda strjálást svo, að einungis annan og þriðja hvern dag þurfi að kíkja í kassann. Við erum enda búin fyrir giska löngu síðan að frábiðja okkur allar ruslpóstsendingar. Sú var tíðin í sveitinni hér á árum fyrr, að mikil eftirvænting ríkti á póstsendingardögum. En sem betur fer er þó alltaf einhver að vænta. Nú á dögumum barst póstsending frá **Davíð Hjalmar Haraldssyni**, hagróingi og skáldi á Akureyri. „Áttunda Davíðsbók“ hins ástsæla hagróings, fagurlega árituð af höfundum með svofelldum hætti:

Viltu, kærri Geirhjórtur og góði, göfgi, spaki, víðsýni og fróði, af dálki þínum drjúgum eyða bít í Davíðsbók sem nú er komin út.

Bókin geymir mestan part ljóð, en einnig stökur, spökur sem og þýðingar. Það sem af er lestri, sannfærast ég fyrir fullt og fast, að Davíð er einn af mínum uppáhaldshöfundum. Bókin er hreint gersemi og eiguleg öllum þeim sem eitthvað fást við ljóðalestur og vísna. Fyrst ber fyrir fallegt ljóðkorn sem Davíð nefnir „Eftirgjöld“:

Haustið með hélusvala hrífsar af sumri völdin, leggur svo leigugjöldin á lundina, hól og bala.

Haustið með stolti stilltu strýkur á víði kollinn, heimtir af honum tollinn; handfylli af laufi gylltu.

Náttúrljóðin eru hrein orðsnilld, eins og til dæmis þetta: „Þú kemur“.

Þú kemur hér, vængjalétt vorið, að vestan og austan og sunnan og glettist við rífsberja rannann og reyninn, svo kelið og þorið.

Þú kemur með vætu og vinda, ferð verandi höndum um stráin svo lifna við blómsef og bláin en blæfuglar leika við tinda.

Nú vonglaður víðirinn brumar og varppróstur syngur í birki. Um miðnætti mansöng þér yrki. Að morgni þú breytist í sumar.

Davíð býr yfir fullkominni þekkingu á bragarháttum. Undir fornryðislagi er þessi vísa:

Liðið er sumar, lengjast nætur. Hrollkaldir vindar hækka róminn. Síðasta rósín sölnuð fellur. Fargestir fleygir flognir brott.

Mjúklátur maðkur í mold er skriðinn. Hlaupa úr holu heim til bæja skæreygar mýs og skotti þryddar. Voldugur vetur við völd er sestur.

Náttúrustökur fylla svo þátt þessa einstaka hagróings, Davíðs Hjalmar Haraldssonar:

Klæða lindir svalblá svell, sofa björk og heggur. Sólin létt á Fálkafell fölan vanga leggur.

Heilsar jörðu kolbrýntkvöld, kveikir ljós í skugga. Drottinn heiðblá himintjöld hengir fyrir glugga.

Hlíðarfjall nú hlær við sól, hlákublátt um vanga. Undir fölum fannakjól felur svarta dranga.

Semur ljóð um rós og reyni rámur hrafn á svörtum kjól. Grýlukerti á Gráasteini grætur brosmild páskaól.

Umsjón: **Árni Geirhjórtur Jónsson** kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Gunnar Örn Petersen við veiðar í Sandá í Þistilfirði. Mynd / Ásta Guðjónsdóttir

Laxveiði:

Dræm veiði í ám

Almennt var veiði í laxveiðiám landsins frekar dræm í sumar, að undanskildu norðausturhorninu og í Rangánum.

Flestar árnar fara að loka fyrir veiðar þó einhverjar haldi veiðum áfram fram í október.

Langvarandi þurrkar og vatnsleysi í ám hafa haft mikil áhrif á veiðina og gerðu mönnum erfitt fyrir. Samkvæmt frétt á [angling.is](#) töluðu veiðimenn á Vesturlandi jafnvel um hamfarir í þeim efnun en vatnsmeiri ár á Norðurlandi og norðausturhorni komu best út úr þurrkunum.

Í lok ágúst lifnaði þó nokkuð yfir veiðinni með tilkomu vætu og veðrabreytinga. Laxveiði tímabilinu

er lokið í Miðfjarðará og veiddust þar 1.334 laxar á 10 stangir samanborið við 1.522 veidda laxa í fyrra. Í Rangánum þrem – Ytri Rangá, Hólsá og Eystri-Rangá – hefur einnig verið lakari veiði heldur en árið áður. Í Eystri-Rangá hafa veiðst í ár 2.347 laxar á 18 stangir en í fyrra veiddust 3.807. Veiðum er þó ekki lokið í Rangánum en þar er veitt til 20. október.

Veiði í Selá, Haffjarðará og Laxá í Aðaldal hefur þó gengið vel og er fjöldi veiddra laxa ívið meiri en árið áður. Í Selá veiddust 1.234 miðað við 1.164 í fyrra. Í Haffjarðará veiddust 905 miðað við 870 í fyrra og veiðst hafa 685 laxar í Laxá í Aðaldal en 402 samanborið árið áður. /þag

Blóðtaka úr hryssum

– Telst sem vísindaleg starfsemi

Matvælaráðuneytið hefur tilkynnt að blóðtaka úr fylfullum hryssum skuli falla undir reglugerð um vernd dýra sem notuð er í vísindaskyni, nr. 460/2017, og er innleiðing á samnefndri Evrópureglugerð.

Sérstök reglugerð sem sett var um blóðtöku í hryssum á síðasta ári, nr. 900/2022, verður felld úr gildi frá og með 1. nóvember nk. Eftirlitsstofnun EFTA metur það svo að blóðtaka úr hryssum sé vísindaleg starfsemi og því samræmist það ekki gildandi EES samningi að hún sé framkvæmd á öðrum grundvelli.

Reglugerð um vernd dýra

Í reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni er kveðið á um að m.a. skuli stuðla að takmörkun á notkun dýra í vísindaskyni og menntunarskyni, stuðla skuli að velferð og virðingu fyrir dýrum sem notuð eru í slíkum tilgangi, og að tryggja að dýr sem notuð eru í slíkum tilgangi séu ekki látin sæta óþarfa álagi.

Íslensk stjórnvöld höfðu áður komist að þeirri niðurstöðu að blóðtaka úr fylfullum hryssum væri ekki í vísindaskyni, heldur framleiðsluskyni, og félli því ekki undir framangreinda reglugerð. Því var sett sérstök íslensk reglugerð, nr. 900/2022, um blóðtöku í hryssum. Þar er kveðið á um að tryggja skuli velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru í blóðtöku, folalda



þeirra og stóðhesta sem notaðir eru til fyljunar þeirra, það verði gert með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skal við að hrossin geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur.

Formkröfur breytast

Sigríður Björnsdóttir, sérgreina-dýralæknir hrossa hjá Matvælastofnun, útskýrir að reglugerð nr. 900/2022, sem nú fellur úr gildi, hafi tekið á þeim frávikum sem komið hafa fram í starfsemi. Reglugerðin hafi verið sett með þarfir hrossa, í þessari tilteknu starfsemi, að leiðarljósi. „Ég tel að það hafi verið framför þegar hún var sett og mun sakna hennar. En það er líka hægt að tryggja velferð hryssanna á grundvelli reglugerðar um vernd dýra sem notuð eru í tilraunaskyni,“ segir Sigríður.

Í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu er greint frá því að þessar breytingar felji í sér að formkröfur til ákveðinna þátta starfseminnar

munu breytast, til dæmis varðandi starfsleyfi sem Matvælastofnun annast. Í reglugerðinni er tekið fram að allir ræktendur, birgjar og notendur skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun og vera skráðir hjá henni. Einnig má gefa út starfsleyfi ef ræktandinn, birgirinn eða notandinn og starfsstöð hans uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Í reglugerðinni er einnig kveðið á um að samantekt um tilraunina skal vera auðskilin og innihaldi upplýsingar um markmið, þann skaða sem reiknað er með að dýrunum verði valdið, vísindalegan og samfélagslegan ávinning, fjöldi dýra og hvernig kröfum um staðgöngu, fækkun og mildun skuli fullnægt. Fordæmi eru þó fyrir því að leyfi séu veitt fyrir starfsemi í framleiðsluskyni undir reglugerð um verndun dýra í vísindaskyni.

Ræktendur þurfa leyfi

Sigríður útskýrir að breytingin sé t.d. sú að ræktendur hrossanna þurfi leyfi fyrir hrossahaldinu, en hrossahaldið þarf að uppfylla reglugerð um velferð hrossa, eins og alltaf hefur verið krafa um.

„Matvælastofnun hefur áður gefið leyfi til blóðtöku úr hryssum á grundvelli reglugerðarinnar um verndun dýra í vísindaskyni og því er ekkert fyrir fram sem útilokar að slíkt leyfi verði veitt að nýju,“ segir Sigríður. /þag

Línur að skýrast um Landsmót 2024

– Úthlutað til Spretts en haldið í Fákí

Óvissa hefur ríkt um Landsmót hestamanna sem halda skal árið 2024. Undirbúningur hefur farið hægt af stað en nú eru línur farnar að skýrast.

Forsaga málsins er sú að Hestamannafélagið Spretur fékk mótið úthlutað og til stóð að halda mótið á félagssvæði þess en áform breyttust þegar líða fór nær móti. Stjórn Spretts ákvað því að óska eftir liðsinni nágretta sinna í Reykjavík, hestamannafélagsins Fákis. Spretur og Fákur hófu í framhaldi viðræður um mótahaldið og var niðurstaðan sú að félagin munu halda Landsmót

hestamanna í sameiningu á félagssvæði Fákis í Víðidal 1.–7. júlí 2024.

Félagssleg skylda

Hjörtur Bergstað, formaður Fákis, er einnig formaður nýstofnaðs félags hestamannafélagsins Fákis og Spretts um Landsmót 2024 (LM2024). „Spretur leitaði til okkar í vor með erindi þess efnis hvort hægt væri að halda Landsmót hestamanna 2024 á félagssvæði Fákis. Erindið var borið undir aðalfund hestamannafélagsins Fákis og það var samþykkt að fara í þessar viðræður.

Niðurstaðan varð sú að LM2024 verður haldið í Reykjavík, á félagssvæði Fákis. Ég tel að okkur, sem reyndum mótshöldurum, beri félagssleg skylda til að aðstoða ef þess er óskað.“ Hjörtur bætir við að stutt er síðan Landsmót var haldið í Fák, árið 2018. „Mótsvæði hefur sannað sig sem burðugt mótsvæði. Innviðir eru klárir, s.s. ljósleiðari, rafmagn, vatn, skólþ o.s.frv. sem einfaldar málið töluvert þegar farið er í stórmótahald.“

Lítill eftirlitsskylda

Skipuð hefur verið stjórn LM2024. Hestamannafélagin Fákur og Spretur skipa tvo fulltrúa hvort í stjórn og einn fulltrúi kemur frá Landsmóti ehf. sem er einkahlutafélag í eigu LH og Félags hrossabænda. Í stjórn sitja Hjörtur Bergstað, formaður, og Leifur Arason fyrir hönd Fákis. Fyrir Spret sitja Lárus Sindri Lárusson, gjaldkeri, og Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Guðni Halldórsson, formaður Landsambands hestamannafélaga situr fyrir hönd Landsmóts ehf.

Aðspurður hvernig undirbúningur fyrir mótið gangi, nú þegar tæpir níu mánuðir eru til stefnu, segir Hjörtur að undirbúningur sé hafinn og gangi vel en ýmislegt hafi komi sér á óvart í þessu ferli. „Aðkoma LH og Landsmóts ehf. hefur komið mér á óvart og hversu lítill eftirlitsskylda þeirra hefur verið. Ég velti líka fyrir mér hvers vegna LH og LM ehf. stígu ekki fyrr inn í verkefnið, veittu ráðgjöf og leiðbeindu, sérstaklega í ljósi þess að til stóð að halda mótið á nýjum mótsstað.“

Framkvæmdastjóri ráðinn

Stjórn LM2024 hefur ráðið Einar Gíslason sem framkvæmdastjóra mótsins. Einar er einnig starfandi framkvæmdastjóri Fákis og mun hann til að byrja með sinna báðum störfum til helminga en þegar nær



Landsmót hestamanna 2024 verður haldið af hestamannafélagunum Fákí og Spreti á félagssvæði Fákis í Víðidal. Mynd / Henk Peterse

dregur mun hann færa sig alveg yfir til LM2024. „Áskell Heiðar, fyrrum framkvæmdastjóri Landsmóts, verður til ráðgjafar og munum við leita til hans eins og þurfa þykir. Við eignum góða mótskýrslu og leiðarvísi frá síðustu mótum sem haldin hafa verið á félagssvæði Fákis sem munu koma að góðum notum við undirbúninginn. Við höfum hingað til haldið undirbúningi á fáum höndum til að flýta fyrir vinnu okkar í ljósi þess hversu stutt er síðan ákveðið var að halda mótið í Víðidal. Á næstu vikum munum við fjölga í hópnum og leita til fólks sem hefur reynt af stórmótahaldi. Það skiptir ekki máli hvaðan gott kemur, við munum tryggja okkur gott og hæfileikaríkt fólk til vinnu fyrir landsmót 2024. Þó svo að Spretur og Fákur standi fyrir mótið þá eru allir velkomnir að bjóða fram krafta sína meðan á mótsdögum stendur því það er virkilega gaman að taka þátt í stórmótahaldi,“ segir Hjörtur.

Íþróttakeppni á LM

Á landsmóti er keppt í gæðingakeppni ásamt keppni í tölti og skeiðgreinum sem teljast til íþróttakeppnis. Á Landsmóti 2022, á Hellu, var gerð tilraun til að bæta við keppni í öllum

greinum íþróttakeppninnar. Sumir telja að dagskrá landsmóts sé nú þegar ofhlaðin á meðan aðrir vilja nýta þennan markaðsglugga sem þarna skapast til hins ítrasta. Stjórn LM2024 ákvað að kanna þann möguleika hvort hægt væri að halda Íslandsmót fullorðinna samhliða Landsmóti. „Við sendum erindi til keppnisnefndar og stjórnar LH og óskuðum eftir álitum þeirra hvort þetta væri framkvæmanlegt en niðurstaðan var sú að ekki væri hægt að verða við því að þessu sinni. Okkar hugmynd var að búa til enn skemmtilegri viðburð, að á landsmóti væri eitthvað fyrir alla, og að keppnin höfðaði til sem flestra. Við munum taka ákvörðun núna á næstu dögum hvort það verði íþróttakeppni á Landsmóti 2024 og þá með hvaða hætti hún verður og hvaða vægi hún fær,“ segir Hjörtur. Þess má geta að sambærileg tillaga þess efnis að halda Íslandsmót samhliða Landsmóti hestamanna var borin upp á síðasta landsþingi hestamanna og var felld, með naumum meirihluta.

Miðasala er hafin fyrir Landsmót hestamanna 2024 og segir Hjörtur að forsala gangi vonum framar.

Allar upplýsingar um mótið fá finna á [landsmot.is](#) og miðsala fer fram á [tix.is](#). /þag



Svansson ehf

Eigum til talstöðvar fyrir fyrirtæki og smala.

Einnig vasaljós og höfuðljós.


Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697 4900, Netfang : sala@svansson.is



LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

JÖKLAR HÚS FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar Íslensku húsin

MIKLIR BREYTINGAMÖGULEIKAR

PARHÚS



ÞJÓNUSTUHÚS



ÍSLENSKU HÚSIN



STARFSMANNAHÚS




Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf

RADHÚS



Húsin frá okkur má finna víða um land

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is www.landshus.is

Öll verð má finna á heimasíðu okkar



LANDSHÚS

FRÉTTIR



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Garðar H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Eldvarnabandalagsins, við undirritun samnings. Mynd / Bbl

Myndbandagerð um eldhættu í landbúnaði

Gefin hafa verið út tvö myndbönd um eldhættu í landbúnaði og ráðstafanir til að draga úr henni.

Bændasamtökin, Eldvarnabandalagið, Brunavarnir Árnessýslu og Landbúnaðarháskóli Íslands stóðu að gerð myndbandanna, sem komin eru í dreifingu á samfélagsmiðlum.

Myndböndin eru aðgengileg á Facebook-síðu Bændasamtakanna.

Myndböndin eru hin fyrstu í röð fimm fræðslumyndbanda um eldvarnir í landbúnaði sem samstarfaðilarnir hyggjast gefa út á næstu misserum.

Unnið er að gerð myndbands um viðvörðunarkerfi og síðan verður ráðist í gerð myndbanda um slökkvibúnað, vatnsöflun og

loks um kröfur um eldvarnir í landbúnaðarbyggingum.

Í næstu fræðslumyndböndum verður fjallað um afmörkuð efni sem tengjast eldhættu í landbúnaði; rafmagn, logavinnu og vinnuvélar. Þar verður fjallað um mikilvægi þess að vanda frágang á rafbúnaði, kynntar nauðsynlegar varúðarreglur þegar unnið er með opinn eld og verkfæri sem valda neistaflugi.

Þá er fjallað um geymslu vinnuvéla og ráðstafanir til að draga úr hættu á að eldur kvikni í þeim.

Verkefnið er liður í samstarfi Eldvarnabandalagsins og Bændasamtakanna um að efla eldvarnir í landbúnaði og á heimilum í dreifbýli sem staðið hefur undanfarnin tvö ár. /smh



Klúbbur matreiðslumeistara:

Suðurlandsdeild stofnuð

Suðurlandsdeild Klúbbs matreiðslumeistara varð að veruleika þegar deildin var stofnuð í Tryggvaskála á Selfossi að kvöldi 26. september síðastliðinn.

Fundurinn hófst með því að forseti Klúbbs matreiðslumeistara, Eyrbekkingurinn Þórir Erlingsson, setti fundinn. Kynnti hann því næst sögu og gildi Klúbbs

matreiðslumeistara í orði og myndum. Þá var dagskrá vetrarins á Suðurlandi kynnt og samþykkt að félagsfundir verði haldnir þriðja hvern þriðjudag á mismunandi stöðum á svæðinu.

Nálægt þrjátíu manns mættu á fundinn en í lok hans var boðið upp á dýrindis humarsúpu að hætti matreiðslumanna Tryggvaskála. /MHH

BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Mjög góð verð og stuttur afhendingartími.



BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

Nýsköpun:

Skordýr sem fóðurhráefni fyrir dýr

– Ísland keppti í fyrsta sinn í evrópskri lífvísinda-nýsköpunarkeppni

Íslenskt lið tók á dögumum í fyrsta sinn þátt í evrópskri nýsköpunarkeppni fyrir nemendur á sviði lífvísinda.

Um er að ræða hina evrópsku BISC-E-samkeppni háskólanemenda á sviði lífvísinda sem haldin var fyrir í mánuðinum og sendi Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) lið í keppnina.

BISC-E stendur fyrir Bio-Based Innovation Student Challenge Europe og er nýsköpunarkeppni fyrir háskólanemendur sem eru að vinna með líffræðitengdar lausnir. Þetta árið sendu 15 lönd nemendur til keppinnar og þar keppti Ísland í fyrsta sinn.

Önnur lönd sem tóku þátt voru Írland, Frakkland, Þýskaland, Króatía, Tékkland, Grikkland, Belgía, Litáen, Ítalía, Lettland, Búlgaría, Slóvenía, Portúgal og Pólland, segir í tilkynningu frá Lbhí.

Mjölormar og hermannaflugulirfur

Fyrst fóru fram keppnir innanlands milli nemendahópa, þar sem eitt lið frá hverju landi komst áfram í evrópsku samkeppnina. Að þessu sinni vann Rúna Þrastardóttir, doktorsnemi í skordýrarækt við Lbhí, íslensku keppnina ásamt liðsfélögum sínum, Siv Lene Ganges Skar, doktorsnema í ylrækt við Lbhí, og Karli Ólafssyni, BSc-nema í verkfræði við Háskóla Íslands, með verkefnið skordýr sem fóður og fæði.

Verkefnið snýst um að framleiða mjölormar og svartar hermannaflugulirfur með notkun á grænni orku og mismunandi fódri, þar á meðal brauðafgöngum sem falla til í



Rúna Þrastardóttir, doktorsnemi í skordýrarækt við Lbhí, rannsakur hvernig nota megi skordýr sem fóður og fæði. Myndir / Lbhí

bakaríum, bjórhrati og lúpínufraejum og nýta skordýrin sem fóðurhráefni fyrir dýr.

Markmið verkefnisins er að stuðla að minni matarsóun og þar með minni útblæstri gróðurhúsalofttegunda, hefta útbreiðslu Alaskalúpínu á Íslandi og þar með auka líffjölbreytni, og enn fremur auka matvælaöryggi í Evrópu.

Hvetja til þátttöku í BISC-E

Þeim nemendum sem komust áfram frá hverju landi var boðið að taka þátt í námskeiði þar sem farið var yfir hvernig kynna á nýsköpun fyrir fjárfestum, hvernig á að vekja áhuga þeirra og sannfæra um fýsileika fjárfestingar í viðkomandi verkefni.

Dómnefnd valdi 5 lið til þess að halda áfram keppni 28. september. Því miður komst Ísland ekki áfram í 5-liða úrslitin að þessu sinni.

Rúna og lið hennar voru afar ánægð með þátttökuna og reynsluna og hvetja háskólanemendur til



Lirfur voru fóðuraðar á til dæmis brauðafgöngum sem falla til í bakaríum, bjórhrati og lúpínufraejum.

þátttöku í BISC-E 2024. Opið er fyrir skráningar liða til loka október 2023.

Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.bisc-e.eu. /sá

Matarsóun hvers íbúa 160 kíló

– Sóunin mest í frumvinnslu

Talið er að matarsóun á Íslandi á árinu 2022 hafi verið rúmlega 60.000 tonn. Matarsóun hvers og eins íbúa landsins jafngildir 160 kílóum á ári, sem er þó undir Evrópumeðaltali.

Í frétt Umhverfisstofnunar má lesa um niðurstöður mælinga sem gerðar voru á matarsóun hérlendis en niðurstöðurnar voru birtar á alþjóðlegum degi Sameinuðu þjóðanna gegn matarsóun, þann 29. september sl.

Í fréttinni kemur fram að þetta er í fyrsta sinn sem mæld hefur verið matarsóun í allri virðiskeðju matvæla hérlendis eftir staðlaðri aðferðafræði Evrópusambandsins.

Á það við allt frá frumvinnslu matvæla til vinnslu, framleiðslu, dreifingu og smásölu matvæla, til veitingahúsa, matarþjónustu og heimilanna í landinu.

Sóun heimilanna dýrust

Sóunin er mest í frumframleiðslu, eða því sem nemur 29.000 tonnum, en minnsta sóunin á sér stað við vinnslu og framleiðslu, um 1.600 tonn. Heimili landsins sóa næstmest, eða tæplega 24.000 tonnum. Ekki er þó talið að matarsóun heimilanna hafi aukist milli ára heldur standi nokkuð í stað.

Vegna hækkingu vöruverðs matvæla er talið mikilvægast að ná tökum á sóun heimilanna því þar er talið að mestu verðmætin tapist. Auk þess eru umhverfisáhrifin sem hljóta af sóun heimilanna mest.

Markmið íslenskra stjórnvalda er að minnka matarsóun hérlendis um 30% fyrir árið 2025 og um 50%


fyrir árið 2030. Markmiðin eru hluti af áætlun varðandi loftslagsmál sem og hluti af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna gegn matarsóun. Árið 2021 var sett á laggirnar aðgerðaáætlun hérlendis sem ber heitið „Minni matarsóun“ og inniheldur 24 aðgerðir sem eiga að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð.

Atvinnulífið taki virkari þátt

Þó nokkrar aðgerðir hafa nú þegar verið framkvæmdar eða eru í framkvæmd en aðgerðaáætlanirnar eru bæði á ábyrgð stjórnvalda og atvinnulífsins. Matvælaráðuneytið

hefur falið Umhverfisstofnun að hefja tvær nýjar aðgerðir í baráttunni við matarsóun. Sú fyrri snýr að auknu samstarfi milli atvinnulífs og stjórnvalda um að ná niður matarsóun og virkja atvinnulífið til enn frekari þátttöku. Sú seinni snýr að því að auka menntun og fræðslu í landinu um matarsóun og hringrásarhagkerfið.

Í tilkynningu frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu er haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni ráðherra að íslensk stjórnvöld vilji vera í fararbroddi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og að lágmarkur matarsóunar sé mikilvægur liður í að ná þeim árangri. /PAG



BYD

BYD T3, 100% RAFMAGNAÐUR SENDIBÍLL



BYD ER STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI

BYD T3 er glæsilegur valkostur fyrir atvinnurekendur og einyrkja. BYD T3 er ríkulega búinn og uppfyllir allar nútíma kröfur um þægindi og öryggi og er 100% rafknúinn.

Komdu í heimsókn og kynntu þér BYD T3, við tökum vel á móti þér. Hámarks afköst 100 KW/134 hö

Nánari upplýsingar á vatt.is



VERÐ KR.
5.800.000

DRÆGNI ALLT AÐ
310 KM

FRÉTTIR



Hrúturinn á myndinni heitir Höfðingi og á heima á Akranesi og tengist því ekki Raufarhöfn.

Mynd/MHH

Raufarhöfn: Hrútagurinn 7. október

Hinn árlegi Hrútagur á Raufarhöfn verður haldinn laugardaginn 7. október.

Fyrir mörg hefur Hrútagurinn á Raufarhöfn orðið ómissandi hluti af haustinu. Á það bæði við um íbúa svæðisins, en einnig eru dæmi um fólk, sem gerir sér gjarnan ferð landshorna á milli til að skoða hrútakostinn, sýna sig og sjá aðra.

Yfir daginn munu bændur í Norðausturhólfi bjóða lífhrúta til sölu í reiðhöllinni en þar geta góðir hrútar endað á uppboði í lok dags. Eftir að hrútasýningunni lýkur verður boðið upp á fjölbreytta skemmtidagskrá í reiðhöllinni.

Um kvöldið verða svo haldnir tónleikar með Einari Ágúst og Bergsveini Arilfússyni ásamt hljómsveit.

„Þetta er í átjándasta skiptið, sem við höldum Hrútagurinn en þá kemur fólk saman, bændur og aðrir, og fagna haustinu í góðri stemningu hér á Raufarhöfn. Árlegir hápunktar verða á sínum stað líkt og fegurðarsamkeppni gimbra, þar sem krakkar á svæðinu mæta með sína fulltrúa, og keppni um „Búvísibikarinn“, en hann hlýtur eigandi besta lambhrútsins eftir hrútauppröðun.

Hin listagóða kjötsúpa verður á sínum stað og fulltrúar stórra og smárra fyrirtækja af svæðinu mæta með vörur sínar til sölu og kynningar,“ segir Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, sem er ein af þeim, sem er í forsvari fyrir Hrútagurinn.

/MHH

Kornræktin fær 198 milljónir á næsta ári

– Of lítið í upphafi verkefnis, segja kornbændur

Í fjárlögum fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 198 milljónum til stuðnings innlendrar framleiðslu á korni til fóðurs og mannelis. Bændur segja stuðninginn vera of lítinn í upphafi verkefnisins sem fram undan er.

Fjármunirnir munu skiptast á milli fjárfestingaverkefna til uppbyggingar innviða og kynbótastarfs.

Stuðningurinn er hluti af þeim tveimur milljörðum sem á að veita til uppbyggingar á íslenski kornrækt á árunum 2024–2028.

Innlend kornrækt mikilvæg

„Samkvæmt gildandi fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að á komandi árum fari framlagið til verkefnisins stíghækkandi og þá bætist við beinn stuðningur við kornframleiðslu. Kynbótastarf og rannsóknir eru lykilatriði til að efla kornrækt á Íslandi, sérstaklega til að auka gæði og framleiðslu á byggi, hveiti og höfrum. Nauðsynlegt er að styðja við uppbyggingu þurrkstöðva, geymslna og fjárfestingar í tækjabúnaði á hagkvæmstu kornræktarsvæðum,“ segir í tilkynningu matvælaráðuneytis.

Þetta samræmist þeim áherslum sem lagðar voru fram í skýrslunni „Bleikir akrar – aðgerðaáætlun um aukna kornrækt“ sem unnin var af starfshópi innan Landbúnaðarháskóla Íslands að beiðni matvælaráðherra. Haft er eftir Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra að efling innlendrar kornræktar sé forsenda fyrir sjálfbærni og fæðuöryggi Íslands.

Ríkið þarf að leiða uppbyggingu

Kornbændur fagna þessu framlagi en spyrja hvers vegna hlutfall fjármagnsins, af því sem lofað hefur verið, sé ekki herra en raun ber vitni fyrir árið 2024. Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf í Eyjafirði, rættar bygg, reppu og hveiti á tæplega 100 ha landi í samstarfi við Jón Hjörleifsson, bónda á Hrafnagili

í Eyjafirði, en saman búa þeir yfir eigin þurrkstöð og þreskivél.

Hermann hafði ákveðnar skoðanir á fjárfestingu ríkisins. „Ég er ánægður með alla þá peninga sem koma inn í íslenskan landbúnað. Miðað við ástandið hjá bændum í dag er augljóst að bændur eru ekki að fara að fjárfesta í uppbyggingu innan greinarinnar með eigið fé því það er orðið lítið, ef nokkuð, eftir af því og alls ekki með lánsfé í þessu vaxtaumhverfi sem er hérlendis í dag. Ríkið þarf að leiða fjárfestingar í uppbyggingu innviða í kornrækt og það er skýrt að það vantar miklu sterkari innviði.“

Meira fjármagn í upphafi

Hermann furðar sig á því hvers vegna stjórnvöld stíga ekki hraðar inn í uppbygginguna. „Ég hefði viljað sjá herra hlutfall af fjármagninu koma inn í atvinnugreinina núna í upphafi, til að keyra alla innviðafjárfestingu af stað. Þannig væri hægt að efla kornræktina til muna því það er bara spurning hvenær menn hætta að nenna að brasa í þessu. Ef fjármagninu fyrir árið 2024 verður skipt jafnt á milli kynbóta og innviða, þá eru um 100 milljónir fyrir allt landið til innviðauppbyggingar. Það dugar ekki einu sinni fyrir einni þurrkstöð.“

Þurrkstöðvar flöskuháls

Hermann segir að það stefni í metuppskeru á korni í Eyjafirði í ár. „Það slagar í bestu uppskeru allra tíma. Um 7 tonn/ha, en viðmiðið er um 3,5 tonn/ha.“ Hann segir að það voru mun fleiri kornbændur sem vildu þurrka sitt korn en komust að.

„Flöskuhálsinn eru þurrkstöðvarnar. Það voru miklu fleiri sem vildu þurrka korn en gátu ekki vegna þess að þeir komust ekki að í þurrkstöðvum. Það sem við náum að þreskja á einum degi er allt að viku í þurrkstöð.“

Kornbændur hafa einnig kallað eftir einhvers konar tryggingakerfi ef uppskera verður fyrir tjóni, líkt og er víðast hvar annars staðar í heiminum þar sem stundð er kornrækt. „Kornræktin er áhættusöm, þetta er svolítið allt eða ekkert í þessum bransa. Við erum t.d. með metuppskeru í ár en í fyrra þá eyðilagðist tæplega helmingur uppskerunnar hjá okkur í einni lægðinni. Það á ekki eingöngu að vera ábyrgð bænda að halda uppi fæðuöryggi þjóðarinnar, stjórnvöld verða að taka þátt í því.“

Staða bænda alvarleg

Hermann er hlynntur samtryggingasjóði en telur þó að forgangsraða verði fjármunum til landbúnaðarins. „Ef við ætlum að vera raunsæ þá held ég að það sem er brýnast núna er að tryggja rekstrargrundvöll landbúnaðarins í heild sinni á Íslandi, því staða bænda er grafalvarleg eins og hún er í dag. Ég er ekki að mæla á móti samtryggingasjóði en ef forgangsraða ætti fjármunum til landbúnaðarins þá þarf fyrst að sjá til þess að íslenskur landbúnaður lifi af áður en settur er á lagginnar tryggingasjóður fyrir kornbændur. Eins og staðan er í dag þá er engin nýliðun hjá bændum, það er lítil framtíð í landbúnaði og ráðaleysið er algjört hjá stjórnvöldum. Maður reynir að bera sig vel en það eru margir að gefast upp á ástandinu,“ segir Hermann að lokum. /PAG

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU

Varmadælar fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað

Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar

Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar

Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345



Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar

Norðurlönd:

Áhyggjur af nýliðun í bændastétt

Forseta þess að tryggja fæðuframboð til framtíðar er að stjórnmála- og efnahagsstefna ríkja veiti sem mestan stöðugleika.

Á ársfundi Norrænu bændasamtakanna, Nordens Bondeorganisationers Centralråd (NBC), í Billund seint í sumar var lögð skýr áhersla á að stöðugleika yrði að efla í ótryggum heimi þar sem óvissa um framtíðina er mikil. Þangað kom saman forystufólk úr félagsmálum bænda á Norðurlöndum. Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, sótti fundinn ásamt Ísak Jökulssyni og Gunnari Þorgeirssyni og Stellu B. Helgadóttur frá Bændasamtökum Íslands.

„Helstu áherslumál fundarins voru umhverfismál og áhersla á að norrænir bændur væru, og yrðu áfram, leiðandi í grænum lausnum í matvælaframleiðslu og ekki síður orkuöflun,“ segir Steinþór Logi. „Enn fremur að norrænn landbúnaður hljóti viðurkenningu fyrir framfarir og árangur í loftslagsmálum og matvælaframleiðslu. Matvæli þessara landa eru holl, sjálfbær og með lágmarks loftslagsáhrif.“

Áhyggjur á Norðurlöndum af nýliðun

Steinþór Logi segir að talsvert hafi farið fyrir jafnréttismálum en athygli vakti hvað Ísland virðist standa þar framarlega af Norðurlöndunum, hvort sem er í landbúnaði eða samfélaginu almenn. Þó þurfi áfram að horfa gagnrýnum augum á stöðuna og vera á varðbergi. Mikilvægt sé til að mynda að þátttaka í félagsmálum og eignarhald í landbúnaði sé á sem breiðustum grunni.

Talsverðar áhyggjur eru á Norðurlöndunum um nýliðun í bændastéttinni, að sögn Steinþórs Loga. „Talsvert var rétt um mikilvægi þess að tryggja endurnýjun og hvað



Áherslur voru skerptar á ársfundi Norrænu bændasamtakanna seint í sumar. Hér eru þeir Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, og Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, á ráðstefnunni. Mynd / SLA

mætti gera til þess,“ segir hann. „Kynntar voru niðurstöður samskrar rannsóknar um unga bændur og kynslóðaskipti sem vakti áhuga okkar ungra bænda hérlendis, enda samhljómur um margar áskoranir.

Ísland má ekki verða eftirbátur


Veganesti okkar heim frá fundinum er að forsenda öflugs landbúnaðar í framtíðinni er stöðugleiki og svigrúm til nýsköpunar og þróunar. Ísland má ekki verða eftirbátur þar og brýnt að veita stjórnvöldum þrýsting til þess. Það verða að vera aðstæður til að kynslóðaskipti eigi sér stað, sem um þessar mundir er ansi krefjandi í þungu rekstrarumhverfi,“ segir Steinþór Logi að endingu. /sá

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

Fjöldi afslátta og sérkjara

Kynntu þér kosti viðskiptakorts Skeljungu

Kortið veitir þínu fyrirtæki afslátt af eldsneyti, vörum og þjónustu hjá samstarfsaðilum Skeljungu.



FRÉTTIR

Seyðisfjörður:

Róttfast í hamförum

Tré ársins 2023 er 11 metra hátt sitkagreni á Seyðisfirði og stóð af sér hamfarirnar í skriðuföllunum árið 2020.

Tréð var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn 10. september sl. Það er sitkagreni (*Picea sitchensis*) ofan við Hafnargötu 32. Tréð er 10,9 m á hæð, með ummál upp á 90,5 cm í brjósthæð. Hjónin Haraldur Aðalsteinsson og Sigurbjörg Björnsdóttir gróðursettu tréð árið 1975, en þau bjuggu í húsinu Sandfelli, sem nú er horfið.

Gróskumikið starf á landsvísu

Í tilkynningu frá Skógræktarfélagi Íslands segir að félagið útnefni árlega Tré ársins. Með því er sjónum almennings beint að gróskumiklu starfi á landsvísu í trjá- og skógrækt og bent á menningarlegt gildi einstakra trjáa.

Ávörp fluttu Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga ehf. sem er bakhjarl verkefnisins, og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings, sem þakkaði Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi sérstaklega fyrir að hafa stungið upp á trénu sem verðugu Tré ársins.

Stóð stóru skriðuna árið 2020 af sér

Vakti athygli Helga að tréð hafði staðið stóru skriðuna árið 2020 af



Tré ársins er vel róttfast 11 m hátt sitkagreni á Seyðisfirði og stóð af sér skriðuföllin þar árið 2020.

Myndir / Brynjólfur Jónsson

sér en hamfarirnar hrifu þá með sér bæði hús og annan yngri trjágróður á svæðinu þar sem tréð stendur nú stakt, fast á sinni rót. Hefur tréð því töluvert tilfinningalegt gildi fyrir íbúa Seyðisfjarðar og er ákveðinn minnisvarði um hamfarirnar. Seyðfirðingar geta státað af öðru Tré ársins, frá 2004, en það er evrópulerki (*Larix decidua*) við Hafnargötu 48. /sá



Frá útnefningu Trés ársins: F.v. Hafberg Þórisson, bakhjarl Trés ársins, Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings með viðurkenningaskjalíð og Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur.

Kolefnishlutlaus garðyrkja 2040

Búgreinadeild garðyrkjubænda auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir verkefni sem styðja við markmið samnings starfsskilyrða framleiðenda garðyrkjuafurða um kolefnishlutlausa garðyrkju 2040.

Styrkumsókn þarf að fylgja kynning á verkefninu, framkvæmda- og fjárhagsáætlun.

Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember

Fyrirspurnum ásamt styrkumsóknum skal skila á netfangið gudrunbirna@bondi.is



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

LÍF OF EIGNIR ERU Í HÚFI

Er nægur og greiður aðgangur að slökkvivatni við býlið þitt?

Slökkvátaki þarf að yfirfara og endurnýja í samræmi við ráðleggingar framleiðanda

Eldvarnateppið er ómissandi í eldhúsinu



Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, fékk að klippa á borða við söguskiltið um kláffinn. Með honum á myndinni eru feðgarnir Guðmundur og Páll Björgvin, auk björgunarsveitarmannsins Einars Grétars Magnússonar frá Dagrenningu á Hvolsvelli, en hann aðstoðaði við verkefnið á ýmsan hátt. Myndir / Aðsendar

Rangárþing eystra:

Lagfærðu kláfferju frá 1898

– Gjöf til sveitarfélagsins

Feðgarnir Páll Björgvin Guðmundsson og Guðmundur Magnússon frá Efra-Hvoli í Rangárþingi eystra hafa lagfært kláfferjuna á Emstrum en ástand hennar var orðið nokkuð bágborið.

Sveitarfélagið veitti styrk til kaupa á efni við lagfæringarnar en vinnuframlagið var þeirra framlag til þess að viðhalda þessari merkilegu sögu, sem er að baki kláfferjunni á Emstrum.

Merkileg heimild um elju

Sögu kláfferjunnar við Markarfljót á Emstrum má rekja allt aftur til ársins 1898 og er hún merkileg heimild um elju og dugnað bænda í Hvolhreppi við að koma ám sínum í beit á afrétt sinn á Emstrum, fjarri heimahögum.

Sennilega hefur kveikjan á þörf á kláfferjunni verið hörmulegt slys er tveir ungir menn úr Hvolhreppi létust 1879 við að ferja fé yfir Markarfljótið inn á Emstrur. Því er saga ferjunnar stórmerkileg, ekki bara í sögulegu tilliti heldur líka út frá menningarlegu sjónarmiði.

Líklega hefur kláfferjan ekki verið notuð frá því að Markarfljótsbrúin var vígð árið 1978. Síðan þá hefur hún staðið, veðruð og skemmd, á tveimur steinum neðan Emstruskálans, rétt ofan við gömlu kláfsstregina yfir fljótið.

Sögustiklum gerð skil

Næsta sumar verður kláfferjunni aftur komið fyrir á steininum ofan Markarfljóts og sögustiklum gerð skil á skilti við kláfferjuna.

„Munum við með einhverjum hætti koma því merkilega efni og samantekt á framfæri samhliða því að kláfferjunni verður skilað á sinn stað,“ segir Páll Björgvin stoltur af verki þeirra feðga, sem hann má svo sannarlega vera. /MHH



Uppgerða kláfferjan og söguskiltið, sem feðgarnir eiga heiðurinn af.

Landssamband veiðifélaga:

Vilja banna sjókvíaeldi

Landssamband veiðifélaga hefur fengið nóg og efnir til mótmæla gegn sjókvíaeldi þar sem krafist er að iðnaðinum sé hætt.

Í tilkynningu frá félaginu er greint frá því að á síðastliðnum mánuði hafa 250 norskir kynþroska eldislaxar veiðst í laxveiðiám eftir mengunarslys hjá Arctic Fish.

Talið er að fjöldi fiska sem gengið hefur í árnar séu mun fleiri, telji þúsundir og stór hluti þeirra sé kynþroska. Fiskarnir æða því í árnar sem eru margar af þekktustu ám landsins og para sig við villtan lax til að hrygna. Þannig verður til óafturkræf erfðablöndun sem mun að endingu eyða villta laxastofninum verði sjókvíaeldi ekki stöðvað, segir í tilkynningunni.

Laugardaginn 7. október nk. kl. 15.00 á Austurvelli verður efnt til fjöldamótmæla sem er gert í nánú samstarfi við grasrótina og önnur náttúruverndarsamtök og þess krafist að sjókvíaeldi á Íslandi verði bannað.

Áhyggjur af erfðablöndun

Gunnar Örn Petersen, framkvæmdastjóri Landssambands veiðifélaga, hefur miklar áhyggjur af stöðu mála. „Það er komið að vendipunkti í þessari deilu, þetta er spurning um það hvort villti laxastofninn muni lifa eða deyja.



Gunnar Örn Petersen. Mynd / Aðsendar

Við höfum miklar áhyggjur af því að erfðablöndun sjókvíaeldisfisks við villta laxastofninn muni eyðileggja stofninn og verða honum að falli.“

Kynþroska eldisfiskur sleppur

Gunnar útskýrir að sjókvíaeldisfiskur sé algjörlega óskyldur villta laxastofninum. „Í sjókvíaeldinu er alinn, genéttískt þróaður, norskur stofn sem á ekkert skylt við villta íslenska laxastofninn. Ef fram heldur sem horfir, og fleiri kynþroska eldisfiskar sleppa í árnar, þá mun villti íslenski stofninn blandast eldisfisknum og stofninn eyðast. Villti laxinn er þá að fara að hverfa.“

Gerðar hafa verið mótvægis-aðgerðir til að koma í veg fyrir eða seinka kynþroska sjókvíaeldisfiska. Ein aðferðin snýst um ljósastýringar í kvíunum svo fiskarnir nemi ekki breytingu í daglengd en það ræður því hvenær fiskarnir fara í kynþroska. Talið er að ljósastýringu hafi verið ábótavant í sjókvíunum og því hafi fjöldi fiska orðið kynþroska.

Aðspurður segir Gunnar að farið verði fram á að sjókvíaeldi verði bannað. „Við óskum eftir því að þessi starfsemi verði bönnuð, sérstaklega á frjóum laxi. Ef notaður væri ófrjór lax, þá væri staðan ekki eins slæm. Erfðablöndun er þegar hafin í íslenskum ám og umhverfisslysin hrannast upp hjá sjókvíaeldisiðnaðinum. Við óttumst mjög þessa erfðablöndun, að villti laxastofninn sé í hættu sem og öll starfsemi í kringum hann. Hérlendis eru 2.250 lögbýli sem treysta á tekjur af laxveiðiám og í greininni starfa mörg hundruð manns sem veltir um 15 milljörðum á ári.“

Gunnar furðar sig á hversu lítið heyrir í stjórnvöldum og ráðamönnum. „Aflleiðingarnar eru geigvænlegar fyrir villta laxastofninn en einhverra hluta vegna bregðast stjórnvöld ekki við. Nú bíðum við eftir hverjar niðurstöðurnar eru af þessu slysi, en þær koma líklega ekki fram fyrir en löngu seinna,“ segir Gunnar að lokum. /PAG

Gróðurhús óska eftir nýjum dvalarstað.

Gróðurhús sem hýst hafa Blómaaval við Eyraveg á Selfossi þurfa að færa sig um set og óska eftir framhaldslífi á nýjum stað.

Byggingin er samtals 702 fermetrar og samanstendur af stálgrind og plexigleri, en þó er hluti veggja með einangrunargleri.

Eldri hlutinn var byggður árið 2001 og er tvær burstir, en yngri hlutinn var byggður árið 2006 og er ein og hálf burst. Framleiðandi yfirbyggingar er Viemose-Driboga.

Byggingin er grunduð á staðsteyptum sökklum og er yfirbygging/stálgrind boltuð ofan á steypu sökklana. Ekki ættu að vera vandkvæði við að losa yfirbygginu af sökklum, taka húsið niður og nýta á annarri lóð. Framkvæmdir til flutnings geta hafist í byrjun janúar 2024.

Nánari lýsing:

- Ytri mál sökkla á eldri hluta er um 19,9m x 20,7m en ytri mál sökkla á yngri hluta er um 14,9m x 20,7m.
- Mænishæð frá gólfi og upp að efsta punkti er um 5,25m.
- Opnanlegir þakgluggar með rafmóturum sem eru bæði með sjálfvirkri og handvirkri hitastýringu. Stýribúnaður glugga frá CWO Volmatic og Senmatic.
- Þrjár tvöfaldar útihurðir úr áli. (1x rennihurð með rafrænni opnun og 2x hliðhengdar hurðir).
- Ein tvöföld innihurð úr áli, sjálfvirk rennihurð.
- Hitablásarar auk tengdra lagna
- Kælieining í blómakæli fylgir ekki með í söluferli
- Vatnsúðakerfi
- Uppsettir lampar, meginhluti eldri flúrljós en ein lína með LED lömpum
- Neyðarlýsingarlampar og ÚT-ljós
- Lágspennulagnir og netstigar

➤ Óskað er eftir tilboðum í yfirbyggingu ásamt því lausafé sem fylgir með. Vinsamlegast sendið tilboð á netfang gudrun@eik.is og saevar@eik.is.



➤ Allar nánari upplýsingar veita:

Sævar Bjarnason
saevar@eik.is, 844-1965

Guðrún Álfheiður Thorarensen,
gudrun@eik.is, 867-0008



NYTJAR HAFSINS

„Arðsöm fyrirtæki eru forsenda sjálfbærni samfélaga“

– segir Mitsuaki Kuroshima, yfirmaður greininga hjá Sawakami eignastýringasjóðnum í Japan

„Maðurinn er hluti náttúrunnar og verður að haga sér sem slíkur. Við verðum að vera ábyrg og láta gott af okkur leiða fyrir komandi kynslóðir þannig að lífskjör og lífsgæði batni,“ segir Mitsuaki Kuroshima, en hann heimsótti Ísland nýlega ásamt tveim öðrum starfsmönnum Sawakami eignastýringasjóðsins.

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



Erindi þeirra var að kynna sér sjálfbærar fiskveiðar og græna orku Íslendinga.

„Starfsmenn sjóðsins verða að kynna sér stefnur og strauma heima og erlendis og afla sér þekkingar til að geta fjárfest með ábyrgum hætti fyrir hönd viðskiptavina sinna,“ bætti Mitsuaki við. Stefna sjóðsins vakti athygli og við gátum því ekki sleppt tækifærinu til að forvitnast um ástæður heimsóknarinnar og hvað að baki bjó.

Sawakami Fund og samfélagsleg ábyrgð

Sawakami sjóðurinn var stofnaður árið 1999 og er því að verða 25 ára. Heildareignir sjóðsins eru 384 milljarðar jena, jafngildi 345 milljarða króna.

Til samburðar eru árlegar útflutningstekjur af sjávarútvegi á Íslandi 250–300 milljarðar króna. Sjóðurinn fjárfestir eingöngu til langs tíma í fyrirtækjum sem styðja við samfélög sín á einn eða annan hátt og eru líkleg til að bæta lífsgæði þeirra á næstu 10–20 árum.

„Fyrirtæki getur ekki stutt við samfélag sitt, hvort heldur lítið þorp eða þjóðina í heild, nema með því að skila hagnaði. Þannig vex og dafnar fyrirtæki samhliða samfélaginu og byggir undir betri framtíð og hefur burði til að fjárfesta í nýjungum og nýjum tækifærum þar sem ungt fólk sér tækifæri og framtíð sína. Við viljum fjárfesta í þannig fyrirtækjum,“ segir Mitsuaki.

Eingöngu einstaklingar

Sjóðurinn býður einungis einstaklingum að fjárfesta í sjóðnum með sparnaði sínum. Viðskiptavinir, þ.e.a.s. fjárfestar, í Sawakami sjóðnum eru nú 118.000.

„Markmiðið er að gera líf einstaklinganna einfaldara og að þeir þurfi ekki að hafa fjárhagsáhyggjur. Hver einstaklingur á sitt líf og sína drauma. Með því að fjárfesta

” Við verðum því að geta útskýrt, augliti til auglitis, fyrir fjárfestum hvers vegna félagi gengur vel eða illa og hverjar framtíðarhorfurnar eru ...“

í Sawakami sjóðnum þá geta fjárfestar treyst því að sparnaður þeirra sé nýttur til uppbyggingar í þágu samfélags þeirra og þá um leið þeirra sjálfrá. En grundvöllurinn verður alltaf að vera góð ávöxtun, alveg eins og náttúran sjálf gefur af sér í formi góðrar uppskeru eða góðrar veiði.

Þannig, og einungis þannig, er samhljómur náttúrunnar og mannanna sem eru að sjálfsgöðu eðlilegur hluti hvort af öðru,“ segir Mitsuaki.

Starfsmenn sjóðsins

Starfsmenn sjóðsins verða sjálfir að heimsækja fyrirtækin sem sjóðurinn fjárfestir í og þekkja stjórnun, tilgang og markmið þeirra. Þeir verða að vera fullvissir um að stefna og markmið fyrirtækisins sé að bæta lífskjör samfélaga sinna.

„Það er ekki nóg að þekkja fyrirtækin og afkomutölur þeirra, heldur verðum við einnig að þekkja stjórnendur og stefnu stjórnenda fyrirtækjanna sjálfrá. Við verðum að vera fullvissir um að markmið þeirra sé í samræmi við stefnu Sawakami sjóðsins,“ segir Mitsuaki.

„Það er ekki nóg að þekkja fyrirtækin sjálf heldur verðum við að bera ábyrgð á fjárfestingum og fjárfestingarstefnu og geta kynnt hana milliliðalaust til þeirra sem leggja fé sitt í umsjón sjóðsins. Við verðum því að geta útskýrt, augliti til auglitis, fyrir fjárfestum hvers vegna félagi gengur vel eða illa og hverjar framtíðarhorfurnar eru,“ bætti Mitsuaki við.



Starfsmenn Sawakami eignastýringasjóðsins: Frá hægri: Hiroaki Maeno, fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta, Mitsuaki Kuroshima, umhverfisverkfræðingur og yfirmaður greiningardeildar Sawakami sjóðsins og Jun Suzuki, byggingaverkfræðingur.

Mynd / Aðsend.

Staða sjávarútvegs í Japan

Í viðtali í Bændablaðinu þann 12. ágúst 2021 lýsti Ayumo Katano fiskveiðistjórnun í Japan m.a. með eftirfarandi orðum: „Staða japansks sjávarútvegs er slæm. Fiskistofnar eru ofveiddir og því er dýrt að veiða fiskinn. Vegna slæms skipulags er meðalverð á japönskum makríl mjög lágt.

... Af þessu öllu leiðir að laun japanskra sjómanna eru afskaplega lág. ... Meðalaldur japanskra sjómanna er um 60 ár og endurnýjun lítil, sem er auðvitað eðlileg afleiðing af lágum launum,“ Katano hefur m.a. gefið út fjórar bækur um nauðsyn þess að breyta fiskveiðistjórnun í Japan.

En það er ekki allt slæmt í Japan. Í viðtalinu lýsti hann einnig hörpudisksveiðum þar sem sjómenn og fyrirtæki þeirra geta búsvæða hörpudisksins, aðstoða við hrygningu og rækta í sumum tilfellum hörpudiskinn frá upphafi til enda. Þar er afrakstur góður. Fyrirtækin hagnast og hafa getu til að fjárfesta í skipum, vinnslum, tækni og markaðsmálum og sjómenn eru vel launaðir.

Hvers vegna til Íslands?

„Við höfum heyrt af því hvernig íslenskur sjávarútvegur er rekin. Að fiskveiðarnar séu sjálfbærar og að fiskistofnarnir séu ekki ofveiddir,“ sagði Mitsuaki.

„Arðsöm fyrirtæki eru forsenda sjálfbærni samfélaga. Á sama tíma verða fyrirtækin og samfélögin að



SAWAKAMI

Heildareignir Sawakami sjóðsins standa nú í um 345 milljörðum króna, en hann var stofnaður árið 1999.

umgangast náttúruna og auðlindir hennar af virðingu, hlúa að henni og nýta með sjálfbærum hætti. Þetta er hinn mikilvægi samhljómur sjálfbærinnar þar sem fólk sjálf er hluti hennar. Það er einnig mikilvægt að fyrirtækin sjálf séu arðsöm og geti staðið undir uppbyggingu í sjávarbyggðunum.

Okkur langaði mjög að kynna okkur hvernig Íslendingar stjórnuðu fiskveiðum sínum með sjálfbærum hætti og læra af reynslu þeirra,“ sagði Mitsuaki að lokum.

Greinarhöfundur er búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum



Miklar sveiflur eru á japönskum fiskmörkuðum í magni og verði því sjómenn kjósa að fiska sem mest, í stað þess að reyna að hámarka verðmætin.

Mynd / Wikipedia.

Umsókn um leyfi til selveiða

Fiskistofa vísar til reglugerðar nr. 1100/2019 um bann við selveiðum. Reglugerðin gildir um bann við veiði á öllum selategundum.

Í reglugerðinni kemur fram að selveiðar eru óheimilar á íslensku forráðasvæði (í sjó, ám og vötnum) nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu.

Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á sel til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsilag.

Fiskistofa auglýsir nú eftir umsóknum um leyfi til selveiða til eigin nytja á árinu 2024.

Umsóknarfrestur er til 15. október 2023.

Umsóknum skal skila á eyðublaði: <http://www.fiskistofa.is/media/eydublod/Umsokn-um-selveidar-til-eigin-nytja.pdf> sem senda skal með tölvupósti á fiskistofa@fiskistofa.is eða með pósti til Fiskistofa, Borgum við Norðurlóð 600 Akureyri.



STEINULLAR- EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn



- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótt- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir E160 milliveggi.

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

Verðlækkun á erlendum hrávörumörkuðum

Undanfarna mánuði hefur verð á hrávörum á heimsmarkaði farið lækkandi eftir gífurlegar verðhækkunir árið 2022. Enn er verðið þó langt fyrir ofan það sem það var árin 2015–2019, fyrir heimsfaraldur.

Umtalsvarðar lækkunir hafa verið á jarðgasi og hveiti svo dæmi séu nefnd. Þessi verðþróun endurspeglar bætta framboðshorfur og ný viðskiptatengsl. Rússar beina nú útflutningi sínum á jarðefnaeldsneyti frá Evrópu til Kína, Indlands

og annarra landa. Gert er ráð fyrir að hrávöruverð haldist lítið breytt út þetta ár og fram á það næsta samhliða bætum framboðshorfum og samdrætti í eftirsurn á heimsvísu.

/USS

Heimsmarkaðsverð á áburðarhræfnum

Verð í ágúst 2023 ásamt 12 mánaða verðbreytingu

N (Urea) 56 kr/kg
↓-36%

P (DAP) 77 kr/kg
↓-33%

K (PC) 52 kr/kg
↓-65%

Heimsmarkaðsverð á hrávörum í fóður

Verð í ágúst 2023 ásamt 12 mánaða verðbreytingu

Hveiti 46 kr/kg
↓-17%

Maís 30 kr/kg
↓-36%

Soja 75 kr/kg
↓-4%

Innflutningsverð á hrávörum í fóður


Verð í ágúst 2023 ásamt 12 mánaða verðbreytingu

Hveiti 44 kr/kg
↓-28%

Maís 46 kr/kg
↓-20%

Soja 81 kr/kg
↑3%

Heimsmarkaðsverð á áburði



Vísitala áburðarverðs Alþjóðabankans lækkaði um 18 prósent árið 2022 en er enn vel yfir meðaltali árunna 2015–2019, að hluta til vegna minni birgða í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og viðskiptatakmarkana sem fylgdu í kjölfarið.

Síðustu mánuði hefur verð á áburði farið lækkandi. Einkum á áburði sem framleiddur er úr jarðgasi, svo sem UREA, en áburður sem fæst við námuvinnslu, svo sem DAP og MOP, hefur lækkað minna. Þrátt fyrir lækkun á áburði eru bændur enn að draga úr notkun áburðar.

Gert er ráð fyrir að áburðarverð lækki um allt að 37% á þessu ári og gert áfram ráð fyrir 7% lækkun árið 2024. Lækkunin næstu mánuði verður knúin áfram af auknum stöðugleika í framboði og lækkandi orkuverði.

Heimsmarkaðsverð á hrávörum í fóður




Vísitala kornverðs Alþjóðabankans lækkaði um tæp 5% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en er enn tveimur þriðju yfir meðaltali sínu fyrir heimsfaraldurinn 2015–2019.

Á fyrsta ársfjórðungi var hveitiverð 100 prósent yfir meðaltali árunna 2015–19 og verð á maís var 80 prósent hærra. Lækkun kornvöruverðs árið 2023 er knúin áfram af opnun viðskipta með korn frá Úkraínu um Svartahaf (sem nú er lokað fyrir) og góð uppskera í öðrum helstu framleiðslulöndum.

Verð á próteinafurðum hefur verið nokkuð stöðugt á þessu ári og er um 52% yfir meðaltali árunna 2015–2019.



Innflutningur á hrávörum í fóður



Verð á innfluttum hrávörum í fóður fylgir að mestu sömu þróun og hefur verið á heimsmarkaðsverði.

Sveiflur er þó ekki alveg sambærilegar sem skýrist líklega af framvirkum innkaupasamningum. Sú gífurlega hækkun sem varð árið 2022 hefur nú að mestu gengið til baka.

En fóðurverð er enn þá hátt og er nú um 30–40% hærra en það var fyrir heimsfaraldurinn.

DEUTZ FAHR
5100 D Keyline
Einfaldlega rétta valið



PÓR
Reykjavík og Akureyri Thor.is
S 568-1513 og 568-1556

DAGUR LANDBÚNAÐARINS

13. - 14. október 2023



Landbúnaður á krossgötum

Málþing í Menningarhúsinu Hof Akureyri
föstudaginn 13. október frá 9 til 12

Matur og umhirða skóga

Málþing Félags skógarbænda að Hótel Varmalandi Borgarnesi
laugardaginn 14. október frá 9 til 12

Bændur bjóða gesti velkomna heim í hlað

laugardaginn 14. október milli 12 og 16

Upplýsingar um býlin sem taka þátt má sjá á bondi.is

Nánari upplýsingar um viðburðina má finna á bondi.is



FRÉTTASKÝRING

Garðyrkja:

Enginn hvati til framleiðsluaukningar

Garðyrkjubændur í útiræktun grænmetis eru nú í óða önn við að ljúka uppskeru úr gördum sínum. Ef að líkum lætur verður heildaruppskera á landinu svipuð og á undanförunum árum, bæði hvað varðar magn og tegundir. Sú hefur nefnilega verið raunin, uppskerumagn frá 2017 hefur verið á bilinu 13 þúsund tonn og upp í 15.500 tonn þegar skoðaðar eru uppskerutölur helstu ræktunartegunda í úti- og ylrækt.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Þetta er staðan þó að í nágildandi búvörusamningum frá 2016 sé tiltekið að markmið samkomulagsins sé að við endurskoðun hans árið 2023 hafi framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25 prósent, miðað við meðalframleiðslu árána 2017 til 2019, í því miði að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

Stuðningur ekki aukinn

Seinni endurskoðun búvörusamninga á sum sé að ljúka á þessu ári. Garðyrkjubændur hafa sérstaklega lýst yfir vonleysi um gang viðræðna við samninganefnd stjórnvalda um starfsskilyrði þeirra.

Vonir þeirra um framgang í viðræðunum voru svo endanlega blásnar út af borðinu við birtingu fjárlagafrumvarps, nú á upphafsögum Alþingis, en þá varð

ljóst að ekki ætti að auka stuðninginn við þennan hluta íslenskrar matvælaframleiðslu.

Ítrekuð vilyrði stjórnvalda um frekari stuðning

Á undanförunum misserum hafa ítrekað komið fram vilyrði stjórnvalda um frekari stuðning við íslenska garðyrkju svo auka megi framleiðslu á íslensku grænmeti og hlutdeild þess á innlendum markaði í átt að fæðuöryggi fyrir Ísland.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega tiltekið að við endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu. Stuðningur hins opinbera verði samhæfur með það að markmiði að styrkja og fjölga stöðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun. „Aukinni framleiðslu á grænmeti verður náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli

á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga,“ segir í stjórnarsáttmálanum frá árinu 2021.

Garðyrkja er meðal loftslagsvænstu greinum landbúnaðar á Íslandi. Þar er augljós skortur á fjölbreytni í ræktun auk þess sem framboð innlendrar framleiðslu hefur verið metið tæplega helmingur þess framboðs af grænmeti sem stendur íslenskum neytendum jafnan til boða og hefur lítið þokast upp á við.

Ekki sköpuð skilyrði til vaxtar

Sem fyrr segir er í markmiðum nágildandi búvörusamninga, um starfsskilyrði garðyrkjubænda, gert ráð fyrir að nú við endurskoðunina hafi framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25 prósent miðað við meðalframleiðslu árána 2017 til 2019, til að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu. Það hefur ekki náðst eins og sjá má hér í meðfylgjandi töflu yfir framleiðslumagn helstu tegunda í úti- og ylræktun á Íslandi.

Hvorki 2020 né 2021 var framleiðsluaukningu náð. Framleiðslan dróst þá saman frá viðmiðunarárunum. Árið 2020 var framleiðslan tæpu einu prósentu undir meðaltali árána 2017–19 og árið 2021 var hún um sjö prósentum undir meðaltalinu. Á síðasta ári varð aukning um þrjú prósent á framleiðslu þessara 13 tegunda sem Hagstofa Íslands tekur saman gögnum um. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2028, og birt var í apríl á þessu ári, var gert ráð fyrir að skilyrði verði sköpuð til að framleiðsla á útiræktuðu og ylræktuðu grænmeti geti aukist um 25 prósent. Að í útiræktun geti framleiðslan farið úr 11.70 tonnum í 14.60 tonn og í ylræktinni úr 3.485 tonnum í 4.350 tonn.

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að því miður virðist sem ríkisstjórnin hafi horfið frá þessum áformum – ekki verði sköpuð skilyrði til slíks vaxtar án frekari fjárhagslegs stuðnings við greinina.



Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands. Mynd / Espifót

Uppskerumagn helstu ræktunartegunda frá 2017-2022

Ár	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Kartöflur	9.000	6.020	8.200	7.379	6.355	7.179
Rófur	930	540	895	940	560	634
Gulrætur	750	520	900	738	882	981
Tómatar	1.334	1.213	1.183	1.163	1.234	1.461
Gúrkur	1.857	1.927	1.924	1.808	2.067	2.086
Paprika	191	181	202	203	184	168
Blómkál	55	47	77	94	118	89
Hvítkál	276	154	146	256	214	235
Kínakál	50	37	30	81	69	87
Spergilkál	68	45	100	90	93	84
Rauðkál	55	28	39	58	40	64
Salat	370	403	407	450	538	618
Sveppir	580	580	560	611	581	592
Samtals	15.516	11.695	14.663	13.871	12.935	14.278

„Það kemur fram bæði í stjórnarsáttmála og fjármálaáætlun að það eigi að bæta verulega í garðyrkjuna á næstu árum. Stóra ástæðan var hvað garðyrkja er loftslagsvæn og breyttar neysluvenjur almennings. Þessu átti að ná með því að festa niðurgreiðsluhlutfall á dreifingarkostnaði rafmagns við 95 prósent og með sérstökum stuðningi til útiræktunar. Einnig átti að koma með aðgerðaráætlun til stuðnings lífrænnar framleiðslu til að fá bændur til að færa sig í þá átt sem og fá nýja inn í greinina. Þá var gert ráð fyrir að dreifingarkostnaður raforku yrði sérstaklega skoðaður við endurskoðun á þessu ári,“ segir Axel.

Fá engan hljómgrunn hjá ráðuneytinu

„Staðan er ekki góð, við fáum engan hljómgrunn innan ráðuneytisins. Hvorki aukið fjármagn né að gera áherslubreytingar á samningnum. Samninganefnd ráðherra er með skýr skilaboð að það standi ekki til að gera neinar breytingar á endurskoðun. Við getum fært fjármagn milli liða innan samnings, annað ekki,“ heldur Axel áfram.

„Áherslur okkar eru að gera samninginn á þá vegu að hann sé hvetjandi fyrir framleiðendur og tryggi betur rekstrargrundvöll garðyrkjubænda. Til dæmis með því að festa niðurgreiðslu á dreifingarkostnaði raforku í 95 prósentum í stað þess að þetta sé pottur sem þynnist út, eins og útiræktunina, við myndum vilja breyta þessum greiðslum til bænda sem miðast við hvern hektara sem þeir rækta. Þær eru letjandi á frekari framleiðslu. Þær koma úr einum potti og lækka um leið og einhver eykur framleiðsluna. Einnig viljum við að stuðningur til lífrænnar ræktunar verði á hærri stuðlum þannig að lífrænnir ræktendur séu samkeppnisfærari á markaði.

Erfið samkeppni

Axel segir að í raun sé af nægu að taka þegar kemur að því að taka til í kerfinu. „Við erum í

beinni samkeppni við erlendar garðyrkjustöðvar sem ná fram mikilli hagræðingu þar sem þær eru margfalt stærri en stærstu garðyrkjustöðvar hér á landi og með ódýrara vinnuafli. Íslenskt grænmeti er gæðavara sem er að verða ósamkeppnishæf við innflutt grænmeti vegna þess hversu dýrt það er í framleiðslu.“

Fyrirkomulaginu var breytt árið 2002, þannig að í stað tollverndar voru teknar upp beirgæðislausir frá ríkinu. Ræktendur á gúrkum, tómötum og papriku fá þannig beirgæðislausir til að eiga möguleika á að keppa í verði við sambærilegar innfluttar vörur, auk þess sem dreifingarkostnaður á raforku er greiddur niður af ríkinu.

„Ylræktað grænmeti er í beinni samkeppni við innflutt grænmeti, engir tollar. Svo eru tollatímabil á annan innflutning þar sem tollar koma á þegar uppskerutímabil eru í gangi hér á landi og fram eftir vetri eftir því hve hægt er að geyma grænmetið lengi,“ segir Axel.

Hann segir að í ylrækt sé launakostnaður orðinn langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn, um 40 prósent, og raforkukostnaður um 15–20 prósent af rekstrarkostnaði. Áburðarkostnaður sé ekki hár af heildinni í ylrækt en verulegur kostnaður í útirækt.

Smærri framleiðendum hefur fækkað

Axel heldur áfram gagnrýni sinni á stuðningsfyrirkomulagið. „Í okkar kerfi virkar bara lögmálið að því meira sem er framleitt því minni stuðningur, þar sem fjármagnið er pottur sem þynnist út þegar meira er framleitt.

Þrátt fyrir þennan stuðning þurfa garðyrkjubændur að fá töluvert herra verð fyrir sína vöru en það innflutta. Hvatinn til að framleiða meira er ekki til staðar og líklegra að stórir framleiðendur haldi velli þar sem þeir ná einhverri hagræðingu í gegnum stærðina. Þetta hefur leitt af sér að smærri framleiðendum hefur fækkað síðustu ár.

Sama má segja um annað ylræktað grænmeti, en þar er potturinn mun



Mikill vöxtur var í rauðkálsmætti á síðasta ári.

Mynd / Vallakot

VARAHLUTIR Í KERRUR



KNOTT

AL-KO

QUALITY FOR LIFE

DEXTER

Bílabúðin
Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is



minni og má í raun segja að þeir bændur sem rækta salat séu þeir einu sem hafa náð að hagræða og vera samkeppnishæfir á markaði.“

Sjálfur er Axel blómfræktandi á garðyrkjustöðinni Espiflöt í Reykholti. „Ylfræktendur í blómaframleiðslu og pottablómaframleiðslu fá dreifingarkostnað á raforku niðurgreiddan eins og aðrir og eru svo varðir með tollaumhverfi. Ekki öll blóm bera toll en þau sem gera það eru með 95 krónu stykkjatoll og 30 prósent toll ofan á það. Pottablóm er með 200 krónu stykkjatoll og svo 30 prósent toll ofan á það.“

Útiræktendur fá greitt úr ákveðnum potti á hvern hektara sem þeir rækta. Þar er sama letjandi fyrirkomulag og með niðurgreiðslukerfið vegna raforkudreifingu; eftir því sem fleiri hektarar eru ræktaðir lækka greiðslurnar,“ útskýrir Axel.

Stoltir af framleiðslunni

Íslenskir garðyrkjubændur eru, að sögn Axels, afar stoltir af sinni framleiðslu og það er margt sem veldur. „Hreinleiki vörunnar er mikill, það eru afar fá ríki sem geta leyft sér að nota drykkjarvatn til framleiðslu grænmetis, nota græna orku bæði í formi hitunar gróðurhúsa og svo lýsingar.“

Varnarefnanotkun er lítil sem engin þar sem skordýr þrífast illa hér á landi og því lítið sem ekkert af þeim í gróðurhúsum og auðvelt að ráða við það með notkun lífræna varna. Einnig fær starfsfólk hér á landi mannsæmandi laun fyrir sína vinnu. Allt eru þetta atriði sem skipta miklu máli í nútímasamfélagi en vegna smæðar íslensks markaðar, hnattrænnar stöðu og launakostnaðar verðum við seint samkeppnishæf við innfluttar garðyrkjuafurðir.“

Mikilvæg fæðuöryggi landsins

Axel telur að með góðri umgjörð ættu Íslendingar að geta verið sjálfbærir í nánast öllu grænmeti, en staðreyndin sé að við náum rétt rúmlega 60 prósent af þeim tegundum sem við framleiðum, en þegar allt grænmeti er skoðað erum við nær 40 prósent framboðsins á Íslandi.

„Eins og stjórnvöld tala og við vitum þá er garðyrkjan mikilvæg þegar kemur að fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar.“

Hér eru allar þær auðlindir sem þarf til að framleiða hágæða garðyrkjuafurðir.

Við trúum því að neytendur vilji að garðyrkjuafurðir komi úr nærumhverfi, hafi lítið kolefnisspor, gangi ekki á auðlindir landsins, sé hollt og næringarríkt og sé á sanngjörnu verði.



Bændur eru nú í óða önn við að ljúka uppskeru úr gördum sínum. Mynd / Vallakot

Við viljum ekki að íslenskt grænmeti verði lúxusvara sem er ekki fyrir alla. Íslenskt grænmeti þarf

að standast samkeppni í verði til að verslunin fari að velja að framsetja það fram yfir innflutt grænmeti.“

Heiðmörk í Laugarási:

„Grænmetið sprettur ekki upp af sjálfu sér“

Óli Finnsson og Inga Sigríður Snorradóttir tóku við garðyrkjustöðinni Heiðmörk í Laugarási í júní 2021. Hann segir brýna þörf á því að stuðningsfyrirkomulagið við garðyrkjubændur sé endurskoðað í heild sinni.

Neytendur kannast margir við salatið til að mynda frá stöðinni í gegnum tíðina og svo steinseljuna. Þau héldu áfram þessari ræktun, en hafa einnig bætt við sig paprikum í ýmsum stærðum og gerðum; svo sem snakkpaprikum, sætpaprikum ásamt nokkrum tegundum af eldipipar í mismunandi styrkleikum.

Að sögn Óla hefur paprikuræktunin orðið fyrirferðarmeiri með tímanum og orðið ofan á eiginlega sem helsta tegundin.

Vantar aðlögunarstuðning við útiræktun

Hann segir að þau hafi prófað útiræktun eitt sumar áður en þau tóku við garðyrkjustöðinni. Honum finnst sú tegund ræktunar spennandi en það þurfi að styðja sérstaklega við þá sem hafa hug á því að hefja þess konar ræktun – í það minnsta í byrjun.

Ef það sé raunverulegur vilji stjórnvalda að auka hlutfall innlendirar grænmetisframleiðslu í íslenskum verslunum þá þurfi aukinn stuðning við greinina enda sprettur grænmetið ekki upp af sjálfu sér. „Já, ég held að það þurfi að koma til einhvers konar víðtækari nýliðunarstyrkur eða fjárfestingarstuðningur. Ég til dæmis átti ekki traktor og er ekki í aðstöðu til að fjárfesta í einum slíkum í augnablikinu og vantar auk þess aðra innviði hér á okkar stöð til að útiræktun geti orðið möguleg fyrir okkur. Það er ekkert hægt að gera þetta á smáum skala ef ræktunin á að standa almennilega undir sér.“

Ég sé fyrir mér að það verði gott fyrirkomulag annaðhvort af hálfu ríkisins eða lífeyrissjóða til dæmis, að bjóða upp á hlutdeildarlán eða þolinmótt fjármagn sem fjárfesting í greininni.“

Ekkert svigrúm til framleiðsluaukningar

Óli segir að markaðurinn kalli á meira grænmeti og fleiri tegundir – og þau vilji svara kallinu. „En eins og staðan er núna erum við að keppast við að hámarka afköst stöðvarinnar – og setja allan aukapening inn í reksturinn til að endurbæta húsakost og annan tækjabúnað sem þarf í ræktunina. En það væri æskilegt að okkur garðyrkjubændum yrði gert auðveldara fyrir að prófa okkur áfram með nýjar tegundir og



Inga Sigríður Snorradóttir og Óli Finnsson í Heiðmörk. Mynd / Heiðmörk

ekki síður að stækka við okkur til framleiðsluaukningar.“

Á dögnum bárust fréttir af því að bændur í Dölunum hefðu lokið tilraunaræktun sinni á hvítlaug og hefðu þegar selt alla uppskeru næsta árs, sem er talin verða um sex til átta tonn. Óli segir að enginn vafi sé á að hægt sé rækta ýmislegt á Íslandi með góðum árangri sem hingað er flutt inn í miklu magni – eins og til dæmis ýmsar lauktegundir og rôtargrænmeti. „Ég er alveg sannfærður um að við getum ræktað matlaug og fullt af öðrum tegundum. Vandamálið er að stjórnvöld og samningarnir sem þau hafa gert við bændur um starfsskilyrði þeirra, gera ekki ráð fyrir að lágmarksstærð sé minni en einn hektari til að fá beingreiðslur. Slíkt getur dregið úr þeim sem vilja prufa nýjar tegundir á smáum skala og gera nauðsynlegar tilraunir á yrkjum áður en farið er í nauðsynlegar fjárfestingar og ræktun á stærri skala.“

Skortur á heildarhugsun

„Það er heldur ekki gert ráð fyrir þeirri heildarhugsun sem þarf að vera til staðar í garðyrkjunni,“ heldur Óli áfram. „Eins og til dæmis bara varðandi það að halda jarðveginum frjósömum, eða leggja grunninn í byrjun búskapar að góðum jarðvegi. Beingreiðslurnar sem við njótum í dag gera til dæmis að mestu ráð fyrir að uppskorið sé af ökrunum til að greiddur sé út jarðræktarstyrkur, en ekki að nauðsynlegt geti verið að rækta jarðvegin sérstaklega. Kerfið þarf að laga sig að nútímanum að þessu leyti.“

Lífrænir bændur tala um það að það þurfi að rækta jarðvegin með niturbindandi tegundum eða öðrum grænaburðarplöntum sem einungis eru ræktaðar til að bæta frjósemi hans. Það þarf að styðja við slíka heildstæða hugsun, meðal annars til að draga megi úr notkun

alla stuðningsupphæðina í einu. „Afurðir sem ég uppsker til dæmis í janúar, fæ ég ekki beingreiðslurnar greiddar að fullu fyrir en í byrjun mars árið eftir. Það geta verið um 20–30 prósent af upphæðinni sem ráðuneytið heldur eftir til að greiða út sömu krónutölu á alla framleiðendur þeirrar tegundar yfir árið og ég þarf að bera kostnað af ýmsu öðru á meðan.“

Beingreiðslur A eru lokaður pottur með fastri heildarkrónutölu sem skiptist niður á framleitt og selt heildarmagn af annaðhvort tómtum, paprikum eða gúrkum en ekki föst krónutala á hvert selt kíló af þeim tegundum, sem þýðir að það þarf að fara fram uppgjör síðar sem tekur tillit til þess hversu mikið var selt af viðkomandi tegund. Við bændur þyrftum að fá þennan stuðning að fullu í hverjum mánuði.

Óvissan getur oft verið mikil í landbúnaðarframleiðslu og því finnst mér það vera hlutverk ríkisins að einfalda kerfið og stuðla að eins miklum fyrirsjáanleika og mögulegt

er í þessari framleiðslu, en ekki gera þetta flóknara en það þarf að vera. Sem dæmi mætti horfa meira til fyrirkomulagsins í endurgreiðslu á framleiddum kvikmyndaverkum á Íslandi.

Fyrirkomulagið er alveg glatað eins og það er núna og er jafnframt framleiðsluletjandi. Sama má segja um taxtaleiðréttinguna á raforkukaupum garðyrkjubænda frá Rarik sem virkar með sama hætti enda líka lokaður pottur en ekki föst 95 prósent taxtaleiðrétting, þrátt fyrir fögur fyrirheit í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar virðist það ekki vera að raungerast á næstunni,“ segir Óli.

Hann bætir við að ef stuðningsfyrirkomulaginu yrði breytt þannig að sköpuð yrðu framleiðsluhvetjandi skilyrði þá myndu þau vilja fara í stækkun á garðyrkjustöðinni sinni. Með því myndu þau vilja minnka það gat sem myndast á íslenska paprikumarkaðinum yfir dimmasta tímann og rækta íslenskar paprikur allan ársins hring.

Ný varanleg bogahýsi

Ódýr og hagkvæmur kostur fyrir geymslur og útihús sem uppfyllir byggingarreglugerðir



- Stöðluð hönnun, grunneining 5 x 6 m. - lengjanleg í 3 m. einingum
- Hurðargat á gaffli 2,75 x 2,75 m.
- Í boði bæði einangruð og óeinangruð
- Verð frá kr. 1.320.00 m/vsk. fyrir 5 x 6 m. bogahús

Nánari upplýsingar í gegnum tölvupóst hysi@hysi.is

Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700
hysi@hysi.is | hysi.is | [hysi.is](https://www.facebook.com/hysi.is)

HYSI
 BYGGJUM BETUR

Í DEIGLUNNI

Áburður:

Vaxandi meðvitund um að úrgangur er auðlind

– Mörg verkefni í farvatninu um nýtingu lífræns úrgangs til áburðargerðar

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Hvers kyns lífrænn og lífbrjótanlegur úrgangur er auðlind sem nýta og vinna má til dæmis í áburð fyrir landbúnað, til uppgræðslu og framleiðslu eldsneytis.

Mjög mikilvægt er að ná sem mestum úrgangi inn í hringrásina til að sem allra minnst fari til spillis af verðmætum. Ekki er spurning að um gríðarmikilvæga auðlind er að ræða en hins vegar ekki ljóst hverjir muni fá aðgang að henni. Verður það „fyrstur kemur – fyrstur fær“ eða þarf að setja regluverk sem jafnar aðgengi að auðlindinni?

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið ætla að eiga frumkvæði að stofnun hringrásarklasa í nánú samstarfi við félög, fyrirtæki og klasa, sem mun hafa það hlutverk að fylgja eftir hringrásarverkefnum á forsendum klasahugmyndafræði. Það feli í sér að lögð verði áhersla á að koma verkefnum í framkvæmd með samstarfi hagaðila. Öll meðhöndlun úrgangs þurfi að samræmast lögum um meðhöndlun hans.

Umhverfisstofnun vinni að fjölmörgum verkefnum sem miði að því að koma verðmætum sem skilgreind hafi verið sem úrgangur í gegnum tíðina aftur inn í hringrásina, þannig að unnt sé að innleysa þau verðmæti. „Gríðarleg tækifæri eru í þessum efnunum og sóknarfæri, ekki síst núna þegar verðlag er hátt, að við gætum þess að sóa ekki verðmætum,“ segir Sigrún.

Auðveldast og erfðast

Nýlega skilaði ráðgjafarfyrirtækið Efla matvælaráðuneytinu samantekt um nýtingu lífbrjótanlegra efna í landbúnaði og landgræðslu ásamt tillögum að markmiðum og aðgerðum.

Í skýrslu Eflu er sagt brýnt að forgangsraða verkefnum sem snúa að aukinni nýtingu þeirra lífræna efna sem ekki nýtast nógu vel í dag, og horfa til þess hvaða efni er hægt að nota í auknum mæli án mikils tilkostnaðar. Talið er auðveldast að nýta kjötmjöl, hrossatað, kjúklingaskít og Bokashi-moltu. Þetta séu efni sem eru þurrari en önnur lífræn efni og því ekki eins kostnaðarsöm í flutningum og þau sem innihalda mikið vatn. Ekki þurfi heldur að fara út í kostnaðarsama innviðaupbyggingu til að auka nýtingu þessara efna, þótt henni fylgi alltaf flutningskostnaður.

Meiri fyrirhöfn og undirbúningur eru talin vera við að auka nýtingu svínaskíts, svartvatns, seyru, hliðar-afurða sláturhúsa og fiskeldismykju. Um sé að ræða efni sem í sumum tilfellum eru lítt næringarrík, t.d. seyra og svartvatn, auk þess sem notkun þeirra kalli á flóknari meðhöndlun og hreinsun til að koma í veg fyrir mengun. Eru sem dæmi nefnd seyra, svartvatn og dýrahæ. Fiskeldismykja er einnig á þessum lista þar sem um er að ræða vatnsmikið efni sem dýrt er í flutningum og fara þurfi út í mikla og kostnaðarsama innviðaupbyggingu til að hægt sé að auka nýtingu hennar. Vert sé að hafa í huga að fyrirséð er



Ítarlega efnagreiningu og eftirlit með lífrænum úrgangsefnum þarf stöðugt að viðhafa til að vita fyrir víst hver raunveruleg næringarefni eru í þeim áburði sem menn hyggist nota, segir Friederike Danneil. Mynd / Úr safni

að mikið verði af fiskeldismykju í framtíðinni og því mikilvægt að huga að leiðum til að nýta það efni sem til fellur í landeldi.

Næringarefnin til spillis

Mátis hefur áætlað að heildarmagn næringarefna í lífrænum efnunum sem til falla árlega séu álíka og magn næringarefna sem flutt er til landsins á formi tilbúins áburðar. Lífræn efni eru þó takmarkað nýtt þó að viss efni séu töluvert notuð til túnræktar, svo sem nautgripamykja og sauðatað. Önnur efni eru minna nýtt, svo sem fiskeldismykja, kjúklinga- og hænsnaskítur og seyra úr rotþróum og skólphreinsistöðvum. Stór hluti næringarefna í lífrænum efnunum sem falla til fer því til spillis.

Mest af næringarefnum er að finna í búfjáruþgangi og mikið magn í úrgangi frá eldisdýrum, t.d. í svína- og alifuglarækt. Þá eru næringarefni ríkuleg í úrgangi frá fiskeldi. Rannsóknir hafa sýnt að slóg úr bolfiski er t.d. ekki síðri jarðvegsáburður en kúamykja.

Jafnframt eru næringarefni í skólpi og seyru, ásamt matarúrgangi en nýting þeirra efna er mjög lítil. Sérfræðingar benda á að varast skyldi að draga þá ályktun að nóg sé til af næringarefnum hér á Íslandi, þar sem stór hluti næringarefna í búfjáruþurði komi úr innfluttum tilbúnum áburði og kjarnfóðri. Þá ríki óvissa um hversu stór hluti sláturúrgangs og dýrahæja sé nýtanlegur út frá heilbrigðissjónarmiðum.

Kjötmjölsframleiðsla aukin

Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins hefur lagt áherslu á að lífræn efni sem eru auðnýtanleg sem áburðarefni í landbúnaði verði fyrst og fremst nýtt þar og hvarar verði þá frekar í þá átt að þau efni sem innihalda minni áburðarefni verði nýtt til landgræðslu.

Tækifæri til að auka nýtingu lífræns úrgangs liggja víða og víst að með góðum vilja mætti nýta hann allan burtséð frá tegund.

Vatnsinnihald, næringarinnihald og sýkingarhætta muni þó ætíð setja skorður við nýtingu hans, bæði hvað varðar umhverfisþætti og kostnað.

Ljóst er að farveg vantar víða fyrir úrgang þegar urðun er ekki lengur leyfileg og eru flutningskostnaður og vegalengdir þar ýmsum óþægur ljár í þúfu. Urðun mun enn vera einn helsti farvegur lífræns úrgangs þrátt fyrir að slíkt hafi verið bannað frá sl. áramótum.

Áhersla á staðbundin efni

„Ég held að framtíð íslensks landbúnaðar liggja í samsettri notkun lífræna efna, eða áburðarurða byggðum á lífrænum efnunum, og sjálfbært framleidds steinefna-áburðar, einkum köfnunarefnis-áburðar,“ segir Friederike Dima Danneil, sérfræðingur í rannsóknunum á sviði ræktunar og fæðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún kom að tilraunum Matís varðandi sjálfbæra áburðargjafa sem orðið hefur hvati um frekari rannsóknunum og nýjungum.

„Áherslan ætti að vera á staðbundin innlend og tiltæk lífræn úrgangsefni og orkuauðlindir, þ.e.a.s. jarðvarma eða raforku framleiddri úr jarðhita, til áburðarframleiðslu,“ heldur Friederike áfram. „Að auka áburðarverðmæti lífræna efna er alþjóðleg áskorun þar sem áburðarkreppan heldur áfram á alþjóðavettvangi. Hún er þráður í matvælaframleiðslu margra þjóða sem allar reiða sig á steinefnaáburð fyrir nægilega matvælaframleiðslu. Það að læra af og fylgjast með öðrum í viðleitni okkar hér er viðvarandi verkefni.“

Friederike telur að prófa þurfi mismunandi aðferðir við íslenskar aðstæður fyrir hvert lífrænt efni og á þar m.a. við hráefnisframboð, orku; rafmagn eða jarðhita, ensím og kemísk efni.

„Ef það er eina aðgengilega lausnir fyrir hvert efni, einnig með tilliti til hagkvæmni, verður þetta nánast sjálfkrafa algengt hjá bændum á Íslandi, þar sem það

verður ekki bara sjálfbært, heldur fyrst og fremst afkastamið og hagkvæmt fyrir bændur,“ segir hún.

Sömuleiðis bendir Friederike á að mest af lífrænum úrgangi og aukaafurðum innihaldi ekki nægilegt magn af köfnunarefni sem er tiltækt fyrir plöntur til að vera samkeppnishæft við steinefna-köfnunarefnisáburð. Koma þurfi á fót umhverfisvænni köfnunarefnisáburðarframleiðslu með nýstárlegum aðferðum. Hugmyndir að slíku séu til staðar og einnig orkuforsendur. „Ísland gæti vel bætt við sjálfbæra áburðarotkun í íslenskum landbúnaði,“ segir hún.

Ítarleg efnagreining og eftirlit með lífrænum úrgangsefnum séu nauðsynleg til að vita fyrir víst hver raunveruleg næringarefni eru í þeim áburði sem menn hyggist nota.

Hún bendir einnig á að niðurbrot gangi betur ef lífrænum efnunum sé blandað í efsta jarðvegslagið en ekki bara lagt ofan á það. Það auðveldi ferlið við steinefnamyndun lífræna efnasambandanna.

Þá sé vert að halda til haga að þáttur hugsanlegrar mengunar lífræns úrgangs og aukaafurða hafi lítið verið rannsakaður. Spendýr, alifuglar og fiskur séu oft föðruð og meðhöndluð með t.d. sýklalyfjum. Aðrir óæskilegir þættir lífræns úrgangs geti verið þungmálmar, málm- og plasthlutar. Það þurfi því að taka tillit til þess hversu mikinn áburð úr lífrænum uppruna þarf á hverja landeiningu og hvað það hefur í för með sér hvað varðar hagkvæmni og mengun.

Sjálfr hefur Friederike mikinn áhuga á framgangi rannsókna varðandi notkun lífkola til jarðvegsbóta. Jafnframt telur hún að sérstaklega garðyrkjan ætti að skoða framleiðslu og notkun á hornspæni og laggæðull í lífrænan áburð vegna umtalsverðs magns af köfnunarefni.

Lífræn efni víða á teikniborðinu

Unnið er hörðum höndum á ýmsum vettvangi við að hanna lausnir til að leysa þörfina fyrir tilbúinn áburð með nýtingu lífræna efna sem til falla.



Friederike Dima Danneil.



Sigrún Ágústsdóttir.

Meðal þeirra er verkefnið Terraforming LIFE, samstarfsverkefni Landeldis hf., Bændasamtaka Íslands (BÍ), Orkideu, Ölfuss Cluster o.fl. Verkefnið miðar að því að próa nýja aðferð til að framleiða áburð og lífgas úr þeim lífræna úrgangi sem fellur til við fiskeldi á landi og úr landbúnaði.

Nýsköpunarfyrirtækið Atmonia hefur að markmiði að búa til ammoníak úr nitri andrúmsloftsins. Ammoníakið verði síðan notað til að framleiða áburð til landbúnaðarframleiðslu eða sem eldsneyti á skip. Atmonia er m.a. nýlega komið í samstarf við Sorpu um nýtingu afgass í köfnunarefnisáburð til frumframleiðslu áburðar.

Unnið er að hugmyndum um lífokuver á Dysnesi í Eyjafirði sem gæti m.a. nýtt dýrahæ og áhættuvefi úr afurðastöðvum til orkuvinnslu í kjötmjöl og fitu fyrir lífdísil.

Hugmynd er uppi um áburðarverksmiðju á Reyðarfirði í tengslum við verkefnið Orkugarð Austurlands og hefur nú verið samið við landeigendur 8 jarða í Fljótsdal um landleigu fyrir mögulega byggingu vindmylla til raforkuframleiðslu fyrir rafeldsneyti.

Mikil þróun mun hafa átt sér stað á sviði ræktunar eða sjálfbærrar nýtingar smá- og stórþorunga og aukaafurða úr þeim til framleiðslu lífræna orkugjafa sem hægt væri að nýta í íslenskum landbúnaði. Resea Energy ehf., meðlimur í Samtökum þörungafélaga, vinnur að slíku verkefni hér á landi.

BÍ hvetja til að lífræn úrgangur verði í auknum mæli notaður í kjötmjölsframleiðslu.

Lífkolaframleiðsla geti verið lausn þar sem endurnýting í formi áburðarframleiðslu sé ekki möguleg.

BÍ telja að það regluverk sem gildi í dag gangi í nokkrum veigamiklum atriðum gegn markmiðum um hringrásarhagkerfið. Þannig komi regluverkið til að mynda í veg fyrir skynsamlega nýtingu á kjötmjöli sem áburðarefni. Ljóst sé að verði regluverkið ekki uppfært í samræmi við nýja tækni á sviði úrgangsmála þá séu allar lausnir sem styðja hringrásarhagkerfið í uppnámi.

Virðist því ljóst að horft er í auknum mæli á lífrænan úrgang sem auðlind og mörg verkefni í farvatninu um nýtingu hans til áburðargerðar. Vettvangurinn er mjög lifandi og rannsakendur, stjórnmöld og hagaðilar virðast vera að taka saman höndum um að skapa verðmæti úr úrgangi og halda lífrænum efnunum í hringrásinni. /sá

Milwaukee®

ALVÖRU VERKFÆRI

M18

EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 255 VERKFÆRI

M12

EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 110 VERKFÆRI

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Betri lausnir fyrir bændur

Stæðuyfirbreiðslur, stæðuveggir og stæðuplast

Helstu eiginleikar:

- Einfaldar og þægilegar við frágang, engin dekk
- Snyrtilegt eftir að stæða er lokuð
- Heilbriggt gras og engar skemmdir á fóðri
- Þægindi í gjöfum
- Stæðan kemur í nokkrum 2m breiðum renningum sem þú tekur af við gjöf
- Margfalt léttari frágangur en á hefðbundnum stæðum sem notast við dekk eða sandpoka



Mykjulón


Við bjóðum upp á mykjulón frá D.L plastic sem eru leiðandi í framleiðslu á mykjulónum, mykjutönkum og fiskeldistönkum í Evrópu

Verð á mykjulónum:

1000 m³ - 2.200.000 kr,-
2000 m³ - 3.300.000 kr,-
2500 m³ - 3.600.000 kr,-
3000 m³ - 4.300.000 kr,-
3500 m³ - 4.500.000 kr,-
4000 m³ - 5.000.000 kr,-

Verð án vsk og m.v. gengi EUR 145
2ja ára ábyrgð er á lónunum
Við uppsetningu á lónum kemur maður frá D.L. plastic sem sér um skipulag og stýrir ferlinu.

Getum einnig útvegað hrærur í lónið og gert teikningar og tilboð í jarðvinnu.



Fyrir nánari upplýsingar hafð samband við:

Guðmund Karl Eiríksson, Sölustjóra - Sími: 848-1468
gudmundur@eco-garden.is





Fiskveiðieftirlitsmaður National Marine Fisheries Service í Alaska heldur hér á rauðum kóngakrabba. Mynd / Wikipedia.

Alaska:

Lokað fyrir krabbaveiðar

Krabbaveiðar, ein hættulegasta atvinnugrein veraldar, er meðal annars stunduð á haustin undan ströndum Alaska. Sl. tvö ár hafa þarlend yfirvöld þó lokað fyrir veiðar vegna aflaleysis.

Um ræðir rýrnun stofna rauða kóngakrabbans svo og snjókrabba í Beringshaf. Kemur það nokkuð á óvart, en fyrir um fimm árum var stofn þeirra þéttur og góður og verð á krabbakjöti í hæstu hæðum.

En hvað veldur þessari rýrnun? Telja vísindamenn og líffræðingar að aðallega sé um tvennt að ræða – togveidisjómenn og hlýnun jarðar. Trollnetin skaði búsvæði krabba þar sem þau dragast yfir hafsbottinn en þetta eru svæði þar sem krabbinn parast og hefur setu á meðan hann er á viðkvæmu mjúkskeljastigi.

Til viðbótar við þetta hefur ísmyndun í Beringshaf minnkað allverulega sl. tvo vetur, hitastig sjávar hækkað og því áhrifin á lífríki hafins sífellt að breytast. Haft er eftir vísindamönnum að tvö ár af lítilli þekju hafiss og óeðlilega hlýjum sjávarhita vegna loftslagsbreytinga



Krabbakjöt er selt dýrum dómum, hér á Pike Place-markaðinum í Seattle.

kunni að hafa breytt vistkerfinu á þann hátt að snjókrabbi eigi erfitt með að lifa af og talið er það taki frá 6–10 árum fyrir stofninn að jafna sig.

Mike Litzow, yfirmaður rannsókna við Kodiak Fisheries Science Center, segir árlega könnun stofnunarinnar hafa leitt í ljós fall heildarstofns krabba í Beringshaf úr sögulegu hámarki, 11,7 milljörðum frá árinu 2018, í 940 milljónir árið 2021, því lægsta sem nokkurn tíma hefur mælst.

Sendu Alaska Bering Sea Crabbers, hagsmunasamtök krabbaveiðimanna, beiðni til National Marine Fisheries Service um að loka öllum tegundum veiða í 180 daga í austurhluta Beringshafs í viðleitni til að vernda rauða kóngakrabbann. Þeirri beiðni var hafnað en þess í stað voru kannaðir aðrir valkostir sem fælu í sér mögulegar veiðilokanir á helstu mökunar- og moldarsvæðum rauðkóngakrabba

Til skamms tíma er tap á uppskeru rauðkóna- og snjókrabba hrikalegt. Krabbaveiðimenn í Alaska keppast við að halda sér á floti og oft heilu samfélögin sem sum hver treysta á krabbauppskeruna fyrir meira en 90% af skatttekjum sínum. Því má nærri geta að þeir fiskimenn sem hafa afkomu sína af krabbaveiðum séu orðnir örvæntingarfullir. Í maí úthlutaði bandaríska viðskiptaráðuneytið tæpum 192 milljónum dollara til að aðstoða fiskimenn í Alaska sem hafa orðið fyrir áhrifum vegna lokunar veiða á kóna- og snjókrabba síðustu tvö árin, en talið er að ærið margir muni hætta starfsemi áður en þeir peningar berast. /SP

Mjólkk best við þorsta

Þegar kemur að vökvajafnvægi líkamans er mjólkk góður valkostur sem drykkur - jafnvel betri en vatn.

Rannsókn sem gerð var á vegum St. Andrews-háskólans í Skotlandi leiddi í ljós að það er ekki endilega vatnið sem er best fyrir vökvajafnvægið þótt það sé nokkuð gott til að koma aftur á jafnvægi í líkama sem tapað hefur vökva, hvort sem er kolsýrt eða ekki. Þetta kemur fram á heilsuvef CNN-miðilsins og segir jafnframt að drykkir sem innihaldi smáræði af sykri, fitu eða próteini viðhaldi vökvajafnvægi lengur í líkamanum en vatn.

Þetta eigi orsakir að rekja til viðbragða líkamans við drykkjum. Að hluta til sé um að ræða magn vökva í viðkomandi drykk. Því meira sem þú drekkir því hraðar fari vökvinn úr maga þínum og út í blóðrásina þar sem hann getur stutt við vökvajafnvægi. En eftir því sem þetta ferli er skjótvirkara, þess skemur helst vökvajafnvægið.

Næringarinnihald skiptir máli fyrir vökvajafnvægið

Næringarinnihald skipti einnig máli í því hversu vel drykkur bæti vökvajafnvægi. Rannsókn St. Andrews hafi leitt í ljós að mjólkk hafi enn betri áhrif á vökvajafnvægi en vatn. Það sé vegna laktósans, þ.e.a.s. mjólkursykursins, próteinsins og fitunnar í mjólkinni. Allt hjálpi þetta til við að hægja á því að vökvinn fari úr maganum, sem viðhaldi vökvajafnvægi til lengri tíma en ella. Mjólkk innihaldi einnig sóðfum sem virki eins og svampur og haldi vökva lengur í líkamanum. Ekki kom fram í umfjöllun CNN hvort könnuð hafi verið sambærileg áhrif laktósalausrar mjólkur.

Sykurmeiri drykkir, bæði með viðbættum sykri og frá náttúrunnar hendi, svo sem ávaxtasafar og gosdrykkir, eru skv. rannsókninni ekki eins góðir fyrir vökvajafnvægi og drykkir með minna sykurinnihaldi.

Sykurrikari drykkir séu raunar lengur í maganum, en þegar vökvinn með hátt sykurinnihald fari úr maganum endi hann í smágirinu til að leysa betur upp sykurinn og það hafi ekki eins góð áhrif á vökvajafnvægið.



Gott vökvajafnvægi heldur líkamanum vel smurðum

Vanti fólk vökva í líkamanum er mælt með að velja alltaf vatn frekar en gos. Vatnið er líka nauðsynlegt fyrir nýrun og lifrina og hjálpar þessum líffærum að hreinsa eiturefni úr líkamanum.

Að halda góðu vökvajafnvægi í líkamanum haldi liðamótum vel

smurðum, hjálpi við að forðast sýkingar og að flytja næringarefni til fruma líkamans.

Hversu góðu vökvajafnvægi tiltekinn drykkur kemur á skipti þó líklega ekki höfuðmáli fyrir fólk nema þá helst í aðstæðum þar sem um mikið vökvatap er að ræða, eins og t.d. við íþróttaiðkun. /sá

Þú færð
vinnuljósinn
hjá okkur



PÓRHF
Reykjavík og Akureyri Thor.is
S 568-1500



Japan:

Örplast í skýjum

Örplast hefur nú fundist í skýjum samkvæmt nýrri rannsókn sem framkvæmd var af Waseda-háskólanum í Japan.

Sú staðreynd að örplastsagnir hafi fundist í skýjum eykur mengunarkættu á öllu því sem við borðum og drekkum til muna.

Í rannsókninni var regnvatni safnað við fjallstoppa Mt. Fuji (3.776 m) og Mt. Oyama (1.300 m) og það rannsakað með myndgreiningartækni til að sjá hvort og þá hversu mikið af plasti það innihélt.

Mest innihélt regnvatnið 14 mismunandi agnir af örplasti í einum lítra vatns. Agnirnar voru frá 7 til 95 míkrometri að stærð en til samanburðar er þykkt á hári manna að meðaltali um 80 míkrometrar.

Mengun örplasts hefur fundist í nær öllum vistkerfum jarðarinnar en hingað til hefur lítið verið vitað um áhrif örplasts í vedrahvolfinu en það er það gufuhvolf jarðar sem er næst jörðinni og nær frá yfirborði jarðar upp í 10–17 km hæð. Talið er að örplastið geti haft áhrif á skýjamyndun. /ÞAG

Páska- og vorferðirnar eru komnar í sölu

Áhyggjulaus ferðaupplifun á ógleymanlegum áfangastöðum

Að venju er úrvalið glæsilegt og býðst nú að njóta páskahátíðarinnar á Mallorca, í tékknesku borgunum Prag & Brno, við Bled vatn & Portorož eða í Tossa de Mar. Einnig bjóðum við upp á spennandi vorferðir til Hollands & Belgíu, við Gardavatnið og til Flórens & Caprí.

baenda
FERÐIR

Bókaðu núna á baendaferdir.is



Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400

Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX

Sláttuorf - 3 heðstöfl



Husqvarna 535RX

Sláttuorf - 2,2 heðstöfl



Husqvarna Traktor TC238T

Sláttutraktor - 18 heðstöfl



Husqvarna Rider 320X AWD

Sláttutraktor - 20 heðstöfl



Husqvarna LF75LAT

Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770

Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970

Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II

Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring

Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII

Keðjusög - 4,2 heðstöfl



Husqvarna AM310 MK II

Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X

Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X

Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X

Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305

Slátturóbot - 600m² - 40% halli

MHG VERSLUN

Víkurhvarf 8

203 Kópavogur

Sími 544 4656

www.mhg.is

MENNING

Á döfinni ...



Sakleysinginn hann Baldur þrælar alla daga í blómabúð og dreymir um ástir Auðar sem er í tygjum við leðurklæddan tannlækni með kvalalosta.

Myndir / Aðsendar.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins minntumst við á hina vinsælu sýningu Leikfélags Hveragerðis – söngleikinn vinsæla um Litlu hryllingsbúðina.

Átta leikarar fara með fjölmörg hlutverk í sýningunni en alls koma um 20 manns að uppfærslunni.

Frumssýning er áætluð föstudaginn 6 október, miðasala er á TIX.is og nánari upplýsingar er að finna á síðu Leikfélags Hveragerðis á Facebook. Sýningar hefjast kl. 19.30 og er sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23.



Alls taka fjórtán leikarar þátt í sýningu Leikfélags Sauðárkróks um hann Benedikt búálf, einn þekktasta barnasöngleik hérlendis – en hann var fyrst settur upp árið 2002 í leikstjórn Gunnars Gunnsteinssonar.

Myndir / Aðsendar.

Leikfélag Sauðárkróks:

Benedikt búálfur

Leikfélag Sauðárkróks hefur skemmt sér við það undanfarið að setja upp sýninguna um hann Benedikt búálf sem er nú kunnugur afar mörgum.

Um er að ræða einn allra þekktasta barnasöngleik þjóðarinnar og skemmtilegt ævintýri eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson með grípandi lögum og tónlist eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson. Var sýningin fyrst sett upp á Íslandi árið 2002 í leikstjórn Gunnars Gunnsteinssonar, en síðan margoft verið sett upp úti um allt land, þar á meðal hjá Leikfélagi Akureyrar. Nú er semsé komið að því að Leikfélag Sauðárkróks takist á við þetta stóra verkefni og hafa þau verið síðasta mánuðinn að æfa og undirbúa sýningar undir stjórn Gunnars Björns Guðmundssonar leikstjóra. Þess má geta að Gunnar er margreyndur leikstjóri með yfir 30 leikssýningar, 4 áramótaskaup og kvikmyndir eins og Astrópiu og Ömmu Hóff á bakinu.



Hefst sagan á því að búálfurinn uppátækjasami ákveður að fara í það og birtist henni Dídi mannabarni tandurhrein, með handklæði um sig miðjan. Enda búálfar aðeins sýnilegir mannabörnum þegar þeir eru blautir!

Örlög þeirra eru svo hins vegar þeim ósköpum gædd að þegar þeir verða mannabörnum sýnilegir, þá ráða mannabörnin hvað verður um þá. Benedikt og Dídi verða góðir vinir og lenda í miklum ævintýrum og mikilli hættu í Álfheimum, þó allt

fari vel að lokum.

Alls taka fjórtán leikarar þátt í sýningunni að þessu sinni, ásamt ótal aðilum sem eru á bakvið tjöldin.

Frumssýning verður föstudaginn 13. október í félagsheimilinu Bifröst á Sauðárkróki. Miðasala er á tix.is og einnig er hægt að panta miða í síma 8499434. Áætlaðar sýningar eru tíu talsins út október en eins og er fara einungis sex sýningar í sölu strax. /SP

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

YAMAHA GRIZZLY EPS FJÓRHJÓL

— klár til afgreiðslu!

Þrautreynd við íslenskar aðstæður — verð frá 2.560.000 kr.

Mikið úrval aukahluta í boði s.s. aukasæti og fótstig, framrúða, töskur omfl.

GÖTUSKRÁÐ,
HVÍT NÚMER

RAFMAGNSSTYRI

KRÓKUR,
DRÁTTARGETA
680 KG

WARN SPIL
AÐ FRAMAN

ULTRAMATIC SJÁLFSKIPTING
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á REIM,
5 ÁRA ÁBYRGÐ Á HJÓLI

HÁTT OG LÁGT DRIF
OG DRIFLAESINGAR

EINUNGIS 307 KG
MED BENSÍNI OG OLÍUM

YAMAHA Á ÍSLANDI

Kletthálsi 3, 110 Reykjavík
S 540 4980 | www.yamaha.is

Umboðsaðili



Leikfélag Kópavogs:

Rommí

Leikritið Rommí eftir Bandaríkjamanninn D.L. Coburn hefur skotið upp kollinum oftar en einu sinni og ávallt fengið mikið lof fyrir að vera jú akkúrat eins og leikrit eiga að vera!

Hugljúft, átakanlegt og sprenglæglegt og höfðar í raun til allra aldurshópa. Átakanlegt gamanverk ef svo mætti segja.

Fjallar verkið um fólk sem komið er af létta skeiði, einstaklinga búsetta á elliheimili, en þau eiga það sameiginlegt að vera heldur óánægð með tilveruna – einmana, gömul og hálfbitur. Þau eiga þó það sameiginlegt að hafa gaman af því að grípa í spil og skemmta sér hið besta við þá iðju ... a.m.k. fyrst um sinn. Kemur ýmislegt upp úr kafinu er líður á spilamennskuna, bæði fljúga örvar Amors um loftið auk þess sem ýmis uppgjör fortíðar eru sett á borðið.

Hefur Leikfélag Kópavogs nú tekið verkið upp á sína arma og er áætlað að sýningar hefjist í októberlok. Sýnt verður í Leikhúsinu í Funalind 2 Kópavogi og miðasala verður á vefsíðunni www.kopleik.is/midasala/. /SP



Rommí!

Mynd / Aðsend.

BLEIKUR OKTÓBER !

OKTÓBERSTJARNAN ER NÚ KOMIN Í ALLAR HELSTU BLÓMAVERSLANIR.

RÆKTUÐ AF BIRGI GARÐYRKJUBÓNDA Í HVERAGERÐI. HLUTI SÖLUVERÐS RENNUR TIL VERKEFNIS KRABBAMEINSFÉLAGSINS „BLEIKA SLAUFAN“



Blóm gera kraftaverke

íslensk
blóm 

TM

Þjónusta TM er
hugsuð fyrir þig

Á tm.is og í **TM appinu** getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hestamennska:

Stórafmæli Félags tamningamanna

– Tamningameistarar og afreksknappar mæta til leiks

Félag tamningamanna (FT) hefur verið starfandi í meira en hálföld og hefur haft það hlutverk að verja hagsmuni íslenska hestsins.

Félagið hefur í gegnum tíðina talað fyrir sanngírni í allri meðferð hestsins, rétttri og góðri tamningu hans og leitt faglegt starf innan hestamenskunnar, m.a. með því að efla og fræða félagsmenn sína, sem og almenning.

50 ára afmæli

Laugardaginn 2. desember nk. í Reiðhöllinni í Víðidal á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks mun félagið standa fyrir veglegri afmælishátíð í formi fyrirlestra og sýnikennslu í telfni 50 ára afmælis Félags tamningamanna. Hátíðarhöldunum var á sínum tíma frestað vegna heimsfaraldursins en nú eru hjartari tímar fram undan og blásið verður til veislu.

Félagið var stofnað 10. apríl 1970 á Hótel Loftleidum í Reykjavík. Stofnfélagarnir voru 12, en í dag eru félagsmenn um 350 talsins. Pétur Behrens var gjaldkeri fyrstu stjórnar FT og segir að hugmyndin að stofnun félagsins hafi kviknað í litlu herbergi norður á Ströndum. „Ég og Jón Þórðarson vorum við tamningar í Húnavatnssýslu á sjöunda áratugnum. Þar hittum við fyrir tvo aðra unga tamningamenn, þá Reyni Aðalsteinsson og Sigurjón Gestsson. Allir vorum við sammála um að nauðsynlegt væri að stofna félag um sameiginlega hagsmuni tamningamanna, sem þá voru eins konar farandverkamenn sem flökuðu um landið við tamningar á hrossum,“ segir Pétur.

Félagið stofnað

Úr varð að Pétur sendi póst á alla þá tamningamenn sem þeim félögum kom til hugar og bauð þeim að gerast félagsmenn í Félagi tamningamanna. „Fá svör bárust við bréfinu og þeir sem ekki fengu póst móðguðust og litlu munaði að

stofnað yrði annað félag. Af því varð þó ekki. Það var vor í lofti, fram undan var Landsmót hestamanna á Skógarhólum og fyrsta Evrópumót eigenda íslenskra hesta í Þýskalandi. Þetta voru spennandi tímar,“ segir Pétur aðspurður um stofnun félagsins.

Í dag er formaður félagsins Sylvía Sigurbjörnsdóttir. Auk hennar sitja í stjórn Þórarinn Eymundsson, Mette Mannseth, Rúna Björg Vilhjálmsdóttir, Johannes Amplatz, Fanney Dögg Indriðadóttir og Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir.

Gríðarleg þekking og reynsla

Sylvía segist vera full tilhlökkunar og telur að afmælishátíðin verði viðburður sem enginn áhugamaður um íslenska hestinn megi láta fram hjá sér fara. „Félag tamningamanna samanstendur af fagmenntuðum einstaklingum í tamningum, þjálfun og reiðmennsku.

Innan raða félagsins er mikill og djúp þekking á íslenska hestinum sem okkar fremstu knappar og reiðkennarar munu deila með áhugasömum á afmælishátíð félagsins. Við stefnum að því að halda bæði fyrirlestra og sýnikennslu ásamt öðrum skemmtilegum upptökum,“ segir Sylvía.

Tamningameistarar mæta

Félagsmenn FT eru útskrifaðir nemendur hestafræðideildar Háskólans á Hólum auk þeirra sem hafa lokið tamningaprófum fyrri ára. Einkennisbúningur félagsins, blár reiðjakki við hvítar buxur, hvít skyrtu og rautt bindi, þykir ævinlega hátíðlegur og setur svip sinn á hverja sýningu og keppni.

Æðsta tign félagsins er tamningameistari, eða reiðkennari A, og nú þegar hafa staðfest komu sína fjórir tamningameistarar félagsins sem munu taka þátt í afmælishátíðinni. Það eru þeir Eyjólfur Ísólfsson, Sigurbjörn Bárðarson, Þórarinn Eymundsson og Benedikt Línal.



Einkennisbúningur félagsins, sem er blár reiðjakki við hvítar buxur, hvít skyrtu og rautt bindi þykir ævinlega hátíðlegur.

Mynd / Kolbrún Grétarsdóttir

Einnig munu aðrir afreksknappar mæta til leiks, s.s. Árni Björn Pálsson og Jóhanna Margrét Snorradóttir.

Meginmarkmiðin standa enn

Markmið FT, sem nú hefur verið starfandi í rúmlega 53 ár, hefur alla tíð verið að stuðla að rétttri og góðri tamningu hesta. Verkefni félagsins hafa verið fjölmörg í gegnum tíðina en undanfarin ár hefur umræða um blóðmerahald farið hátt sem félagið hefur gagnrýnt og tekið harða afstöðu gegn.

Í tíð félagsins hafa orðið miklar framfarir í reiðmennsku

og meðhöndlun hrossa sem og allri aðstöðu og umgjörð. Eins og stofnfélaginn Pétur Behrens komst svo skemmtilega að orði að snarpir vindar hafa blásið en meginmarkmiðin hafa ekki glatast.

Sylvía er þessu sammála og tekur undir að félagið hafi gegnt mikilvægu hlutverki í framgöngu íslenska hestsins í gegnum tíðina. „Það er einnig mikilvægt að félagið sinni sínu hlutverki áfram. Að það standi vörð um íslenska hestinn, hagsmuni hans og sé leiðandi í faglegum aðferðum við tamningu hans og þjálfun. Engu að síður megum við ekki gleyma hvaðan við

komum og mikilvægt að halda í þær mörgu góðu hefðir sem fylgja okkar reiðmennsku og umönnun hestsins. Fallett og gott hugarfar gagnvart hestinum skiptir öllu máli.

Við megum aldrei gleyma hvers vegna við löðuðumst að hestinum til að byrja með, hann hefur svo mikið aðráttarafi og færir okkur ómælda gleði og sterka tengingu við náttúruna. Það eru forréttindi að fá að vera í kringum þessa tignarlegu og einstöku skepnu,“ segir Sylvía.

Að lokum hvetur hún alla sem tók hafa á að mæta á afmælisýningu félagsins, fræðast um hestinn og heiðra hann. /ÞAG

BYKO
GERUM BETTA SAMAN

BÖCKMANN

BÖCKMANN HESTAKERRUR FÁST Í BYKO

leiga@byko.is | 515-4020



Sólheimar efna til málþings um stöðu lífrænnar ræktunar í landinu.

Mynd / Sólheimar

Málþing:

Fjallað um lífræna ræktun frá öllum hliðum

Sólheimar í Grímsnesi hafa beitt sér fyrir lífrænni ræktun frá upphafi starfseminnar árið 1930.

Efnt verður til málþings um lífræna ræktun og framleiðslu í Vigdísarhúsi, Sólheimum, 6. október og þar horft fram á veginn. Stíga á svið bæði vísindamenn á sviði ræktunar, lífrænnir bændur og ræktendur sem fjalla um helstu álitæfni lífrænnar ræktunar í dag frá mörgum hliðum. Að auki verður kynnt skýrsla Environice um stöðu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og tillögur til stjórnvalda.

Meðal þeirra sem flytja erindi verða dr. Ólafur R. Dýrmondsson, Kristján Oddsson, mjólkurframleiðandi á Hálsi í Kjós, Þórður G. Halldórsson, f.v. garðyrkjubóndi á Akri í Laugarási, Erla H. Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Lífræns Íslands, Sævar Ó. Ólafsson, Samkaupum og Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

Aðgangur er ókeypis og öllum opin en nauðsynlegt að skrá þátttöku. Dagskrá og frekari upplýsingar um málþingið eru á vefsíðu Sólheima. /sá

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði
Husqvarna byggingavörum
á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði
og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsg
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfsg
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökväsög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



10 ára afmælisráðstefna
Ráðgjafarmiðstöðvar
landbúnaðarins

Fimmtudaginn 23. nóvember
á Hótel Selfossi

Taktu daginn frá!

ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI Í LANDBÚNAÐI

Í tilefni af 10 ára afmæli Ráðgjafarmiðstöðvar
landbúnaðarins þá munum við halda
afmælisráðstefnu fimmtudaginn
23. nóvember á Hótel Selfossi.



Yfirskrift ráðstefnunnar er: **Áskoranir og tækifæri í landbúnaði**

Dagskrá ráðstefnunnar hefst kl. 10:00 og áætlað er að henni ljúki um kl. 15:00
og að henni lokinni verða gestum boðnar léttar veitingar.

Hátíðarkvöldverður verður á Hótel Selfossi um kvöldið og hefst hann kl. 19:30.

Við óskum eftir því að þátttakendur skrái sig á ráðstefnuna svo hægt sé að áætla fjöldann.

Ráðstefnan sjálf er í boði RML en þátttakendur geta keypt hádegisverð
og hátíðarkvöldverð á Hótel Selfossi.

Skráningareyðublað er á heimasíðu okkar rml.is eða hér í gengum kóðann.

Nánari dagskrá verður birt er nær dregur.

Taktu daginn frá !

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins | 516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is



Elísabet Gunnarsdóttir með hundinn Ripley endaði í 24. sæti og Maríus Halldórsson með hundinn Rosa endaði í 30. sæti á heimsmeistaramóti smalahunda þar sem 240 keppendur tóku þátt. Mynd / Aðsend - SÍF

Íslendingar á heimsmeistaramóti smalahunda

Á Norður-Írlandi var haldið heimsmeistaramót alþjóðlegra samtaka smalahunda á dögnum. (e. International sheep dog society)

Tveir Íslendingar ásamt smalahundum sínum tóku þátt, en heimsmeistaratitillinn féll í skaut Norðmanna að þessu sinni.

Í heildina tóku 240 hundar þátt sem komu frá 30 mismunandi löndum og til að halda mótið þurfti 1.200 kindur sem nýttar voru til smalamennskunnar.

Fyrir hönd SFÍ fóru Elísabet Gunnarsdóttir með hundinn Ripley og Maríus Halldórsson með hundinn Rosa. Elísabet og Ripley enduðu í 24. sæti en Maríus og Rosi í 30. sæti.

Það var svo Norðmaðurinn Petter Landfald með hundinn Max sem landaði heimsmeistaratitlinum eftir mjög fagmannlega útfært rennsli.

Fyrstu tvo dagana er keppt í sex 40 manna riðlum en efstu keppendur hvers riðils halda áfram í undanúrslit og að lokum standa eftir 16 keppendur sem taka þátt í úrslitum.

Þegar komið er í úrslit verða verkefnið töluvert erfiðari. Í tilkynningu frá Smalahundafélagi Íslands (SFÍ) er greint frá því að hundarnir byrja á að sækja einn hóp af tíu kindum og færa á ákveðinn stað í brautinni. Því næst þurfa þeir að snúa frá þeim hópi og sækja annan hóp kinda sem staðsettur er annars staðar í brautinni. Sameina þarf kindahópana og reka eftir beinni línu á svokölluðum þríhyrningi í gegnum hlið og skiptihring. Þegar því er lokið þarf að flokka frá 15 kindur sem ekki eru með hálsól.

Þetta allt þarf að framkvæma á undir 30 mínútum. /þag

Fiskipróteín fyrir konur

– Heimsmeistarar í Crossfit í frumkvöðlastarfi

Matvælasjóður hefur úthlutað þremur milljónum í styrk til rannsókna og framleiðslu á próteini úr íslenskum fiski sem verður sérstaklega markaðssett fyrir konur.

Gísli Ragnar Guðmundsson er styrkþeginn en með honum að verkefninu standa tvær af fremstu íþróttakonum Íslands, Katrín Tanja Davíðsdóttir og Annie Mist Þórisdóttir, sem hvor um sig er tvöfaldur heimsmeistari í Crossfit og hafa því hlotið titilinn „fittest on earth“.

Vörumerkið dóttir

Gísli, sem er iðnaðarverkfræðingur að mennt, hefur áður starfað með Katrínu Tönju og Annie Mist undir vörumerkinu dóttir við hönnun og framleiðslu á heyrnartólum sem hlaut mjög góðar viðtökur. „Við Katrín kynntumst í Verzlunarskólanum fyrir tæpum 10 árum en þar vorum við bekkjarfélagar. Þær höfðu svo samband við mig nokkuð seinna og fengu mig til liðs við sig til að vinna að vörumerkinu dóttir sem er í þeirra eigu. Vörumerkið settu þær á laggirnar fyrir nokkrum árum en þær hafa verið að velta fyrir sér hvernig þær geti látið gott af sér leiða og þróað sinn feril eftir að keppni lýkur, líkt og margir íþróttamenn gera,“ segir Gísli.

Katrín Tanja og Annie Mist eru miklar fyrirmyndir, bæði innan vallar sem utan, og eru talskonur heilbrigðs lífsstíls. Þær njóta vinsældra á samfélagsmiðlum og hafa hvor um sig 1–2 milljónir fylgjenda. Í starfi sínu sem íþróttakonur í fremstu röð á heimsvísu hafa þær í gegnum tíðina átt í samstarfi við ýmis fyrirtæki sem snúa að heilbrigðum lífsstíl og þar á meðal við fyrirtæki sem framleiða ýmiss konar vítamín og fæðubótarefni.

Þær hafa því töluverða reynslu af notkun fæðubótarefna og ávinningi þeirra ásamt því að hafa ákveðna skoðun á slíkum vörum. Þessa þekkingu vilja þær nýta til að setja á



Styrkþegarnir Gísli Ragnar Guðmundsson, Annie Mist Þórisdóttir og Katrín Tanja Davíðsdóttir. Mynd / Aðsend

markað prótein og kollagen unnið úr íslenskum fiski sem hugsað verður sérstaklega fyrir konur.

Markaðssett fyrir konur


Gísli segir að þær rannsóknir sem hafa verið gerðar varðandi fæðubótarefnið prótein, inntöku og áhrifa þess, séu fáar miðaðar að konum en konur eru síður nýttar til rannsókna vegna tíðahringsins sem hefur mögulega áhrif á niðurstöðurnar. Hugmynd þeirra sé að framleiða og markaðssetja prótein sem ætlað er konum, en henti þó öllum, og með því móti stuðla að bættum lífsgæðum kvenna og heilbrigðari lífsstíl þeirra. Þau hafa sérstaklega verið að skoða áhrif próteininntöku á breytingaskeiði kvenna og hvernig það geti mögulega auðveldað þessar breytingar.

Þau eru í samstarfi við nýsjálenska vísindakonu, dr. Stacy Sims, sem vakið hefur athygli fyrir rannsóknir sínar á kynjamun á þjálfun og næringu yfir ævina. /þag

Varan á rannsóknarstigi

Gísli segir að flest það prótein sem er á markaði í dag sé svokallað „whey“ prótein sem er unnið úr mjólkurvörum. Þau vildu hins vegar vinna prótein og kollagen úr fiski sem fellur til og er ekki nýttur og stuðla þannig að sem bestri nýtingu hráefnisins. Þau hafa átt samtal við framleiðslufyrirtækið FoodSmart Nordic, sem staðsett er á Blönduósi, með rannsóknarvinnuna. „Verkefnið okkar er á rannsóknarstigi í dag. Eins og staðan er í dag þá er framleiðslukostnaður of hár en með ákveðinni stærðarhagkvæmni má ná kostnaði niður. Við erum því að kanna það hvort framleiðendur í Bandaríkjunum, sem Annie og Katrín hafa verið í samstarfi við áður, séu tilbúnir að koma að framleiðslunni með okkur.“ Gísli segir að lokum að hann sé spenntur fyrir framhaldi verkefnisins og vonar að linur fari að skýrast fljótlega varðandi framleiðslu svo hægt verði að halda áfram með vinnslu verkefnisins. /þag

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Brákarey:

Sauðfjárslátrun allt árið

Í Brákarey í Borgarfirði er handverksslátruhús sem slátrar sauðfé og stórgripum árið um kring.

Eiríkur Blöndal stjórnaformaður segir haustin ekki vera sama álagspunktur og í hefðbundnum slátruhúsum. Að jafnaði er slátrað vikulega, en Eiríkur segir slátrudagana vera tvo í hverri viku núna á haustin.

Á þessum árstíma sé helsta breytingin sú að meira sé slátrað af fullorðnu fé, en utan hefðbundins slátrutíma sé aðallega slátrað gimbrum.

Mikil nýsköpun

Núna sé þar að auki meira um að slátrað sé fyrir þá bændur sem taka lambkjöt til heimanota eða til frekari vinnslu og sölu beint frá býli. Brákarey býður bændum upp á að verka kjötið eftir þeirra óskum og segir Eiríkur þar mikla fjölbreytni og nýsköpun. Allir viðskiptavinirnir láti kjötið hanga.

Hann segir ágætt verð fást fyrir ferskt kjöt, en markaðinn ekki stóran. Mikill áhugi sé meðal fagmanna í veitingageiranum að versla þeirra vörur, því þó þær séu dýrari þá sé þetta af bestu gæðum.

Ólíkt því sem venjan er, þá hefur kjötið sem Brákarey selur veitingahúsum aldrei verið fryst.

Eiríkur segir kjötið ekki fást í hefðbundnum matvöruverslunum.

Önnur sérstafa slátruhússins er sú að það er með lífræna vottun. Þar sé því hægt að slátra nautgripum frá þeim kúabúum sem eru hluti af Biobú. Þar sem hafi orðið bakslag í lífrænni vottun sauðfjárrættarinnar séu vannytt tækifæri á því sviði. Eiríkur segir umsvif slátruhússins hafa aukist hægt og rólega. Nú sé um hundrað gimbrum slátrað mánaðarlega utan venjulegs slátrutíma og er fjöldi starfsmanna á bilinu sex til átta.

Úrgangsmál óljós

Með breytingum á lögum um förgun lífræns úrgangs segir Eiríkur mjög óljóst hvernig hlutirnir eigi að verða og hvort ríki eða sveitarfélög eigi að sjá um framkvæmdina. Enginn móttökuaðili geti tekið við úrganginum og reiknar hann með að fleiri slátruhús glími við sama vanda. Því sem á annað borð sé hent sé enn urðað.

Brákarey hafi nýlega fengið styrk til verkefnis sem miðar að því að minnka losun úrgangs. „Við erum að vinna mikið við að nota sem mest af aukaafurðunum, þannig að við hirðum mjög margt og erum komin með góða samstarfsaðila í því.“ /ÁL



SAMSTAÐA GEGN SJÓKVÍAELDI!

→ Laugardaginn 7. október kl. 15:00 á Austurvelli

Næstkomandi laugardag munu bændur og landeigendur alls staðar að af landinu, ásamt breiðum hópi stuðningsmanna og náttúruverndarsinna, fjölmenna á Austurvöll og krefjast þess að stjórnvöld stöðvi sjókvíaeldi. Við hvetjum þig og alla þína til að mæta og sýna stuðning. Það er nú eða aldrei. Erfðablöndun er þegar hafin í íslenskum ám og umhverfissýslin hrannast upp hjá sjókvíaeldisiðnaðinum. Við þurfum að sýna ráðamönnum að norskir auðmenn komast ekki upp með arðrán og yfirgang sem mun eyðileggja íslenska náttúru og villtan lax.

BÍLALEST AÐ NORDAN

8:00 – Goðafoss
8:45 – Akureyri - Glerártorg
10:15 – Varmahlíð - Olís
11:00 – Blönduós - N1
12:15 – Staðarskáli
13:00 – Borgarnes - N1
14:00 – Reykjavík - Grjótháls 1
14:30 – Háskóli Íslands - Bílastæði Vatnsmýri
15:00 – Austurvöllur

BÍLALEST AÐ SUNNAN

12:00 – Hvolsvöllur - N1
12:30 – Gatnamót hringvegs og Skeiðarvegs (30)
13:00 – Selfoss - Bónus
14:00 – Reykjavík - Grjótháls 1
14:30 – Háskóli Íslands - Bílastæði Vatnsmýri
15:00 – Austurvöllur

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

Suðurland:

Matarhandverkið í blóð borið

– Íslensk framleiðsla samkvæmt ítalskri matarhefð

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Í gamla sláturhúsinu í Þykkvabæ hefur Roberto Tariello komið upp kjötvinnslu þar sem hann stundar ítalskt matarhandverk. Hann er fæddur og uppalinn í sveitþorpi í nágrenni Napólí og man eftir sér átta ára gömlum við pylsugerð með móður sinni.

Fyrirtækið Tariello ehf. hefur starfað frá 2012 og ættu neytendur að vera farnir að þekkja salami pylsurnar sem fást víða í verslunum. Samhliða þessu hefur Roberto hafið innflutning á ítalskri sælkeramatvöru. Einnig hefur hann starfað við leiðsögn ferðamanna, sem hefur stutt hann við uppbyggingu á kjötvinnslunni.

Vægi síðastnefndu vinnunnar hefur minnkað á undanförunum árum eftir því sem kjötvinnslan eflist. Matvælasjóður styrkti fyrirtækið nýlega um rúmar þrettán milljónir króna.

Ólu kálfa og svín

Uppeldisstöðar Roberto voru Limatola, lítið sveitþorp á sunnanverðri Ítalíu með nálægt þrjú þúsund íbúum á þeim tíma. Hann er fæddur árið 1980 og bjó þar til átján ára aldurs. Í þorpinu stunduðu margir landbúnað samhliða öðrum störfum, en þangað til á síðustu árum var ræktun tóbakslaufa ein helsta tekjulind bænda í héraðinu.

Faðir hans var útvinnaand, en móðir Roberto sá um heimilið og skepnurnar. Á bænum voru að jafnaði tvær kýr sem gáfu kálfa í kjöteldi. Einnig tóku þau tvo grísi á hverju ári sem voru aldir í ellefu mánuði. Með þessu gat fjölskyldan annars vegar aflað tekna af því að senda gripi í sláturhús og hins vegar fengið kjöt til eigin framleiðslu. Móðir hans gerði meðal annars salami, bjúgu og pancetta (lundabagga).

Tilgangur meðhöndlunarinnar var að verka kjötið á þann hátt að það varðveitist sem lengst, en þurrkuð pylsa getur geymst í ár. Reyking kjöts og notkun saltþækils tíðkast ekki á Ítalíu á sama hátt og hérlendis, heldur er allt þurrsaltað og látið hanga. Svínunum er oftast slátrað í desember, en þá er akkúrat rétt loftslag til að hægt sé að hengja kjötið og þurrka í venjulegum kjallara, án þess að stjórna loftraka og hitastigi. Þegar kjötið er látið hanga við þessar stöðugu aðstæður



Þurrkun á kryddpylsum krefst mikillar viðveru. Í upphafi verkunar þarf Roberto að líta til með pylsunum minnst tvisvar á dag, því hvorki má of- né vanþurrka. Hann lærði handverkið af móður sinni á Ítalíu, þar sem þurrkun á kjöti er aðferð til að varðveita afurðirnar sem lengst. Tilkoma þurrkofna gerir kleift að skapa sömu aðstæður og eru í kjallara húss í ítölsku sveitþorpi.

Mynd / Aðsend

þá þroskast það á svipaðan hátt og ostar.

Móðir Roberto hvatti systkinin til þátttöku þegar hún var að verka kjöt og matreiða.

Í gegnum hana fékk Roberto áhuga á eldamennsku. Átta ára gamall stóð Roberto við handknúna hakkavél heilu dagana á meðan móðirin útbjó tugi kílóa af pylsum. Þrettán ára byrjaði Roberto fyrst að vinna á veitingastað í

aukavinnu um helgar og á sumrin. Síðan þá hefur starfsferill hans einkennst af eldamennsku og matvælaframleiðslu.

Festist hér eftir bankahrunið

Frá átján ára aldri ferðaðist Roberto og vann sem kokkur fjarri heimalandinu. Hann bjó nokkur ár í Sviss og eitt ár í Bermúda. Árið 2007 kom Roberto fyrst til Íslands og stóð upphaflega til að dvelja í hálf tveggja árum en hann flytti til næsta lands. Roberto kunnir þó vel við landið og frestaði brottför, sérstaklega í ljósi mikillar uppsveiflu í hagkerfinu. Eftir að hafa lagt til hliðar tekjur frá Sviss og Bermúda átti Roberto góðan ferðasjóð í Bandaríkjadöllum og svissneskum frönskum. Þeim breytti hann yfir í íslenskar krónur, enda bauðst góð ávöxtun á hérlendum sparnaðarreikningum.

Á haustdögum 2008 var Roberto búinn að fá vilyrði fyrir starfi á veitingastað í Danmörku. Skömmu eftir atvinnuviðtal úti hrundi bankakerfið og virði ferðasjóðsins féll um meira en helming gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Því neyddist hann til að fresta frekari ferðalögum enda krónurnar hans lítils virði og gat sjóðurinn ekki tryggt áhyggjulaus ferðalög. Roberto viðurkennir að hann hafi í raun dagað upp á landinu og

var hann ósáttur við sitt hlutskipti í fyrstu. Nokkrum misserum eftir hrunið stofnaði Roberto ferðaþjónustu- fyrirtækið Icevisit með þáverandi sambyliskonu sinni, sem þau ráku saman til 2015. Síðan þá hefur hann rekið fyrirtækið einn og sérhæfir sig í að leiðsega ítölskum ferðamönnum.

Þykkvabær fyrir tilviljun

Fjölskylda þáverandi sambyliskonu Roberto bjó í Þykkvabæ og þannig heyrði hann af aðstöðunni í gamla sláturhúsinu sem hann gat leigt á hagstæðum kjörum, sem skýrir af hverju Tariello ehf. er í Þykkvabæ í dag. Þegar hann tók við aðstöðunni hafði hún ekki verið í notkun um árabil og þurfti Roberto að standsetja húsið.

Lengst af hefur Roberto verið einyrki og séð um allar hliðar kjötvinnslunnar, allt frá smíða- og steypuvinnu, vöruflutningum og sjálfa framleiðsluna. Nú er hann kominn með starfsmann úr Þykkvabæ í þrjátíu prósent hlutastarf, sem hann sér fram á að geta aukið upp í hálf tveggja.

Dýrmætur stuðningur frá Hellu

Roberto segir að Tariello ehf. hefði aldrei orðið til ef ekki hefði verið fyrir velvild þáverandi eiganda

„Allt sem ég framleiði, fyrir utan grillpylsurnar, tekur minnst tvo og hálfan mánuð í framleiðslu ...“

sláturhússins á Hellu, Þorgils Torfa Jónssonar. Hann sýndi tilraunaframleiðslunni áhuga og hafði trú á viðskiptaáætlun hans. Þorgils Torfi fékk að smakka salami sem hafði verið framleitt átta mánuðum áður og sagði að fyrst þetta bragðaðist svona vel eftir alla þessa geymslu þá hlyti ný framleiðsla að vera enn betri. Fram til þessa hafði fólk hvatt hann til að aðlaga vörurnar að íslenskum venjum, en það hugnaði Roberto ekki.

Til að byrja með fékk Roberto að nýta aðstöðuna í sláturhúsinu á Hellu til að vinna kjötið, eins og að skera niður og setja í garnir, og pakka að lokinni þurrkun. Þetta þurfti hann þó að gera á kvöldin eftir að starfsfólkið fór heim í lok dags. Þessu fylgdu flutningar fram og til baka, því þurrkklafarnir voru í Þykkvabæ. Þetta fyrirkomulag varði í fimm ár, þangað til Roberto bætti aðstöðuna í Þykkvabæ til að geta sinnt öllu ferlinu á einum stað.

Allt kjötið íslenskt

Frá upphafi hefur hann lagt áherslu á að vinna kjötvörur með sömu aðferðum og gæðum og tíðkast á Ítalíu, nema alfarið með íslensku kjöti. Til að byrja með framleiddi Roberto þrjár tegundir af salami, því hann vissi að með einföldu vöruúrvali gæti hann annað eftirspurn. Fyrir nokkrum misserum setti Tariello ferskar grillpylsur á markað sem hafa mælst vel fyrir.

„Allt sem ég framleiði, fyrir utan grillpylsurnar, tekur minnst tvo og hálfan mánuð í framleiðslu,“ segir Roberto. Þó eru margar vörur sem tekur enn lengri tíma að vinna. Flestar vörur Tariello eru þurrsaltaðar og kryddaðar og látnar þroskast við stýrðar aðstæður í nokkra mánuði. Í upphafi þurrkunar þarf Roberto að fylgjast grannt með pylsunum. Hann skoðar þær minnst tvisvar á dag fyrstu tju dagana, því hvorki má of- né vanþurrka og mistök í upphafi geti skemmt allt ferlið. Þrjá mánuði tekur að verka flestar afurðirnar. Um þessar mundir er því háannatími sem hefur staðið yfir frá því í lok ágúst, þar sem hann er nú að framleiða fyrir jólin.

Roberto vakti athygli fyrir að nota hrossakjöt þegar hann hóf sína vegferð. Það segir hann hráefni af bestu gæðum á meðan vörurnar á markaði voru að hans mati fábrotnar á þeim tíma.

Á Ítalíu er ekki sterk hefð fyrir notkun hrossakjöts, fyrir utan afmörkuð svæði.

Hann hefur lagt sig fram við að nota mjög hrein hráefni og sem fæst innihaldsefni. Til að byrja með vildi Roberto ekki nota nein aukaeefni, en lærði fljótlega að því gæti fylgt áhætta að sleppa þeim. Í flestum vörum er því nítratþykki, sem unnið er úr klettsalati, og er það rotvarnarefni. Það fer í eins litlu



Þurrkaðar svinakinnar, kallaðar guanciale, eru nauðsynlegt hráefni í carbonara pasta. Nú fást þær úr smíðju Tariello.

Myndir / AL



Allt kjötið sem Roberto notar í sína framleiðslu er íslenskt og hefur það verið stefna hans frá upphafi. Svinakjöt er meginhræfnið, þó Roberto vinni að þróun afurða alfarið úr hrossakjöti.

magni í uppskriftina og hægt er, eða sjö grömm fyrir hundrað kíló af kjöti.

Á meðan þurrkunin stendur yfir leysist aukaefnið svo upp.

Með þessu segist Roberto tryggja að varan sé alltaf örugg til neyslu. Nítratið komi í veg fyrir bakteríuvöxt, en hætta á bakteríumengun sé til staðar þegar framleiðsluprepin eru svona mörg. Ef hann notaði það ekki væri Roberto að setja viðskiptavininn og orðspor fyrirtækisins í hættu. Smávægileg mistök gætu haft miklar afleiðingar og eru sjö grömm af nítrati trygging gegn því.

Tveir stórir styrkir

Nú hefur Roberto fengið eina og hálf milljón í styrk frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi til að þróa þurrkun á heilum lambalærum og gera svokallað prosciutto, sem er ítalskt orð yfir skinku.

Hann stefnir á að setja fyrstu lærin á markað fyrir júl, en þau þurfa að liggja í kryddblöndu og salti í nokkrar vikur og þarf að bæta við salti og nudda í kjötið á tveggja daga fresti. Með því nær saltið alla leið inn að beini og eftir það eru lærin látin hanga í þrjá til fjóra mánuði. Parmaskinka er dæmi um kjöt sem verkað er á þennan hátt. Roberto telur að íslenskt lambakjöt verkað með þessum hætti ætti vel heima á ítölskum markaði og ætlar hann því að láta reyna á útflutning.

Matvælasjóður hefur jafnframt veitt rúmlega þrettán milljóna styrk til að gera Roberto kleift að þróa vörur úr hrossakjöti. Hann gerði átján mánaða samning við sjóðinn og mun hann þróa vörur og byrja markaðssetningu þeirra á þeim tíma. Þær vörur sem hann vinnur að núna eru annars vegar salami alfarið úr hrossakjöti og hins vegar þurrkaðir hrossakjötssvöðvar, eins og bresaola. Hann segir mikla vinnu og tíma fara í þróun nýrra vörulíða og því sé styrkurinn afar vel þeginn.

Roberto segir þetta vera í fyrsta skipti sem hann hefur fengið alvöru styrki til vörubrúnar. Þegar hann var að byrja sína vegferð fékk hann styrk frá Matís, en í stuttu

máli nýttist hann ekki í vörubrún og framleiðslu. Roberto þurfti að borga hundrað þúsund krónur fyrir fyrirtækjahandbók og eftir að hafa greitt fyrir gistingu og upphald á hóteli, þar sem haldið var námskeið, var mjög lítið eftir af styrknum.

Þarna þurfti hann helst að verja öllum sínum tíma í að framleiða vörur, enda nýbúinn að stofna fyrirtækið og með lán sem þurfti að greiða af. Hann varð því fráhrerfur styrkjum þar til Berglind, núverandi unnusta Roberto, hvatti hann til að reyna aftur.

Umsóknunum var hafnað tvisvar, en eftir að hafa leitað sérfræðiaðstoðar náði styrkbeiðnin loksins í gegn. Umsóknarferlið sé það flókið að Roberto segir nær ómögulegt að skila inn fullgildri umsókn án þess að vera langskólagenginn

Markaður enn fallvatur

Í gegnum tíðina hefur ferðaþjónustan styrkt uppbyggingu Roberto á kjötvinnslunni. Á allra síðustu árum hefur hann getað minnkað við sig í leiðsögninni til að einbeita sér að Tariello ehf. Hluti veltu fyrirtækisins kemur líka frá innflutningi á sælkeravörum frá Ítalíu. „Á síðustu tveimur árum hefur komið meira jafnvægi á reksturinn, en ég þarf enn þá oft að vinna til miðnættis,“ segir Roberto. Herslumuninn vanti upp á áður en hann myndi segja að reksturinn sé orðinn alveg tryggur, því staða hans á markaði er enn fallvölt og hann þarf að leggja traust sitt á þær verslanir sem hafa stærstu hlutdeildina á markaði.

Undanfarið hefur Roberto fjárfest í fyrirtækinu með því að kaupa afkastameiri tækjabúnað sem auðveldar framleiðslu. Sumir verkliðir sem áður tóku heilan dag eru núna kláraðir á klukkutíma. Þrátt fyrir aukin afköst leggur Roberto alla áherslu á að viðhalda sömu gæðum.

Þótt verðbólga hafi hækkað aðfangakostnað hefur verðið á vörunum hans lítið breyst.



Gamla sláturhúsið í Þykkvabæ hefur fengið nýtt hlutverk sem kjötvinnsla Tariello. Roberto hefur fengið að leigja það á hagstæðum kjörum, en á móti þurfti hann að leggja á sig mikla vinnu til að standsetja aðstöðuna.

„Ég greiði mér of lág laun til að halda vörunum á markaði og halda verði sambærilegu við það sem kemur að utan. Þó eru innfluttu vörurnar ekki af hæstu gæðum, heldur fjöldaframleiddar á stórum skala og með mun skemmri þurrkunartíma,“ segir Roberto. Afar fágætt sé að fá ítalskar kryddpýlsur úr handverkskjötvinnslu utan Ítalíu.

„Ég þarf ekki að verða ríkur,“ segir Roberto, en hann horfir á uppbyggingu fyrirtækisins sem langtímaverkefni og vill hann búa á landinu til langframa. Hann vill ekki taka svo til orða að hann hafi fundið sinn stað í lífinu, heldur væri rétt að segja að hann hafi skapað sinn stað. Undanfarið tíu ár hefur Roberto alfarið helgað sig uppbyggingu fyrirtækisins og því fórnað öllu félagslífi.

Ef hann hefði vitað árið 2012 hversu mikla vinnu uppbygging fyrirtækisins heimti, þá hefði hann ekki lagst í þessa vegferð.

Matarhefð mótist af aðstæðum

Roberto hefur oft velt því fyrir sér af hverju matvæli af þessu tagi

finnast ekki í íslensku matarhefð. Hann samþykkir ekki að Ítalir séu þróaðri í sinni framleiðslu eða snjallari kokkar, heldur stjórnist þetta af aðstæðum.

Á Ítalíu og í löndunum í kring var nóg salt og rétt loftslag, sem gaf fólki færi á að þróa þessar geymsluaðferðir, á meðan Íslendingar notuðust við súrsun og reykingu og höfðu takmarkað aðgengi að salti. Nú sé loksins hægt að þurrka kjöt á sama hátt og við Miðjarðarhafið, þökk sé þróun þurrklefa sem ekki voru til fyrir nokkrum áratugum.

Roberto telur að helsta ástæðan fyrir því að hann sé enn sá eini sem framleiðir ítalskt matarhandverk sé sú að verkunin taki minnst þrjá mánuði. „Þetta krefst svo mikils tíma og rýmis að fjárfestar væru lengi að ávaxta sitt pund. Þá er betra að einblína á eitthvað sem er tilbúið á nokkrum dögum með velvæddri og staðlaðri framleiðslu.“

Loksins ekta carbonara

Roberto er stoltur af sinni matarhefð og segir ekki rétt að kalla

ítalskan mat ítalskan þegar búið er að aðlaga hann að hefðum á öðrum stað. Í þessu samhengi nefnir hann carbonara pasta með beikoni – það sé ekki sá háttur sem Ítalir hafa á, heldur sé það uppskrift sem sé notuð á ítölskum veitingastöðum utan Ítalíu.

Í sönnu ítölsku carbonara sé notast við þurrkaðar svínakinnar – kallaðar guanciale.

Roberto hefur undanfarið misseri verið að þróa framleiðslu á guanciale, sem gefur Íslendingum færi á að gera carbonara pasta, og margt annað, með ítölsku lagi.

Hann segir þetta í grunninn einfalda vöru þar sem þetta séu stór kjötstykki þurrkuð með salti og pipar og látin hanga. Þar sem íslensk sláturhús skera kinnarnar svo smátt, samanborið við á Ítalíu, þróaði Roberto aðferð til að þurrka kinnarnar í pylsugörnum. „Nú er guanciale komið á markað sem lítur út eins og salami. Með þessu næ ég meiri stjórn og samræmi á þurrkferlinu.“ Svínakinnar séu vannýtt hræfni sem fari aðallega í framleiðslu á vínarþylsum eða öðrum ódýrum vörum.



Reykhólahreppur auglýsir eftir rekstraraðila til að reka verslun og veitingastað að Hellisbraut 72 á Reykhólum.

Húsnæðið að Hellisbraut 72 er skráð 179,3 m² að stærð og í því hefur verið rekin verslun og veitingastaður. Það hefur verið endurgert að utan og veitingastaður byggður við, árið 2020. Búnaður fylgir til rekstrar, m.a. kassakerfi, hillur og kælar. Húsnæðið er laust 1. desember, eða fyrr eftir samkomulagi.

Reykhólahreppur óskar eftir því að umsóknum fylgi:

- Lýsing á því hvernig umsækjandi hyggst nýta húsið, m.a. til að efla mannlíf í Reykhólahreppi.
- Rekstraráætlun og staðfesting á getu umsækjanda til að standa undir rekstrinum.

Reykhólahreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2023.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið veitastjori@reykholar.is

Nánari upplýsingar og skoðun á eigninni veitir sveitarstjóri á netfanginu sveitastjori@reykholar.is eða í síma 430-3200.



Roberto fékk styrk til að þróa verkun á lambalærum með sömu aðferð og parmaskinku eru gerðar. Mynd / Tariello

Hafa lengi rýnt í vöðva og fitu lambakjöts

Þeir Óli Þór Hilmarsson og Guðjón Þorkelsson, starfsmenn hjá Matís, fóru enn af stað í leiðangur í sláturhús á dögnum til að taka út lambakjötskrokka, en líklega er þetta með síðustu ferðum þeirra saman, þar sem árin hafa færst yfir.

Þeir hafa í áramörðum rýnt í ýmsa þætti varðandi kjötgæði.

Í þessari sláturtíð meta þeir arfgengi fitusprengingar með því að skoða og taka lítið sýni úr hryggvöðva skrokka, frá fjórum ræktunarbúum, en lömbum frá þeim er slátrað í þremur sláturhúsum. Verkefni þeirra er samstarfsverkefni með Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Að sögn þeirra er mikill áhugi á að kanna arfgengi og ræktun fyrir fitusprengingu í vöðva og áhrif þessara þátta á bragðgæði lambakjöts á Íslandi. Rannsóknir í öðrum löndum gefi til kynna að æskilegt sé að mæla með ákveðnu lágmarki af fitu í vöðva, til að tryggja safu og meyrni kjötsins. Þegar þeir Óli Þór og Guðjón voru á ferðinni árið 1995 var markmiðið helst að skoða hlutfall kjöts, fitu og beina með tilliti til nýs kjötmats sem þeir þróðu sjálfir við störf sín hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

Í ár hafa þeir verið að skoða afleiðingar af ræktunstarfinu, eftir að nýtt kjötmat var tekið upp þar sem ræktunarfætan hefur verið að draga úr of feitum skrokkum.

Þeir segja að vísbendingar séu um að sterkt val í ræktunstarfi gegn fitusöfnun og fyrir vöðvavexti, hafi leitt til minni fitu í vöðva, minni safu og meyrni. Í þessu verkefni fer fram allnokkur sýnataka. Frá hverju ræktunarbúi verða skoðaðir allt að 200 skrokkar í hverri slátrun, eða eins margir og hægt er að komast að með góðu móti. Sýnatakan fer þannig fram að skorið er þvert yfir hægri hryggvöðva, við aftasta rifbein, og tekin ein þykk kóteletta úr hryggnum, þannig að auðvelt sé að sjá og mynda í enda hryggvöðva. Þá er framkvæmt sjónmat á fitusprengingu vöðvans, litur kjöts og fitu metin, sýrustig mælt og að lokum tekin ein sneið af hryggvöðvanum. Hverjum bita sé pakkað í sér umbúðir og það fryst. Síðar í vetur verður litur kjöts mældur, fitusprenging metin og fituinnihald kannað.

Með því að fá sýni frá ræktunarbúum er hægt að tengja niðurstöður beint í ræktunarlínur.

Hluti verkefnisins er síðan að skoða möguleika á notkun NIR tækninnar (e. Near Infrared analysis) við ákvörðun fituinnihalds í vöðva.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar, unnið af starfsfólki Matís með stuðningi sláturhúsanna á Hvammstanga, Selfossi og Blönduósi.

/smh



Nýsköpunargildið sem felst í þróun á textíl og ullarframleiðslu er oftast en ekki vanmetið. Áhugasöm og framleiðendur telja að íslenska ullin eigi mikið inni og fjölmörg vannýtt tækifæri séu fyrir hendi henni tengd. Mynd / bbl

Sauðfjárafurðir:

Stjórnvöld hafa gleymt gildi íslensku ullarinnar

– Íslensk ullarframleiðsla hornreka meðal innlendra framleiðsluvara

Stjórnvöld hafa gleymt virði ullarinnar sem framleiðsluvöru og vörur framleiddar hér innanlands úr íslenskrum ull þurfa skýra upprunamerkingu.

Spurt var hvers íslenska ullin væri megnug og hver væri framtíð ullarframleiðslu á Íslandi í svokölluðu sófaspjalli á Fundi fólksins í Norræna húsinu á dögnum. Segja aðstandendur viðburðarins, skrifstofan Íslenzk

ull, bekkinn hafa verið þétt setinn áhugasömum þátttakendum. Umræðurnar leiddu þau Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, einn stofnenda fyrirtækisins Vík Þrjónsdóttir, Margrét Katrín Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri TextílLabs, Sigurður Sævar Gunnarsson, forstjóri Ístex og Þorgerður J. Einarsdóttir, próffessor í kynjafræði við Háskóla Íslands og var vöngum velt um hvers vegna mikilvægt sé að viðhalda íslensku ullinni og hvernig mætti tryggja stöðu hennar.

Ágústa Sveinsdóttir, talsmaður verkefnisins Íslenzkrar ullar, segir að svo virðist sem stjórnvöld hafi minni áhuga á ullinni en annarri innlendra framleiðsluvöru og hafi það verið mat margra viðstaddra í sófaspjallinu. Sammælt hafi verið um að nýsköpunargildið sem felst í þróun á textíl og ullarframleiðslu sé oftast en ekki vanmetið. Það sé miður því íslenska ullin feli enn í sér fjölda vannýtt tækifæra.

Aðstöðumunur í verðlagningu

Þátttakendum þótti mikilvægt að stjórnvöld stæðu betur vörð um íslenska framleiðslu í heild sinni. Fyrirtæki sem ekki framleiði innanlands geti vörðlag vörur sínar mun lægra en innlendir framleiðendur. Í því sambandi var einnig rætt um upprunamerkingar á vörum og bent á að enn sé ekkert sem standi í vegi fyrir því að vörur sem framleiddar eru erlendis séu merktar líkt og þær séu alíslenskar. Fólk hafi verið sammála um að við þessu þyrfti að breiðast. Gagnsæi væri nauðsynlegt til að gera íslenska framleiðslu sýnilegri og aðgreinanlegri. Sem dæmi mætti taka að ef peysa úr íslenskrum ull væri ofin í Bretlandi og sauðuð í Portúgal ættu þær upplýsingar allar að koma fram á merkimiða peysunnar svo neytandinn gæti tekið meðvitaða ákvörðun.

Verkefnið Íslenzk ull er rannsóknarverkefni þriggja nemenda úr Lhí og HÍ sem hlaut styrk frá



Ágústa Sveinsdóttir

Nýsköpunarsjóði námsmanna hjá Rannís í sumar. Segir í tilkynningu að Ágústa, sem er vöruhönnuður, Valgerður Birna Jónsdóttir vöruhönnuður og Elís Gunnarsdóttir, grafískur hönnuður, sameini þar krafta sína til að stuðla að aukinni vitund um framtíðarmöguleika íslensks ullariðnaðar.

Leitað aftur til ársins 1939

„Verkefnið er endurvakning á samnefndri skrifstofu sem starfrækt var af tveimur konum á árunum 1939–1951, þeim Önnu Ásmundsdóttur og Laufeyju Vilhjálmsdóttur, í þeim tilgangi að efla íslenskan ullariðnað.“ segir Ágústa. „Skrifstofan stóð fyrir fjölbreyttri grasrótarstarfsemi í yfir tvo áratugi sem knúði fram miklar breytingar á hugarfari fólks til nýtingar á ullinni.“

Hún segir margt sammerkt með stöðu ullariðnaðarins nú á tímum og þá. „Sauðfjárrækt er ekki fjárhagslega sjálfbær sem stendur en íslenska ullin er dýrmætt hráefni sem enn felur í sér fjölda vannýtt tækifæra.“ segir hún og bætir við að nú verði áhersla lögð á að skapa vettvang fyrir aukna verðmætasköpun úr ullinni með því að efla samtal milli ólíkra starfsstétta, sem allar hafi hag af því að íslenska ullariðnaðurinn sé eflur. /sá



Guðjón og Óli Þór á forsiðu Bændablaðsins árið 1995 og nú í sláturtíðinni.



Gæsadagar!



AVAN X Fullbody gervigæsir
6 stk. í kassa 6 stellingar
léttar og flottar taska fylgja

kr. 39.000



Nýtt!

Deerhunter Rafhitaður
REALTREE MAX-7 jakki

kr 58.900



Fóðraðar öndunavöðlur
Toughman 2-In-1

kr 61.900



Final Approach
knockout layout blind

kr. 59.000

Vesturröst

Sérverslun skotveiðimannsins- Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturroost.is

FRÉTTIR



Nýleg dæmi af lömbum sem hafa verið drepin af dýrbítum eru frá svæðum þar sem ekki er skipulögð grenjavinnsla. Mynd / JP. Unsplash

Vesturland:

Dýrbítar farnir að gera vart við sig

Formaður Bjarmalands, félags refa- og minkaveiðimanna, segir ljóst að nú á haustdögum séu dýrbítar farnir að gera vart við sig heima á bæjum á ákveðnum svæðum á Vesturlandi.

„Það er endurtekin saga að sveitarfélög sem ætla að spara við veiðar, annaðhvort að hætta þeim eða ráða óvana einstaklinga til veiðanna, enda uppi með síendurtekin vandamál vegna dýrbíta,“ segir formaðurinn Garðar Páll Jónsson.

Vandamálið er þar sem engin skipulögð grenjavinnsla er

Hann bendir á að nýleg dæmi af lömbum sem hafa verið drepin af dýrbítum séu frá svæðum þar sem ekki sé skipulögð grenjavinnsla eða í skötulíki.

„Það merkilega er að þeir sem eru að missa fé þarna núna eru þeir sömu og misstu fé á sama tíma síðasta ár. Um það var talað í fjölmiðlum og ekki tókst að vinna á varginum fyrr en langt var liðið á vetur og þá heima við fjárhús.“

Þetta er það sem framtíðin býður okkur upp á ef að skipulagðar veiðar á ref verða lagðar niður, eftir því sem dýrum fjölgar á viðkomandi svæði eykst hættan á því að þau fari að drepa sauðfé. Og annað, þetta er ekki eina kindin, sem hér er mynd af, þær voru fleiri, mikið fleiri,“ segir Garðar.

Stoppa ekki fyrr en þeir eru drepnir

Garðar segir að ef dýrbítar ná að skjóta rötum, hvar sem það er á landinu, stoppa þeir ekki fyrr en þeir eru drepnir. „Þeir kenna afkvæmum sínum listina að nálgast sauðfé, króa það af, þreyta og drepa. Þær aðfarir eru ekki fallegar og dauðastríð bráðarinnar getur verið langt. Hvolparnir eru nokkurn tíma að fullkomna listina og á þeim æfingátíma finnast bitin lömb og illa farin en lifandi, að lokum fullkomna þeir listina og flytja sig á annað svæði þar sem þeir halda uppteknum hætti.“

Heyrst hefur á andstæðingum sauðfjár að bændur ættu þá bara að hafa fé í heimahaga til að losna við þennan ófögnuð en það er ekki nóg, tófan sækir heima að húsum og getur drepnið ótrúlega nálægt bústöðum manna og dýra.

Eins sýnir þetta okkur að þó okkur þyki vænt um refinn þá verðum við að halda stofnstærð niðri, um allt land. Og ríkið ásamt sveitarfélögum verður að hætta að draga lappinnar í þessum málaflokki og hysja upp um sig brækurnar, vandamálið hverfur ekki þó að því sé ekki sinnt, bændur eru að missa verðmæti hvort sem það er í formi æðardúns eða sauðfjár og það er ekki hægt að loka augnum fyrir ábyrgð stjórnvalda,“ segir Garðar.



Illá bitið lamb.

Samstarf við æðarbændur

Að sögn Garðars var á vordögum tekið upp samstarf við Æðarræktarfélag Íslands um vöktun á vörpum æðarbænda. „Viðtökur voru góðar og félagsmenn Bjarmalands komu að vöktun æðarvarps víða um land. Greitt var fyrir þessar vaktir samkvæmt samkomulagi en Bjarmaland er með viðmiðunarverð fyrir vaktir eða útköll.“

Reynslan af þessu virðist vera góð og vonandi höldum við áfram að vori. Tjón af ágangi refs eða annars vargs í varpi getur verið mikið og tilfinnanlegt og það er mikilvægt að stoppa hann sem fyrst.“ /smh

M
DESIGN

FALLEGAR VÖRUR
FYRIR HEIMILIÐ
& BARNIÐ

SENDUM ÚT UM
LAND ALLT
10% Afsláttarkóði:
Bóndinn

Fjörður verslunarmiðstöð, Hafnarfjörður
mdesign.is



Vantar þig geymslu fyrir tækin,
búnaðinn eða birgðirnar?

Við eigum úrval af notuðum kæligámum og þurrgámum, fyrirliggjandi á hagstæðu verði.

Skoðuðu úrvalið!



samskip.is | gamar@samskip.is

samskip

TOYOTA PROACE VERSO LANGUR LIVE ELECTRIC 75KW

- Nýskráður 7/2023 **P** Kaupþún
- Akstur 50 km.
- Rafmagn
- Sjálfskipting
- Næsta skoðun 2027
- Ábyrgð umboðs gildir til 18.7.2030 eða 200.000 km.
- Raðnúmer 543799

Betra verð
7.990.000 kr.

Ásett verð kr. 9.490.000

Seljandi skoðar skipti á ódýrara



Toyota
Betri notaðir bílar

Toyota Kaupþúni

Kaupþúni 6

570-5070

www.toyotakaupthuni.is

FRÉTTIR

Dagur sauðkindarinnar

Það verður mikið um að vera í reiðhöllinni Skeiðavangi á Hvolsvelli laugardaginn 14. október á „Degi sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu“ á vegum Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu.

Fjáreigendur milli Þjórsár og Markarfljóts mega mæta með fé til sýningar en dómur byrja klukkan 10 og sýningin sjálf klukkan 13.

Verðlaun verða veitt fyrir besta hyrnda lambhrútinn, besta kollóttu lambhrútinn, bestu kollóttu gimbrin og bestu hyrndu gimbrina. Einnig verða verðlaun fyrir besta veturgamla hrútinn úr kynbótamati ársins 2022 og bestu fimm vetra ána úr kynbótamati ársins 2022.

Auk þess verður ræktunarbú ársins 2022 verðlaunað og sérstök verðlaun verða fyrir þykkasta



Allir eru velkomnir á Dag sauðkindarinnar, sem haldin verður hátíðlegur á Hvolsvelli laugardaginn 14. október. Mynd / MHH

bakvöðva sýningarinnar. Áhorfendur fá síðan að velja litfegurstu gimbrina úr lömbum sem taka þátt í litasamkeppni dagsins. SS styrkir sýninguna með því að gefa gestum kjötsúpu. /MHH



Nýja RARIK húsið er við Larsenstræti á Selfossi. Mynd / MHH

RARIK í nýju og glæsilegu húsnæði á Selfossi

Þann 23. júní í sumar flutti RARIK starfsstöð sína á Selfossi í nýtt húsnæði við Larsenstræti 4.

Húsið og aðstaðan er öll hin glæsilegasta en nýja aðstaðan felur meðal annars í sér bætt vinnuskilyrði starfsfólks og hagræði fyrir reksturinn sem framvegis verður á einum stað í stað tveggja áður. Þá er þess vænst að sameinuð starfsstöð skapi gott nútímalegt vinnuumhverfi og auðveldi starfsfólki að þjóna viðskiptavinum fyrirtækisins enn betur í framtíðinni.

Húsið er um 1.500 fermetrar að stærð en lóðin öll er um 6.000 fermetrar, sem felur í sér stórt athafnasvæði, stóran lager og rúm gott þjónusturými.

Þá er sérstakt aðstöðuhús fyrir kerrur og rafstöðvar, hjólageymsla fyrir reiðhjól starfsmanna, þvottaplan fyrir bíla, búningsklefar fyrir karla og konur og aðgengi fyrir hjólastóla er mjög gott. Um 40 starfsmenn RARIK á Suðurlandi vinna í húsinu en fyrirtækið er líka með um 20 manna starfsstöð á Hvolsvelli. /MHH


STÖÐLUD
STÁLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagsskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

LÍF & STARF



Skjáskot af mengunarkortinu. Mynd / UST

Mengun:

Fólk hvatt til að láta vita af menguðum jarðvegi

– Upplýsingar um mengunarstaði birtar á gagnvirku korti

Hafin er skipuleg söfnun upplýsinga um hvar mengaðan jarðveg er að finna á Íslandi og þær birtar á gagnvirku kort hjá Umhverfisstofnun (UST). Kallað er eftir aðstoð almennings.

Á kortinu hafa nú þegar verið merktar margar miltisbrandsgrafir um allt land, riðugrafir, urðunarstaðir, gamlir sorphaugar, ruslabrennslustaðir og olíumengun, m.a. frá skipsflökum.

UST er í sérstöku átaki varðandi að safna upplýsingum frá almenningi um menguð svæði á landinu og koma þeim inn á kortið. Hægt er að senda upplýsingar með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða senda inn nafnlausar ábendingar.

Almenningur getur ekki séð nöfn þeirra sem hafa sent inn ábendingar undir nafni.

Ábendingar frá almenningi streyma inn

Að sögn Kristínar Kröyer, sérfræðings í teymi mengunareftirlits og umsjármanns verkefnisins hjá UST, vonast stofnunin til að geta fengið sem heildstæðasta mynd af menguðum svæðum á landinu öllu.

„Viðbrögðin við verkefninu hafa ekki látið á sér standa, fólk er almennt mjög ánægt með þetta og ábendingar hafa streymt inn,“ segir Kristín og bætir við að stofnunin hafi ekki haft undan við að yfirfara þær ábendingar sem borist hafa.

Mikilvægi slíkrar gagnasöfnunar virðist ótvírætt. „Gögnin sem koma út úr þessu verkefni eru mjög mikilvæg bæði þegar kemur að skipulagsvinnu en þó sérstaklega fyrir komandi kynslóðir til að hafa aðgang að upplýsingunum síðar meir,“ segir Kristín. „Þessar upplýsingar nýtast sem dæmi beint í skipulagsvinnu sveitarfélaganna, sem bakgrunnsupplýsingar fyrir ráðgjafa sem vinna að rannsóknum eða hreinsunaraðgerðum á menguðum svæðum og komandi kynslóðum til að hafa yfirsýn yfir menguð svæði,“ segir hún enn fremur.

Mikilvægt að fá upplýsingar áður en þær glatast

UST óskar eftir öllum ábendingum um hvar mengun sé að finna. Til dæmis um riðu- og miltisbrandsgrafir, hvar olía hefur lekið í jörð eða verið grafin, um




Kristín Kröyer.

urðunarstaði þar sem úrgangur hefur verið grafinn eða brenndur, gamlar bensín- og smurstöðvar, brennur, geymslur fyrir hættuleg efni þar sem þau kunna að hafa lekið út, skotvelli, gamlar spennistöðvar og staði þar sem skip hafa verið í viðhaldi og niðurrifi. Mikilvægt sé að skrá eins mikið af upplýsingum um mengaðan jarðveg og hægt er áður en þær glatast.

Íslenskt heilbrigðiseftirlit og UST vinna í sameiningu að því að setja upplýsingarnar í gagnagátt um þekkt menguð svæði og svæði þar sem grunur er um mengun og þar með í gagnvirka kortið. Undanfarið hafa verið kynningarfundir víða um land á verkefninu.

Því ber að halda til haga að Sigurður Sigurðarson dýralæknir safnaði, ásamt konu sinni, Ólöfu Erlu Haraldsdóttur, upplýsingum um miltisbrunnagrafir á Íslandi. Árið 2017 hóf Sigurður að merkja allar miltisbrunnagrafir sem hann vissi um á landi. Allar götur síðan hafa verið að koma fram upplýsingar um áður óþekktar grafir og eru þær fjölmargar. /sá



Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit landsins biðja almenning nú að veita upplýsingar um hvers kyns mengun í jarðvegi. Mynd / Pixnio

FRÉTTIR

Stofnverndarsjóður veitir styrki

Nýlega úthlutaði fagræð í hrossarækt tveimur verkefnum styrk úr Stofnverndarsjóði íslenska hestsins.

Þau verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni voru annars vegar á vegum Háskólans á Hólum og hins vegar á vegum Matís.

Háskólinn á Hólum hlaut styrk fyrir verkefni sem ber heitið „Líkamsþungahlutfall milli knapa og hesta á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins og tengsl við árangur, heilbrigði og endingu“. Matís hlaut styrk fyrir verkefni sem ber heitið „Framþróun erfðagreininga í þágu íslenska hestakynsins“.

Mikilvægi rannsóknna

Í tilkynningu frá fagræði í hrossarækt segir að rannsókn Háskólans á Hólum sé sérstaklega mikilvæg í ljósi umræðu um svokallaða „Samfélagsátt um notkun íslenska hestsins“ (e. Social licence to operate). Í því samhengi er vitnað til smæðar íslenska hestsins (þyngd og hæð á herðar) og þess hvort nota eigi hann til reiðar. Einnig er greint frá því að rannsókn á vegum Matís sé mikilvæg varðandi framþróun erfðamats á íslenskum hrossum.

Hlutverk stofnverndarsjóðs er að veita styrki til þróunar- og rannsóknarverkefna í hrossarækt. Í reglugerð sjóðsins er kveðið á um að verkefni skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/ eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Við stofnun sjóðsins var upphaflegt hlutverk hans, samkvæmt eldri reglugerðum sem nú eru fallnar úr gildi, að veita lán og styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbóttagripum ef sannað þykir að þeir verði fluttir úr landi að öðrum kosti. Gripir sem gætu haft úrslitaáhrif á erfðabreytileika í stofninum s.s. litafjölbreytni, eða byggju yfir einstæðu kynbóttagildi í þeim eiginleikum sem prýða íslenskan hest. Einnig var heimilt að veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í hrossarækt.

Úthlutunarfé 7 milljónir

Nanna Jónsdóttir, formaður búgreinadeildar hrossaræktar (áður Félag hrossabænda) fer einnig með formennsku í fagræði í hrossarækt.



Nanna Jónsdóttir. Mynd / Aðsend

Aðspurð segir hún að umsóknir í sjóðinn séu árlega um 4-8 talsins, yfirleitt sé veitt úr sjóðnum árlega en undanfarin ár hefur þó verið úthlutað tvisvar á ári.

Mikilvægt rannsóknarstarf

Nanna telur það afar mikilvægt að efla rannsóknarstarf tengt íslenska hestinum og leitast stofnverndarsjóður eftir því að styrkja áhugaverðar og akademískar rannsóknir sem auka þekkingu og skilning. „Viðfangsefni rannsóknanna geta verið á breiðu sviði, t.d. tengst byggingu hestsins, fóðrun, reiðmennsku eða líkt og nú var styrkt, líkamsþungahlutfall milli knapa og hesta.“

Stofnverndarsjóður fær fjármagn til úthlutunar út frá fjölda hrossa sem flutt eru erlendis árinu áður en ákveðið gjald er innheimt fyrir hvern útfluttan hest. Í ár er úthlutunarfé sjóðsins 7 milljónir.

„Fyrir tveimur árum var úthlutunarfé sjóðsins 12 milljónir en þá heimilaði ráðuneytið að gengið yrði á höfuðstól sjóðsins tímabundið, sem hefur hingað til ekki verið leyfilegt. Því var mun meira fé til úthlutunar þá en er nú. Úthlutunarfé hvers árs fer eftir fjölda útfluttra hrossa frá fyrra ári. Við höfum verið í samtali við ráðuneytið um aukna aðkomu þess að sjóðnum til að styrkja tekjustofn hans. Með aukinni aðkomu ráðuneytis er hægt að tryggja að sjóðurinn viðhaldi sér og styðja þannig enn betur við áhugaverðar og mikilvægar rannsóknir í þágu íslenska hestsins,“ segir Nanna að lokum. /PAG

SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

TILBOÐSVERÐ
4.900.000,-

Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

Við auglýsum aldrei verð frá

krydd – sláturvambir – nitritsalt – bjúgnagarn – kjötnet – grafblöndur – vacuum pokar – ofl.

Allt sem þarf fyrir heimavinnslu matvæla í vefverslun Vilko

Vilko
Vefverslun: vilko.is

Flóra prima

Villibráðar grafblanda 500 gr.

Rúllupylsukrydd

Nitrite salt

190924043

36/3/M10/120

36/3/M10/120

Quality Assurance

Best fyrir: 24.11.2023 Þyngd: 500g



Wendel
Stofnað 1957

HILLTIP VETRARBÚNAÐUR

SNJÓTENNUR, FJÖLPLÓGAR, SALT - OG SANDDREIFARAR

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is

Sameinuð erum við sterkari

– Halldóra Kristín Hauksdóttir tekst á við hindranir sem tækifæri aukinna lífsgæða

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Á ársfundi Byggðastofnunar, sem haldinn var í lok apríl sl., var Halldóra Kristín Hauksdóttir settur nýr stjórnarformaður, eftir fjögurra ára setu sem varaformaður stjórnar.

Halldóra Kristín, sem er starfandi lögfræðingur velferðarsviðs Akureyrar, stendur einnig vaktina sem bæði eggjabóndi í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd og formaður Félags eggjabænda auk þess að vera í stjórn Bændasamtaka Íslands.

„Hjá Bændasamtökunum hef ég átt kost á því að taka þátt í og móta þær mikilvægu breytingar sem þar hafa átt sér stað,“ segir Halldóra. „Mér hefur fundist ánægjulegt að horfa á þær verða að veruleika og sjá samtökin vaxa og dafna – verða aftur raunverulegur málsvári allra bænda á Íslandi.“ Bendir hún á að sameinaðir séu bændur svo miklu sterkari heldur en hver grein í sínu horni. Íslenskur landbúnaður sé burðarás er kemur að búsetu fólks í dreifðum byggðum auk þess að vera sú atvinnugrein sem nýst um að yrkja landið og rækta dýr og grænmeti til mannelis eða annarra nytja. Hver framtíð og þróun íslensks landbúnaðar verður, er háð þeim starfsskilyrðum sem ríkisvaldið skapi.

Yfirgripsmikil og kostnaðarsöm aðgerð

Nýverið gekk í gildi reglugerð þess efnis að allar hænur skyldu hafðar í lausagöngu og vinnur nú Matvælastofnun að úttekt allra búa sem hafa starfsleyfi til frumframleiðslu eggja. Er þetta mikill áfangi sem hefur dregist heldur lengi, en Evrópusambandið innleiddi kröfuna árið 2012.

Aðspurð segir Halldóra ágætlega hafa verið tekið í þessa skipan í hópi eggjabænda, en þó sé um bæði stórfellda og kostnaðarsama framkvæmd að ræða á húsnæði þeirra.

Hefur skipunin því miður orðið til þess að minni framleiðendur hafi hætt búskap vegna þess mikla kostnaðar sem af henni leiddi, en starfandi eru eggjabændur alls tólf talsins. Með það í huga verður að benda á að til viðbótar hafi nú öll aðföng við framleiðslu hækkað verulega og nær ómögulegt er að eggjaverð haldist óbreytt þó tilmæli sé um slíkt frá ráðamönnum. Eggjaframleiðslan sem slík sé hins vegar í góðu gengi



Halldóra í góðum hópi hænsnfugla.

Myndir / Aðsendar.

og það helsta sem myndi hafa áhrif á hana væri ef farið yrði út í breytingar á tollum. „Heilt yfir tel ég þessa skipan þó af hinu góða, sérstaklega ef litið er til dýravelferðar,“ segir Halldóra, en í lausagöngunni búa hænurnar við meira athafnafrelsi, meira rými og sýna þá frekar sitt náttúrulega atferli.“

Aðbúnaðarskilyrði og heilbrigði stofns

Það hefur komið fram í umræðunni að mismunandi fyrirkomulag sé á breytingum húsnæðis er kemur að lausagöngu hænsnfugla. Algengust eru svokölluð pallakerfi þar sem hreidrin eru höfð í miðjunni en fuglarnir fari á milli hæða. Aðrir kjósa að hafa hluta gölfs upphækkaðan og þá hefðbundið gölfkerfi á einni hæð.

Halldóra, sem stendur að eggjabúinu Grænegg í samfloti við mág sinn og fjölskyldu, er vel kunnug þessum rekstri. Upphaflega voru foreldrar hennar eggjabændur og er gaman að segja frá því að þau voru fyrst allra í greininni til þess að hljóta vistvæna vottun fyrir framleiðslu sína.

„Í dag er þessi vistvæna vottun ekki lengur til, en þeir sem hlutu hana urðu að uppfylla ákveðin skilyrði reglugerða um aðbúnað. Einnig voru hænurnar allar í lausagöngu, sem eins og áður sagði, í dag er orðin skylda.“

Halldóra var kosin formaður Félags eggjabænda nú í vor. Telur hún sérstöðu íslenskra eggjabænda vera allnokkra og þá helst fölgna í heilbrigði stofnsins. Vel er staðið að vörnum gegn sjúkdómum, en innflutningur varpstofnsins kemur þar við sögu. „Flutt eru inn frjó egg sem koma frá erlendu kynbótabúi sem koma síðan á einangrunar- og útungunarstöð sem staðsett er á Hvanneyri, en þá fugla köllum við foreldrafugla. Kynslóðin sem kemur undan þessum fuglum fer svo á sérstök bú sem hafa heimild til að unga út og endurselja eggjabúum. Þannig erum við í raun með tvöfalt kerfi sem býður upp á að hægt sé að bregðast við ef eitthvað kemur upp á.“

Halldóra nefnir einnig hversu vel sé staðið að eftirliti með föðri og þá heilbrigði varpfuglanna. „Eftirlitið er sérstaklega gott og reglulega tekin sýni bæði úr föðri, eggjum og úrgangi.

„Heilt yfir tel ég þessa skipan þó af hinu góða, sérstaklega ef litið er til dýravelferðar, en í lausagöngunni búa hænurnar við meira athafnafrelsi, meira rými og sýna þá frekar sitt náttúrulega atferli ...“

Bændur fá heimsóknir frá sérfræðingum Matvælastofnunar jafnt og þétt og þurfa að lúta ströngum skilyrðum þeirra um heilbrigði og aðbúnað dýranna, auðvitað með tilheyrandi kostnaði.“

Allt lagt á borðið með ávinning að leiðarljósi

Er talið berst að stöðu hennar sem nýsettu stjórnarformanni Byggðastofnunar kemur skýrt fram að hún hefur brennandi áhuga á málefnum landsbyggðarinnar. Stefnumótun og eftirfylgni verkefna þar innan eru henni ofarlega í huga enda telur hún Byggðastofnun búa yfir ómetanlegum mannaútlit þess að takast á við hin ýmsu verkefni.

Hrósar hún samstarfsfólki sínu sem hún segir afar lausnamiðað og er full tilhlökkunar varðandi áframhaldandi

samstarf. „Við komumst lengst þegar við vinnum saman, ræðum málin og leggjum allt á borðið, með það fyrir augum að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það hefur mér fundist einkenna störf Byggðastofnunar,“ heldur hún áfram. „Að lögd hefur verið fram góð vinna hjá stjórn og starfsmönnum stofnunarinnar að stefnumörkun, sem verður leiðarljós okkar á næstunni.“

En framtíðarsýn stofnunarinnar er blómleg byggð um land allt.“

Brothættar byggðir

Halldóra tekur skýrt fram að hennar áherslumál, líkt og hjá forvera hennar, Magnúsi B. Jónssyni, séu verkefni tengd eflingu byggðar og atvinnulífs, enda mikilvægt að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna til atvinnu og búsetu.



Lífraent
Hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTPRÓ

- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
- Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
- 3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
- Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill
- Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
- Þýsk gæði - CE merkt
- Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



Halldóra ásamt sonum sínum fyrir utan eggjabú fjölskyldunnar, Grænegg.



Halldóra og mágur hennar reka saman Grænegg, vistvænt bú þar sem allar hænar eru hafðar í lausagöngu.

Hagkvæmt sé að byggð dragist ekki meira saman en orðið er og þær auðlindir sem til eru á landsvísu skuli nýta. Þarna kemur verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, að málu, en það verkefni hófst fyrir rúmum áratug.

Hefur ávinningurinn af því verið afar margþættur á jákvæðan hátt, en meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Heilmikil tækifæri felast með þátttöku byggða í verkefninu og tekur þá m.a. til þátttöku og frumkvæði íbúa sem geta leitt af sér aukin lífsgæði.

Byggðastofnun hefur í gegnum tíðina unnið ótullega að ómetanlegum rannsóknum og gagnasöfnun í þágu byggðamála. Segir Halldóra verkefni Brothættar byggða vera meðal þeirra sem njóta góðs af og vonandi að verkefnið nái til fleiri byggða, stækki enn fremur þar sem þarf á að halda. Áhugavert er að líta á mælaborð vefsíðu Byggðastofnunar þar sem er að finna hagnýtt yfirlit yfir ýmis byggðatengd gögn. Þjóða stillingarnar til dæmis upp á val um ákveðin svæði, ár eða tímabil auk þess sem mælaborðið veitir meðal annars upplýsingar um íbúafjölda sveitarfélaga innan byggðakjarna, þróun byggða, fasteignagjöld, skiptingu íbúa eftir ríkisfangi eða tekjum svo eitthvað sé nefnt.

Nýsköpun í landbúnaði og búsetutengdir styrkir

Þau eru mörg hjartans málin sem eru Halldóru hugleikin og þá ekki síst hvernig leita má leiða til nýsköpunar í dreifbýli með jákvæðum aðgerðum á borð við hagstæð lán og búsetutengda þróunarstyrki.

Þá lítur hún til kynslóðaskipta í landbúnaði og hvernig Byggðastofnun geti greitt fyrir slíku enda fjármagnskosturinn mikill.



Málþing 5. október á Raufarhöfn

Haldið verður afmælistálfing Brothættar byggða, þann 5. október í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Er málþingið sett klukkan 10:30 og lýkur með vettvangsheimsóknum frá klukkan rúmlega hálf fjögur.

Fjallað verður um verkefnið í hnotskurn, hverjir halda utan um byggðarlögin, mikilvægi styrkja verða tekin fyrir, áhrifamat Brothættar byggða, þá niðurstöður úttektar KPMG og að lokum hversu rík þörfin sé á verkefninu, ef lítið er til framtíðar.

Hefur stofnunin, í samvinnu við unga bændur unnið að því að greina helstu hindranir fyrir lánaskilyrðum og hvar Byggðastofnun geti komið að úrbótum og eða fjármögnun, enda mikill vilji til úrlausnar sem auðveldar kynslóðaskipti í landbúnaði til framtíðar.

„Ég vil nota tækifærið,“ lýkur Halldóra máli sínu, „og vekja athygli á málþingi sem haldið verður á Raufarhöfn þann 5. október.“

Tilfnið er vegna þess að nú eru rúm tju árið frá því að verkefnið Brothættar byggðir hóf þar göngu sína með verkefni er fékk nafnið Raufarhöfn og framtíðin. Þar munum við líta yfir farinn veg en ekki síður horfa til framtíðar og sjá ávinninginn af verkefninu Brothættar byggðir. Í því felst loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefnum.“

VINNUVÉL, VINNUBÍLL, VÖRUBÍLL, SÉRHÆFT IÐNAÐARTÆKI? VIÐ FINNUM RÉTTA TÆKIÐ EÐA KAUPANDANN FYRIR ÞIG.

UMBOÐSAÐILI LIDER VAGNA OG LARK HÚSA Á ÍSLANDI

Scanice
www.scanice.is

Byggingavöruverslun

TOOLS.IS

ÞAR SEM DEWALTER

Hultafors
idealcombi
ESSVE
NITECORE

Laufblásari 18V XR 145km/h stakur
Tilboð **38.115** (-30%)
Listaverð: 54.450

Hersluvé 18V 1/2 XR 950Nm Stök í tösku
Tilboð **52.245** (-25%)
Listaverð: 69.660

Hersluvé 18V 3/4 950Nm stök
Tilboð **58.050** (-25%)
Listaverð: 77.400

Naglabýssa f/Girðingalykkjur stök
Tilboð **132.940** (-15%)
Listaverð: 156.400

Líttu við í verslun okkar Eyraveg 67 Selfossi
Opið mán-fim 8-17 og föst. 8-16 S:422 4040

ÖRYGGISVÖRUR FYRIR VINNUSVÆÐI

Öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón. Eigum úrval öryggislausna á frábæru verði fyrir vinnu- og framkvæmdasvæði!



VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

Erfðafrámför í íslenska hrossastofninum

– Hvernig er dreifing einkunna á kynbótasýningum og í kynbótamati?

Ræktunarmarkmið íslenska hestsins er víðfeðmt og eiginleikarnir sem ræktendur leitast við að bæta eru fjölmargir. Til einföldunar má skipta þeim í tvo meginflokkka. Annars vegar „séða eiginleika“, sem ráðast alfarið af erfðum stakra erfðavisa (dæmi: erfðir hrossalita og gangræðs) og eru ekki háðir neinum umhverfisáhrifum, og hins vegar „magneiginleika“ sem lúta áhrifum fjölmargra erfðavisa og umhverfisþátta.



Portvaldur Árnason og Elsa Albertsdóttir.

Eiginleikar sem dæmdir eru á kynbótasýningum eru dæmigerðir magneiginleikar, sem einnig eru kallaðir „mældir eiginleikar“. Kynbótadómur hvers eiginleika dómstígens er þannig mæling á samanlögðum áhrifum erfða og umhverfis á viðkomandi eiginleika. Það er ómögulegt að greina með fullri vissu hlutdeild áhrifa erfða og umhverfisþátta á dómseinkunn hvers einstaks grips. Hins vegar kunna kynbótafræðingar ráð til að reikna meðaltals hlutdeild erfða og umhverfis í stórum stofni (erfðahópi) með réttar ætternisfærslur og kynbótamatið (BLUP) metur áhrif erfðabáttarins fyrir sérhvert hross fyrir hvern eiginleika.

Bæði erfðimar (kynbóttagildið) og umhverfisáhrifin, og þar með samanlögð áhrif beggja þátta (þ.e. mælingin=dómseinkunn) eru í eðli sínu meðaltöl fjölmargra þátta og það er náttúrulegt að slík meðaltöl fylgja normaldreifingu. Normaldreifing skýrist af einungis tveimur stærðum: μ sem er meðaltal (miðja samfelldrar og samhverfar

dreifingar mælinga) og σ sem táknar staðalfrávik dreifingarinnar. Í normaldreifðum gögnum væntum við 68,3% mælinga á bilinu $\mu-\sigma$ til $\mu+\sigma$; 95,5% mælinga á bilinu $\mu-2\sigma$ til $\mu+2\sigma$; 99,7% á bilinu $\mu-3\sigma$ til $\mu+3\sigma$ og einungis tæplega 0,3% á endimörkum þar fyrir utan. Lárétti ás kúrfunar táknar kvarða mælinganna og lóðrétti ásin endurspeglar fjölda mælinga í skurðarpunkti ásanna. Sjá mynd 1.

Kynbótadómar


Tölfræðilegt yfirlit um hæstu aldursleiðréttu dóma þeirra kynbótahrossa sem komu til sýninga á Íslandi árin 2010 – 2022 er sýnt í Töflu 1. Alls eru það 7910 dæmd hross í fullnaðardómi og þetta er hluti þeirra gagna sem var grundvöllur reiknaðs kynbótamats haustið 2022. Kynbótadómar eru huglægt mat fagmenntaðra dómara á gæðum hrossanna og taka til 8 sköpulagseiginleika og 9 eiginleika í reiðhestshæfileikum.

Dómskalinn hleypur á heilum og hálfum á bilinu 5 til 10 og sem viðmið hafa dómamar töluna 7,5 sem væntanlegt meðaltal stofnsins á hverjum tíma. Af töflu 1 má þó lesa að meðaltal eiginleikanna fyrir dæmdu hrossin vikur mismikið frá 7,5 frávikinu endurspeglar forval í gögnunum, en það er mest fyrir háls, herðar og bóga, samræmi, tölt, fegurð í reið og samstarfsvilja. Lægt meðaltal einkunna fyrir skeið


skýrist af stærstu leiti af því að tæp 30% hrossanna eru dæmd sem klárhross og fá 5,0 í skeiðeinkunn. Af einstökum eiginleikum er minnstur breytileiki (staðalfrávik) í dómum á háls, herðum og bógum ($\sigma = 0,38$). Sá sköpulagseiginleiki sem hefur mesta dreifni er þróðleiki (á fax og tagl) ($\sigma = 0,75$). Sá eiginleiki sem hefur langlægstá meðaltali ($\mu = 6,89$) og mestu dreifnina ($\sigma = 1,44$) er skeið. Þegar dómseinkunn 5,0 er sleppt hækkar meðaltal skeiðeinkunna í 7,67 og staðalfrávik lækkar í 0,92. Vegin aðaleinkunn sköpulags hefur meðaltal 8,05 og staðalfrávik 0,25, Vegin aðaleinkunn hæfileika hefur meðaltal 7,91 og staðalfrávik 0,38. Aðaleinkunnin sem vegur alla eiginleikana með vægisstuðlum hefur meðaltal 7,96 og staðalfrávik 0,30.

Gröfin í myndum 2 – 3 sýna myndrænt tíðni einstakra einkunna fyrir eiginleika sköpulags og hæfileika. Mynd 2 sýnir að 8,0 er algengust allra einkunna fyrir alla sköpulagseiginleika nema fyrir réttleika fóta og þróðleika sem hafa hæstu tíðni einkunna 7,5. Þar virðist áhrifa forvals gæta minnst. Augljóst virðist að áhrifa forvals gætir mest í dreifingu einkunna fyrir háls herðar og bóga og samræmi sem kemur fram í nokkuð skekktri normaldreifingu þeirra eiginleika.


Af mynd 3 má lesa að algengasta einkunn fyrir tölt og samstarfsvilja er 8,5 og fyrir skeið er algengasta einkunnin 5,0. Rúmlega 45% hrossanna sem fá einkunn 5,0 fyrir skeið eru með arfgerð CA eða CC í gangræði (erfðasæti skeiðgens, DMRT3) og hafa því ekki lífedeisfræðilega möguleika til að sýna vekuð að einhverju gagni. Hross með arfgerð AA í



Mynd 1. Normaldreifingin, þar sem μ = meðaltal og σ = staðalfrávik.



Mynd 2.



Mynd 3.

gangræði ættu að geta sýnt skeið en samt sem áður virðist rúmur helmingur (55%) þeirra hrossa sem fá 5,0 í skeiðeinkunn bera arfgerð AA. Ástæður þess að þau eru sýnd sem klárhross geta verið ýmsar. Algengasta einkunn annarra reiðhestshæfileika eru 8,0.

Myndir 2 og 3 sýna að allir sköpulagseiginleikarnir og reiðhestshæfileikarnir, að frátaldi einkunninni 5,0 fyrir skeið, fylgja allvel undirliggjandi normaldreifingu en kvarði mælinganna er grófur og í stað samfelldrar dreifingar sjáum við afrúnaðar mælingar sem deilast upp í 11 afmarkaða flokka. Dreifing flestra eiginleikanna er þó nokkuð skekkta með hala sem teygir sig niður á við vegna forvals hrossa sem koma til kynbótadóms. Mælingar vantar fyrir lökustu hross stofnsins sem myndi þá fylla í normaldreifinguna.

Dreifing veginna einkunna sköpulags, hæfileika og heildaraðaleinkunnar er sýnd í mynd 4 þar sem einkunnir á bilinu 6,0 til 9,5 eru kvarðaðar með einum aukastaf (36 stöplar). Dreifing aðaleinkunnar sköpulags er ágætlega samhverf, en aðaleinkunn hæfileika er aðeins skekkta og hefur heldur lengri hala niður á við. Þeirri skekkingu normaldreifingarinnar valda lágir skeiðeinkunnir hrossa sem sýnd eru sem klárhross. Dreifing heildaraðaleinkunnar geldur þessa einnig í nokkrum mæli en er þó ekki verulega skekkta. Meðaltal aðaleinkunnar hrossa sem voru dæmd á Íslandi árin 2010 – 2022 eru $\mu = 7,97$ stig og staðalfrávik dreifingarinnar er $\sigma = 0,30$ stig. Ef aðaleinkunnin fylgir normaldreifingu fullkomlega væntum við okkur að 68,3% dæmdra hrossa hafi aðaleinkunn á bilinu 7,67 til 8,27; 95,5% liggja á bilinu 7,37 til 8,57 og 99,7% á bilinu 7,07 til 8,87 samkvæmt mynd 1.

Í reynd eru í gögnunum 69,4% aðaleinkunna á bilinu 7,67 til 8,27; 95,27% á bilinu 7,37 til 8,57 og 99,5% á bilinu 7,07 til 8,87. Frávikin í kynbótadómum frá væntanlegri tíðni normaldreifingar eru því óveruleg og gögnin henta vel sem grundvöllur útreikninga kynbótamats.

Kynbótamat

Í mynd 5 eru sýnd gröf sem lýsa dreifingu kynbótamats aðaleinkunnar hrossa fæddra á Íslandi með 5 ára millibili árin 2010, 2015 og 2020 og hafa lágmarksöryggi (RTI) kynbótamats 30%. Meðaltal 8307 hrossa í árgangi 2010 er 92,35 stig; meðaltal 5947 hrossa í árgangi 2015 er 100,17 stig og meðaltal 5276 hrossa í árgangi 2020 er 104,45 stig.

Mismunurinn á meðaltölum kynbótamats aðaleinkunnar milli árganga 2010 og 2020 nemur 12,1 stigum sem endurspeglar erfðafrámför sem orðið hefur í stofninum á síðastliðnum áratug.

Markmið alls kynbótastarfsins eru erfðafræðilegar framfarir í verðmætum eiginleikum stofnsins. Árangur markvissrar ræktunar felur í sér að sérhver árgangur ber að meðaltali heldur betra erfðamengi en fyrri árgangur. Hraði erfðafráfarar í stofni er algjörlega háður eftirtöldum þáttum:

- 1) Erfðabreytileika (σ_A)
- 2) Öryggi í vali undaneldishrossa (þ.e. fylgni milli dóms og kynbóttagildis (RTI)), sem er háð arfgengi eiginleikanna, magni og eðli upplýsinga í gögnum og gæði aðferða sem notaðar eru til útreikninga kynbótamats).
- 3) Úrvalsstyrkleika (i)
- 4) Lengd ættliðabils (L)
- 5) Skyldleikaræktarhnignun (d)

Ef við gefum okkur eftirfarandi raunhæfar forsendur fyrir íslenska hrossastofninn:

- Arfgengi aðaleinkunnar $h^2 = 0,36$. Þá er erfðabreytileikinn $\sigma_A = \sqrt{h^2 \sigma^2} = \sqrt{0,36 \times 0,32} = 0,18$
- Meðaltals öryggi í vali stóðhesta RTI = 80%
- Meðaltals öryggi í vali undaneldishryssa RTI = 60%
- Vegin hlutdeild valdra stóðhesta = 10%. Þá verður úrvalsstyrkleiki stóðhesta ($is = 1,755$).
- Hlutdeild valdra hryssa = 60%. Þá verður úrvalsstyrkleiki hryssa ($ih = 0,644$).
- Ættliðabil faðir – afkvæmi (Ls) = 8 ár.
- Ættliðabil móðir – afkvæmi (Lh) = 12 ár.

Eiginleiki	Meðaltal, μ	Staðalfrávik, σ	Lágmarksgildi	Hámarksgildi
Höfuð	7,82	0,51	6,0	10,0
Háls,h,b*	8,24	0,38	7,0	9,5
Bak,og lend	8,06	0,53	6,0	9,5
Samræmi	8,15	0,45	6,5	9,5
Fótagerð	7,94	0,50	6,5	10,0
Réttleiki	7,64	0,49	6,0	9,5
Hófar	8,09	0,48	6,0	10,0
Þróðleiki	7,60	0,75	5,5	10,0
Tölt	8,25	0,53	5,5	10,0
Brokk	7,96	0,61	5,0	10,0
Skeið	6,89	1,44	5,0	10,0
Stökk	8,05	0,50	5,0	10,0
Fegurð í reið	8,17	0,48	6,0	9,5
Samstarfsvilji	8,39	0,44	6,5	10,0
Fet	7,68	0,69	5,0	10,0
Hægt tölt	7,97	0,54	5,0	10,0
Hægt stökk	7,75	0,61	5,0	10,0
Skeið > 5	7,67	0,92	5,5	10,0
Sköpulag	8,05	0,25	7,13	9,09
Kostir	7,91	0,38	6,00	9,38
Aðaleinkunn	7,96	0,30	6,51	9,03

*Háls, herðar og bógur


Tafla 1. Tölfræðilegt yfirlit um kynbótadóma 7910 hrossa (af báðum kynjum) sem voru dæmd á Íslandi árin 2010–2022.

Land:Ár	Fjöldi	Meðaltal, μ	Feður, μ_s	Mæður, μ_h
IS: 2010	8514	91,8	100,0	83,7
IS: 2015	6087	99,7	107,9	91,4
IS: 2020	5585	103,0	111,2	94,9
DE: 2010	2784	85,6	90,6	80,8
DE: 2015	2338	90,3	95,6	85,2
DE: 2020	2171	95,1	100,6	89,7
DK: 2010	2243	88,5	95,0	82,0
DK: 2015	1290	95,5	101,1	90,0
DK: 2020	1539	99,7	105,0	94,5
SE: 2010	1354	89,3	94,7	84,1
SE: 2015	764	95,1	100,6	90,2
SE: 2020	798	99,4	104,9	94,0


Tafla 2. Meðaltöl kynbótamats aðaleinkunnar allra hrossa í árgöngum 2010, 2015 og 2020 með báða foreldra skráða í gögnum og meðaltöl kynbótamats foreldranna. Meðaltölin eru reiknuð sérstaklega innan fæðingarlands í 4 helstu ræktunarlöndum íslenska hestsins (Ísland, Þýskaland, Danmörk og Svíþjóð).



Mynd 4.



Mynd 5.



Mynd 6.

• Meðalskyldleikaræktar-stuðull í íslenska hrossastofninum er einungis 2,8% og því má reikna með að áhrif skyldleikaræktarhagnunnar séu hverfandi lítil þegar til heildarinnar er litið ($d \approx 0$). Væntanlegu árlegu erfðafrámför (ÁE) í stofninum má þá hreinlega reikna með eftirfarandi formúlu $AE = (is RTI \sigma_A + ih RTI \sigma_A) / (Ls + Lh) - d$ ÁE yrði samkvæmt forsendunum sem eru gefnar hér að ofan: $AE = (1,755 \times 0,8 \times 0,18 + 0,644 \times 0,6 \times 0,18) / (8 + 12) = 0,016$ á mælikvarða dómstigans. Eins og sjá má í töflu 1 er staðalfrávik (σ) aðaleinkunnar 0,30 og 0,016 er því 5% af staðalfrávik aðaleinkunnar. Þessi ræktunarhraði samsvarar frámförum sem nema einu heilu staðalfrávik á 20 árum. Þ.e. meðalkynbóttagildi stofnsins mundi hækka um 0,30 einkunnarstig aðaleinkunnar á 20 árum vegna framfara í ræktun samkvæmt þessum raunhæfu forsendum.

Með BLUP aðferðinni er hægt að meta raunverulegar erfðafrámfarir og bera þær saman við væntanlega erfðafrámför. Það gerir það með því að reikna meðaltöl kynbótamats viðkomandi eiginleika innan fæðingarára (og þjóðlanda). Kynbótamatíð er leiðrétt fyrir kerfisbundnum umhverfisáhrifum líkansins og þar með öllum greinanlegum áhrifavöldum á kvarða dómstigans sem ekki eru tengdir samleggjandi erfðum. Metin árleg erfðafrámför (ÁE) hrossa fæddra á Íslandi árin 1971 – 1990 reynist vera 0,006 einkunnarstig eða 2% af staðalfrávik aðaleinkunnar. Með þeim ræktunarhraða tekur það 50 ár að hækka meðaltal stofnsins um 0,30 stig. Samsvarandi ÁE fyrir tímabilið 1991 – 2010 hefur stigið upp í 0,017 sem samsvarar 5,6 % af staðalfrávik aðaleinkunnar. Sá ræktunarhraði samsvarar 18 árum til að hækka meðaltal aðaleinkunnar stofnsins um 0,30 stig.

Allt bendir til að ræktunarhraði hafi aukist enn meir á síðasta áratug 2011 – 2020 og að nú sé ÁE 0,02 eða 6,7% af staðalfrávik aðaleinkunnar. Það þýðir að hækkan meðaltals stofnsins um 0,30 stig taki einungis 15 ár. Ræktunarhraðinn hefur því rúmlega þrefaldast síðan BLUP kynbótamatíð var tekið í notkun. Ekki ber að skilja orð okkar að sá árangur sé einungis vegna þess að ræktendur hafa aðgang að BLUP aðferðinni, sem hefur sannað sig sem besta aðferð sem stendur til boða sem sakir standa til þess að vinna upplýsingar úr öllu gagnasafninu um kynbótadóma og ætternistengingar. Öll umgjörð ræktunarstarfsins, sýninga, dómstarfa, gagnabanki Worldfengs og þekking dómara, sýnenda og ræktunarfólks hefur vaxið og batnað og hefur skilað sér í auknu öryggi matsins og auknum úrvalsstyrk. Það er óyggjandi staðreynd að flestir íslenskir hrossaræktendur velja til undaneldis hross sem eru vel yfir meðaltali í kynbótamatinu og það er lykillinn að hinum öru erfðafrámförum sem hafa náðst

í stofninum á síðustu áratugum. Nýjar kynbótamatsaðferðir sem byggjast á erfðamengisúrvali eru í örri þróun og verða eflaust teknar til notkunar í hrossaræktinni innan tíðar. Ekki er ólíklegt að með því móti verði róðurinn hertur enn frekar! Í töflu 2 má lesa kynbótamat aðaleinkunnar stóðhesta og hryssna sem eru foreldrar afkvæma í árgöngum 2010, 2015 og 2020 á Íslandi og til samanburðar í Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð. Meðaltal kynbótamats hvers árgangs innan þjóðlands er (næstum) það sama sem meðaltal kynbótamats beggja foreldranna. Í töflu 2 felst ýmis fróðleikur. Stærð árganganna hefur minnkað verulega í öllum löndunum frá 2010 til 2020. Árgangur 2020 er 66%; 78%; 69%; 59% af stærð árgangs 2010 í þessum fjórum löndum (IS; DE; DK; SE). Það býður upp á vissa grisjun sem getur verkað jákvætt á erfðafrámför. Ræktun hrossanna á Íslandi hefur forskot sem nemur u.þ.b. hálfum áratug miðað við Danmörku og Svíþjóð og heldur

meira miðað við Þýskaland. Þar veldur mestu öflugt úrval stóðhesta og styttra ættliðabil í karlegg á Íslandi. Stöðugt flæði erfðafnis frá Íslandi veldur því að erfðafrámfarir verða ekki teljandi hægari í hinum löndunum heldur skila þær sér nokkrum árum seinna. Mynd 6 sýnir dreifni kynbótamats aðaleinkunnar hrossa fæddra á Íslandi, Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi á árabílinu 2010 til 2022. Erfðafrámfarir valda því að normaldreifingin er nokkuð skekkt upp á við og sýna glögglega hvað stofnstærðin (blái flöturinn) og öflugt íslenskt ræktunarstarf hefur skapað mikinn fjölda hrossa með hátt kynbóttagildi. Vert er að hafa það hugfast að erfðafni bestu íslensku kynbóttagripanna nýtist bæði hrossaræktinni á Íslandi og erlendis og stuðlar þannig að framgangi íslenska hestakynsins á veraldarvisu. Höfundar, Þorvaldur Árnason og Elsa Albertsdóttir eru doktorar í erfða- og kynbótaraði.

SÖLUHROSS FRÁ HÓLUM - október 2023

Sala fer í gegnum: Ríkiskaup / eignir - Helenu Rós Sigmarsdóttur s. 863 5125 - netfang: helena@rikiskaup.is

<p>1. Ullur frá Hólum IS2015158300 Blup: 123 F: Viti frá Kagaðarhóli M: Ferna frá Hólum (mf: Hróður frá Refsstöðum) Lýsing: Ullur er fyrst og fremst frábær töltari. Góður ferða- og reiðhestur með fína fótlyftu. Ullur er mikið tamin og kann flestar fimíæfingar. Hentar sem keppnishestur í léttari flokkum. Ullur er sterkur, næmur og gæfur en hentar ekki byrjendum. Ullur er 144 cm á herðakamb. Verð: 800.000 kr.</p>	<p>3. Naskur frá Hólum IS2015158302 Blup: 130 F: Skýr frá Skálakoti M: Völva frá Hólum (mf: Vilmundur frá Feti) Lýsing: Naskur er stór, 149 cm á herðar, og myndarlegur geldingur. Rólegur og þægur með góðar gangtegundir og fína fótlyftu og kann flestar fimíæfingar. Naskur hentar byrjendum jafnt sem lengra komnum í hestamennskunni. Líklegur sem keppnishestur í barnaflokki og hentar líka lítið vönum knöpum. Verð: 1.500.000 kr.</p>	<p>5. Íshildur frá Hólum IS2015258301 Blup: 134 F: Skýr frá Skálakoti M: Storð frá Hólum (mm: heiðursverðlaunahryssan Ösp frá Hólum) Skópulag: 8,42 Hæfileikar: 8,32 Lýsing: Íshildur er með mjög góðan kynbótadóm, 8,36 í aðaleinkunn. Efni í virkilega gott keppnishross. Íshildur er með 8,5 fyrir marga verðmæta eiginleika eins og tölt, hægt tölt, skeið, brokk, fegurð í reið, háls-, herða og bógasamræmi o.fl. Íshildur er þæg, skemmtilega viljug og þjál. Hún kann flestar fimíæfingar og er 145 cm á herðarkamb að stærð. Verð: 6.000.000 kr.</p>
<p>2. Uggi frá Hólum IS2016158300 Blup: 123 F: Eldur frá Torfunesi M: Ferna frá Hólum (mf: Hróður frá Refsstöðum) Lýsing: Uggi er gangsamur, vakandi hestur og frekar þægur. Þægilegur útreiða- og ferðahestur en hentar ekki óvönum. Uggi er frekar sterkur og 142 cm á herðakamb. Verð: 800.000 kr.</p>	<p>4. Íþrótt frá Hólum IS2015258301 Blup: 117 F: Eldur frá Torfunesi M: Storð frá Hólum (mm: heiðursverðlaunahryssan Ösp frá Hólum) Skópulag: 8,09 Lýsing: Íþrótt er efnileg hryssa í margt. 140 cm á herðar, þægilega viljug. Gæti hentað í keppni, ræktun eða sem virkilega góð útreiðahryssa. Hún kann flestar fimíæfingar. Hentar ekki byrjendum. Verð: 1.500.000 kr.</p>	

Góð smurning

Góð smurolía eykur endingu véla og dregur úr sliti og kostnaði við rekstur. Við eigum mikið úrval frá Texaco, Castrol og Cargo Oil fyrir öll hugsanleg tæki.

Komdu við á næstu Olísstöð

Fjórir viðburðir á Lífræna deginum

– Áhersla lögð á meiri fræðslu til neytenda um vottunarkerkið og lífræna landbúnað

Lífræni dagurinn var haldinn hátíðlegur í annað sinn laugar-daginn 16. september.

Fjórir viðburðir voru haldnir víðs vegar um landið og einn viðburður á Kaffi Flóru í Grasagarðinum í Reykjavík sem Lífrænt Ísland stóð fyrir. Viðburðirnir gengu mjög vel og fengu framleiðendur víðs vegar um landið fjölda gesta til sín til að sjá, smakka og kynna hvað lífræn ræktun snýst um.

Lífræna vottunarkerfið er alþjóðlegt gæðastýringarkerfi sem hefur verið til í yfir 50 ár. Markmiðið með að halda Lífræna daginn er að vekja athygli á þessari tegund ræktunar á Íslandi og fræða fólk um gildi vottunarinnar.

Meiri fræðsla

„Við hjá Lífræna Íslandi höfum verið að leggja áherslu á meiri fræðslu til neytenda,“ segir Anna María Björnsdóttir, verkefnastjóri Lífræna dagsins. „Það liggur svo gríðarlega margt að baki þegar vara fær lífræna vottunarkerkið, hlutir sem neytendur eru ekki upplýstir um á matarambúðum eða í verslunum en skiptir marga neytendum máli.“

Fyrir Lífræna daginn útbjuggum við samfélagsmiðlaefni sem hefur það markmið að fræða neytendur um hvað það þýðir þegar vara er með lífræna vottun. Einnig gerðum við fallett fræðsluplakat með upplýsingum um hvað liggur að baki því að vara sé með lífræna vottun.

Í lífrænni ræktun eru reglur um dýravelferð strangari. Í lífrænum landbúnaði hafa kýr og kindur meira rými á húsi, fá lífrænt fóður og hafa aðgang að útisvæði allt árið um kring, þegar veður leyfir. Lífrænir bændur vinna að því að fyrirbyggja veikindi dýranna og huga að heilbrigði þeirra m.a. með því að leyfa þeim að lifa eins og þeim er eðlilegt í náttúrunni.

Í lífrænni ræktun eru ekki notuð eitrefni. Í staðinn nota lífrænir bændur náttúrulegar aðferðir til að vernda plöntur gegn sjúkdómum og ágengi sumra skordýra og vernda

þannig lífræðilegan fjölbreytileika. Samkvæmt Evrópsku matvæla-öryggisstofnuninni (EFSA) eru eitrefnaleifar í um helmingi af öllum almennum matvörum í Evrópu en einungis brot af því er að finna í lífrænum vörum.“

Lífræn ræktun er hringrásarkerfi í framkvæmd

Að sögn Önnu Maríu byggir lífræn ræktun á hringrás næringarefna. „Næringarefnum úr nærumhverfinu er safnað saman svo sem matar-afgöngum, búfjáraburði, garðúrgangi og afskurði frá ræktun og þeim komið inn í hringrásina aftur sem lífrænni áburður, í gegnum safnhaugagerð til dæmis.“

Í lífrænum mat eru bara leyfð 53 E-efni í stað 396. Grunnildi lífrænnar ræktunar er að búa til hreina matvöru sem hefur náttúrulegan endingartíma og lit. Þess vegna eru lífrænar vörur almennt með færri aukaeftir en aðrar vörur. Í Evrópusambandinu eru 396 E-efni leyfð í matvörum. Lífrænu reglurnar útiloka 343 þessara efna og leyfa einungis 53 E-efni sem öll eiga sér náttúrulegan uppruna,“ útskýrir Anna María.

Lífræni dagurinn kominn til að vera

Hún segir að þetta sé aðeins brot af því sem liggur að baki því að vara sé með lífræna vottun og heldur áfram. „En þetta eru upplýsingar sem neytendur eiga rétt á að vita, að minnsta kosti. til að geta tekið upplýstari ákvarðanir um hvaða matvöru þeir velja. Lífrænt Ísland heldur úti vefnum www.lifraentisland.is sem er ætlað að vera ákveðin miðja fyrir lífræna íslenska framleiðslu þar sem hægt er að finna upplýsingar um allt sem framleitt er á Íslandi undir lífræna vottunarkerkinu.“

Lífræni dagurinn er kominn til að vera og erum við strax farin að hlakka til Lífræna dagsins 2024,“ segir Anna María.

/smh



Vífill og Alejandra á Syðra-Holti í Svarfaðardal tóku á móti gestum úr sveitinni á Lífræna daginn, stóðu fyrir kynningum og fyrirlesturum, voru með smakk og seldu vörur. Þau buðu upp á blómkálssúpu með alls konar fersku og gerjuðu grænmeti, allt saman úr þeirra eigin lífrænt vottuðu afurðum.

Myndir / Lífrænt Ísland



Liv og Alla frá Villimey kynntu sínar lífrænt vottuðu snyrtivörur.



Eydís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson, sauðfjárbændur í lífrænum búskap, héldu erindi.



Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Bióbu, og Margrét, dóttir hans, kynntu og seldu lífrænar mjólkurvörur og kjöt frá Bióbu.



Akur Organics í Pistilfirði á Langanesi tóku á móti gestum til sín og buðu þeim að taka upp gulrætur sjálfir sem börnunum þótti mjög gaman. Einnig gáfu þau smakk og sýndu gestum hvað þau eru að vinna að með þeirra öflugum og stórum gulrótaráttum.

Nesdekk er umboðsaðili **DOUBLECOIN** á Íslandi

ÚRVAL DEKKJA FYRIR ATVINNUTÆKIÐ

Birt með fyrirvara um mynd- og textabengli.



Doublecoin - RSD1

Hönnuð fyrir erfiða vetrarferð. Grófmunstruð dekk sem veita frábæra spyrnu snjó.



Doublecoin - RSD3

Munstur dekkisins er hannað til að veita gott grip við fjölbreyttar aðstæður.



Bókaðu tíma hjá sérfræðingum okkar á nesdekk@nesdekk.is



Jóhanna Vilhjámsdóttir, Anna María Björnsdóttir og Stefán Jón Hafstein.

Stefán Jón, höfundur bókarinnar „Heimurinn eins og hann er“, hélt erindi á viðburðinum á Kaffi Flóru. Hann fór vítt og breitt um vandann við matvælakefni heimsins og tók fram að lífræn ræktun væri að minnsta kosti eitt af svörum við þeim vandamálum sem matvælakefni heimsins standa frammi fyrir eins og ofnotkun á tilbúnum áburði og þeim umhverfisvandamálum sem það veldur.

Jóhanna Vilhjámsdóttir, höfundur bókarinnar „Áhrif eitrefna á heilsu og umhverfi“ hélt erindi um lífrænt mataræði og heilsu. Hún lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þessi að neyta matar án eitrefnaleifa. Mörg eitrefna sem notuð eru í almennri ræktun eru hormónaraskandi efni og geta haft skaðleg áhrif á heilsu sérstaklega barna og fóstura í móðurviði. Þessi efni væru bönnuð í lífrænni ræktun og því öruggara að neyta lífrænt vottaðra matvara.

Breiðhófi 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Fiskislóð 41
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

Skeifan 9
108 Reykjavík
590 2098
Tímabókun

Lyngásí 8
210 Garðabæ
565 8600
Tímabókun

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333
Tímabókun

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350
Tímabókun

Austurvegur 54
800 Selfossi
590 2095
Tímabókun

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200



Rúnar Geir Ólafsson, Guðbjörn Már Ólafsson og Hlynur Sigurðsson starfa og reka Eyði-Sandvík, sem er stórt lífrænt vottað kúabú, og framleiða afurðir sem seldar eru undir Bióbú merkinu.



Hjá Móður Jörð í Vallanesi var blásið til árlegrar uppskeruhátíðar í tengslum við Lífræna daginn en þar er hefð fyrir matarviðburðum á þessum árstíma. Gestum var boðið að taka upp sínar eigin kartöflur og ýmsir smáréttir úr ræktuninni töfraðir fram á kaffihúsi staðarins, í Asparhúsinu.



Anna María Björnsdóttir, verkefnastjóri Lífræna dagsins. Hún segir að viðburðirnir á Lífræna deginum hafi gengið mjög vel og framleiðendur víðs vegar um landið hafi fengið fjöldi gesta til sín til að sjá, smakka og kynna hvað lífræn ræktun snýst um.



Svava Rafnsdóttir og Sigrún Hallgrímsdóttir frá Gróðurhúsinu í Bjarkarási voru með glæsilegan bás og kynntu þeirra fjölbreyttu lífrænu ræktun og gáfu smakk á gómsætu grænmeti.

CLT – EININGAR



*Krosslímðar timbureiningar
Grænar byggingalausnir*

TIMBURGRINDARHÚS



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

SÍMI: 565 1560 einingar@einingar.is

STORTH

EXPERTS IN SLURRY MANAGEMENT
SCRAPE IT - PUMP IT - STORE IT - MIX IT - APPLY IT



SLÖNGUDREIFIBÚNAÐUR

Með slöngudreifibúnaði aukast afköst til muna og má áætla að við bestu aðstæður náist að dreifa u.þ.b. 190m³ á klukkustund við full afköst.

Búnaðurinn samanstendur af: Traktorsdrifinni Bauer dælu; Lagnakerfi með lokum til að tengja milli dælu og mykjugeymslu; Slöngum og slöngukefli; Dreifigreiðu; Loftpressu.



Betri nýting köfnunarefnis | Minni jarðvegsskemmdir | Aukin afköst

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Allt til heimaslátrunar!



www.kb.is

KB
BÚREKSTRARDEILD
BORGARNESI

Heillaðist af íslenska hestinum og flutti til Íslands

Á bænum Mið-Grund undir Eyjaföllunum býr kona að nafni Martina Holmgren ásamt fjölskyldu sinni. Martina er ættuð frá Svíþjóð og starfaði sem fjármálaráðgjafi í Stokkhólmi þegar hún ákvað að elta drauminn og flytja til Íslands til þess að starfa með íslenska hestinum.

Martina ólst upp í Svíþjóð og komst þar í kynni við íslenska hestinn sem ung stelpa. Hún heillaðist af hestinum og ákvað að hún yrði að heimsækja Ísland. Hún kom hingað til lands fyrst árið 2009 og varð ástfangin af landi og þjóð. Ekki leið á löngu þar til hún var farin að eyða öllum sínum frítíma hérlendis og dreymdi um að einn daginn myndi hún eignast hér hesthús fullt af íslenskum gæðingum. Í tíma sínum hérlendis starfaði hún við þjálfun hesta og hreifst af því hvernig hestar eru haldnir og hvað þeir búa við mikið fjárlástræði, í stórum hjörðum á víðfemnu landsvæði og hlaupa frjálssir í hestaferðum.

Lífir drauminn

Hún átti sér draum um að setja upp starfsemi hérlendis í kringum íslenska hestinn, að bjóða upp á reiðskóla fyrir börn, hestaleigu og hestaferðir fyrir bæði Íslendinga og ferðamenn.

„Það kom að því að ég fékk leið á því að vinna á skrifstofu, horfa á tölvuskjáinn og fletta pappírnum. Draumurinn var að vinna með íslenska hestinum og einn daginn lét ég verða af því og flutti til Íslands. Síðan eru liðin 10 ár. Ég kynntist



Martina Holmgren.

svo manninum mínum fljótlega eftir komuna hingað til lands og í stuttu máli sagt þá stofnuðum við fjölskyldu og eigum í dag þrjú börn saman.“

Þau ákváðu að taka við búi foreldra mannsins hennar og í dag eru þau búsett á Mið-Grund, en þar var áður rekið kúabú. „Við höfum breytt hluta af fjósinu í hesthús og komið okkur upp ágætri aðstöðu. Við ætlum að reka hér hestaleigu allan ársins hring, þar sem fólk getur bókað bæði styttri og lengri dagsferðir með leiðsögumanni. Við erum staðsett á milli fjalls og fjöru og hér í kring eru skemmtilegar reiðleiðir s.s. að Reynisfjöru og Írafossi.“

Í sumar var einnig boðið upp á reiðskóla fyrir börn og unglina. „Það



Næsta sumar verður boðið upp á skipulagðar hestaferðir þar sem fólk mætir með sína eigin hesta og þau hjónir sjá um rest.

Myndir / Martina Holmgren

var hluti af draumnum að bjóða upp á reiðskóla. Ég sótti reiðskóla sjálf sem barn og unglungur og það gaf mér mikið, mig langaði því að endurgjalda gjöfina og bjóða upp á reiðskóla og starfsemi fyrir börn og unglina. Það er svo gaman að upplifa gleði barnanna í samvistum þeirra með hestinum, að fylgjast með þeim læra að umgangast hestinn, að ná tökum á stjórnun hans og ásetu sinni. Hvernig þau eflast og styrkjast. Í sumar komu hingað 150 börn í reiðskólann og allt gekk ótrúlega vel,“ segir Martina.

Martina er stórhuga og lætur hlutina gerast. Nýjasta hugmynd hennar er sú að bjóða Íslendingum upp á skipulagðar hestaferðir. „Hugmyndin kviknaði þegar ég var

sjálf að reyna að leita að hestaferðum og fann lítið af ferðum sem buðu upp á þann möguleika að koma með sína eigin hesta.

Yfirleitt eru þetta vinahópar sem taka sig saman og skipuleggja hestaferðir. Mig langar til að bjóða upp á slíka þjónustu og næsta sumar býð ég upp á skipulagðar hestaferðir þar sem fólk mætir með sína eigin hesta og við sjáum um rest. Við höfum aðstöðuna hér, skipuleggjum ferðina, bókum skálana, erum með trússbíl, maðurinn minn er kokkur og getur séð um matinn. Hér er því allt til alls.

Næsta sumar munum við bjóða upp á ferðir um Landmannalaugar, Þórsörk og svo er í boði ferð sem við köllum Tindfjallahringur.“

Elskar vinnuna og íslenska hestinn

Martina er ánægð með að hafa hoppað út í djúpu lauginna og elt drauminn sinn. „Ég elska vinnuna mína í dag, íslenska hestinn og allt það sem honum tengist, allt þetta bras og umstang og enginn dagur er eins.“

Það er ómetanlegt að vinna með börnum, vera með dýrunum og vera úti í náttúrunni.

Ég þarf stundum að klípa mig og átta mig á því að ég er að lifa drauminn minn,“ segir Martina að lokum. Fyrir áhugasama má finna meiri upplýsingar á heimasíðu hennar hestarogfjoll.is /ÞAG

Á FAGLEGUM NÓTUM

Traustar hagtolur eru grundvöllur upplýstrar umræðu

Markaður fyrir mjólkurafurðir hér á landi hefur vaxið umtalsvert síðastliðinn einn og hálfu áratug.



Erna Bjarnadóttir.

Árið 2008 nam heildarsalan 112,3 milljónum lítra á fitugrunni og 117,1 milljón lítra á próteingrunni. Fimmtán árum síðar hafði sala á fitugrunni aukist um 31%, eða í 147,2 milljónir lítra. Sala á próteingrunni hefur hins vegar vaxið minna og nam 128 milljónum lítra árið 2022. Skýringuna á þessu misræmi og því að nú hallar á próteinsöluna má að verulegum hluta rekja til aukins innflutnings á ostum á grundvelli umsamdra tollfrjálsra kvóta í viðskiptasamningum við ESB og fleiri lönd.

Fjölbreytt flóra innfluttra vara

Undanfarin ár hefur bæði magn og fjölbreytni í innfluttum mjólkurvörum og vörum sem innihalda hráefni úr mjólk aukist eins og glögg má sjá í hillum verslana. Annars vegar er um að ræða hefðbundnar mjólkurvörur eins og jógur og osta sem falla undir kafla fjögur í tollskrá líkt og

aðrar mjólkurvörur. Hins vegar eru svo ýmsar samsettar vörur sem eru að uppistöðu úr mjólk en öðrum efnisþáttum, svo sem bragðefnum viðbættum sykri eða sætuefnum og fleiru, hefur verið bætt í. Slíkar vörur flokkast í aðra tollflokka sem margir eru á lágum tollum og oft án tolla, einkum á grundvelli sérstakra viðskiptasamninga. Í smá-söluverslunum ber m.a. allnokkuð á mjólkurdrykkjum sem flokkast í einhverja af þeim 13* „skiptiliðum“ í undirlíð 2202.99 í íslensku tollskránni, yfir drykki sem eru að uppistöðu úr mjólk. Þessar vörur eru án tolla frá löndum innan EES svæðisins og Sviss auk fjölmargra annarra landa sem gerðir hafa verið tvíhliða viðskiptasamningar við, þar með talið Bretland og Kína.

Innfluttar drykkjarvörur

Verslunarskýrslur sem teknar eru saman á grundvelli inn- og útflutningsskýrslna eru mikilvægar hagtolur fyrir alla þá sem vilja t.d. greina þróun markaða fyrir mismunandi vörur.

Samkvæmt þeim hefur innflutningur á fyrrnefndum drykkjarvörum numið á milli 400 og 500 tonnum á ári sl. fjögur ár. Fyrstu 7 mánuði þessa árs var innflutningurinn kominn í 259 tonn.



Erfitt er samt að henda reiður á hvort þessu beri saman við útflutningstölur helstu viðskiptalanda þar sem tollflokkun er ekki algerlega samræmd og alls ekki á skiptiliði (átta stafa tollskránumer). Það vekur engu að síður athygli að heildar innflutningur á drykkjarvörum (hér teljast einnig með sem dæmi gosdrykkir og jurtadrykkir) í undirlíð 2202.99 frá ESB til Íslands nam um 2.700 tonnum árin 2021 og 2022.

Útflutningur frá ESB til Íslands nam hins vegar tæpum 6.000 tonnum árið 2021 og 5.073 tonnum árið 2022 samkvæmt skýrslum EUROSTAT.

Áhersla á mikilvægi hagskýrslna

Tollskýrslur eru ekki aðeins grundvöllur þess hvort og hvaða tolla beri að greiða af innflutningi, ýmis önnur gjöld eru lögd á við innflutning einns og úrvinnslugjald og virðisaukaskattur. Þá eru fyrrnefnd not við hagskýrslugerð einnig mikilvæg. Því skiptir miklu að tollskýrslur séu réttar. Af hálfu ESB og einstakra aðildarríkja þess er lögd rík áhersla á þetta. Þannig gera reglugerðir ESB ráð fyrir því að inn- og útflytjendur hafi skyldum að gegna í því sambandi, þ.m.t. að tollskýrslur séu rétt útfylltar. Ef brotið er gegn þessu leiðir það til

þess að inn- og útflytjendur þurfi að sæta því að missa rafrænan aðgang að gagnagrunnum ESB. Ef málið varðar innflutnings- og útflutningsleyfi fyrir tollkvóta er unnt að útiloka inn- og útflytjanda frá því að flytja út úr ESB eða dreifa á markaði ESB öllum vörum sem falla undir viðkomandi innflutnings- eða útflutningskvóta. Óhætt er að fullyrða að inn- og útflytjandi, sem þarf að leggja fram tollskýrslur á pappírformi, eða aðili sem er útilokaður frá þátttöku í tollkvótum, starfar ekki lengi eftir að slíkum viðurlögum hefur verið beitt.

Í febrúar 2021 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að greina misræmi milli magns í útflutnings tölum úr viðskiptagagnagrunni ESB og innflutningstölum Hagstofu Íslands í sömu tollflokki, sbr. kafla 4.2.1 í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá febrúar 2022 um tollframkvæmd vegna landbúnaðarafurða.

Í skriflegu svari fjármálaráðherra frá 16. desember 2022 við fyrirspurn um málið frá Högna Elfari Gylfasyni, varaþm., kom fram að áætluð starfslök hópsins yrðu í lok janúar 2023. Skýrslan er enn ekki komin fram en vonandi mun hún varpa ljósi á þessar spurningar þegar upp verður staðið.

Erna Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá MS

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP

Ástin og aðrir mannlegir eiginleikar

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Sigurði Óskari Pálssyni.

Sigurður (1930-2012) var fæddur í Breiðuvík, sunnan Borgarfjarðar eystra, og ólst upp þar og síðan í Geitavík á norðurströnd fjarðarins. Hann var kennari og skólastjóri á Borgarfirði eystra og einnig á Eiðum. Þjó síðar á Egilsstöðum og var þá forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga en síðari árin búsettur á Akureyri. Lífsförunautur hans frá 1956 var Jónbjörg S. Eyjólfsdóttir (1931–2012), sem einnig var einkar hög á orðsins list.

Sigurður var vel þekktur fyrir ritstörf og gamanljóð, en lá lengi á alvarlegri ljóðum sínum sem birtust loks á bók árið 2001, hjá Félagi Ljóðaunnenda á Austurlandi, undir nafninu Austan um land. Bókin seldist upp og var endurprentuð árið 2010 með viðbótum. Í kynningu á bókarkápu segir að Sigurður yrki ljóð um frið, um ástina og aðra mannlega eiginleika á sinn lágværa og persónulega hátt. Fegurst ómi lofgjörðin til áttthaganna og óspilltrar náttúru landsins og taki oft á sig svipmót tærrar ljóðrænu.


Minning

Góð voru haustin með heidrikum kvöldum og löngum,

haldið var seint af engjum,

gengið hægt um hélaðan flóa með hrifu og orf

og liðið að göngum.



Sigurður Óskar Pálsson.
Mynd / Félag Ljóðaunnenda á Austurlandi

Úr dapi og svarðargröf fífudúnn
fokinn er, /
fallinn til jarðar um þýfi og
leirbornar keldur, /
stelkurinn floginn. Nú finn ég í
vitum mér /
fölvans keim og þarf ei að
spyrja hver /
síg hniprar til stökks og hverju
dómur er felldur.

Bæn gamals bónda

Mold – ó, mold með sætan sýruþef,
sofandi rót þú geymir langan vetur
og vekur þegar vorblær kysir þig.

Æðaslög þín með iljum mínum hef
ég einatt fundið sterkara og betur
því lengra sem ég lífsins gekk á stig.

Þig hef ég arið, fedra minna mold,
af mætti veikum. Fyrirgefðu mér,
ég gat ei meira. Bljúgur bið ég þig:

Þegar að lokum fell ég einn á fold
og fært verður mitt hrör að barmi
þér /
– lyk þá faðmi mjúklega um mig.

Úr ljóðabókinni
Austan um land, útg. 2010.

Ög góð voru haustin
er heyskap lauk
í hægum landþey
sem bar með sér angan
hins rauða lyngs
um leið og hann strauk
lófum um fölbrúnar mýrar;

síðustu baggarnir
látir við Hámoaheyið
og hestunum sleppt
eftir vinnudag strangan.

Gangnadagsmorgunn

Septemberstorminn, sem strauk yfir
landið í nótt /
styrkri hendi og bældi fölnandi
stráin, /
lægði undir morgun og lognið varð
svalt og hljótt, /
litverp í dögum og þögul er
Heimabláin.

Jólahlaðborð og skemmtanir um allt land



Davíð og Stefán eru syngjandi veislustjórar
stefanhelgi@gmail.com eða s. 896-9410.

Hágæða vatnshitara

Vörukaup
Tel. 516-2600 | vorukaup@vorukaup.is

CLAGE

KÄRCHER

Allt í bílskúrinn

Háprýstidælur

Ryksuga fyrir blautt og þurrt

Vatnsslöngur og hjól

Byssur og kúplingar

RAFVER
Umboð og þjónusta
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

MASSEY FERGUSON

BÚVÉLAR
Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

Á FAGLEGUM NÓTUM



Ótrúlegar sviptingar á lista stærstu mjólkurvinnslufyrirtækjanna

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Hollenski landbúnaðarbankinn Rabobank tekur saman reglulega margvíslegan fróðleik um þróun landbúnaðarins í heiminum og m.a. gefur út árlegt yfirlit yfir stöðu stærstu mjólkurvinnslufyrirtækja heims.

Undanfarin ár hafa ekki beint orðið miklar breytingar á listanum og væri nær lagi að tala um hliðrun á stöðu fyrirtækja, þar sem hafa haft sætaskipti á milli ára. Nú ber aftur á móti svo við að töluvert miklar breytingar hafa orðið á listanum, þegar staða þessara fyrirtækja árið 2021 er borin saman við árið 2022.

Mikil veltuaukning

Heildarvelta 20 stærstu fyrirtækjanna í heiminum, sem vinna úr mjólk, jókst um 7,3% árið 2022 miðað við fyrra ár, þegar veltan er reiknuð í bandaríkjadollurum en sé miðað við uppgjör í evrum jókst velta þessara sömu fyrirtækja um heil 21%. Skýringin felst auðvitað í sterkari bandaríkjadollar miðað við evru en önnur skýring á aukinni veltu almennt séð felst fyrst og fremst í hækkuðu verði afurða á markaði þegar flest þessara fyrirtækja hækkuðu verð til að mæta hærri verðbólgu. Athygli vekur að óvenju hátt hlutfall fyrirtækja settu veltumet árið 2022 og varð hálfgerð uppstokkun á heimsmarkaðinum þegar horft er til afurðafyrirtækja, þ.e. stöðu þeirra miðað við heildarveltu.

Einungis fimm fyrirtæki héldu röð sinni á listanum og það er harla óvenjulegt enda um gríðarlega stór fyrirtæki að ræða.

Þau 10 stærstu



Lactalis Franski risinn heldur áfram að stækka og ber orðið höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki á þessum markaði

með heildarveltu upp á 3.903 milljarða íslenskra króna! Vöxtur fyrirtækisins skýrist m.a. af uppkaupum og samruna annarra fyrirtækja við Lactalis á árinu en einnig af aukinni sölu og herra afurðaverðs. Af þekktum fyrirtækjum sem Lactalis keypti upp árið 2022 má nefna Jalna Dairy Foods frá Ástralíu, ferskvörudeild hins þýska BMI og franska fyrirtækið Verdannet, sem er sérhæft í ostagerð.

Þá hafa fregnir borist af því að Lactalis sé að reyna að kaupa núna brasilíska fyrirtækið DPA, sem er í dag í eigu Nestlé og Fonterra en bæði eiga í ákveðnum vanda þessi misserin og eru að leita að leiðum út úr vanda sínum.



Dairy farmers of America Bandaríska samvinnufélag þarlandra bænda gerði einstaklega vel árið 2022 og setti nýtt veltumet og skaust þar með upp fyrir bæði Danone og Nestlé! Einstakur árangur þessa merka félags sem náði árangrinum án þess að kaupa upp önnur fyrirtæki eða félög. Veltuaukninguna má því fyrst og fremst rekja til herra afurðaverðs og aukinnar sölu.



Nestlé í áraradír var Nestlé ósnertanlegt í efsta sæti þessa lista Rabobank en nú er öldin önnur og hefur það nú fallið niður í það þriðja. Fyrirtækið hefur á undanförunum árum verið að draga saman seglin á þessum markaði og selja frá sér eignir og framleiðslueiningar.

Nú hefur þó verið gefin út spá um að veltuaukning sé fram undan á árinu 2023, en óvíst er hvaðan sú aukning muni koma.



Danone Franska fyrirtækið Danone fellur niður um sæti á listanum en

ekki vegna þess að illa gekk heldur vegna þess að DFA stókk upp í annað sætið. Fyrirtækið er umsvifamikilið á heimsmarkaðinum og árið 2022 gekk það frá kaupum á vörumerkinu Dumex í Kína, en það var áður í sameiginlegri eigu Danone og Mengniu. Dumex er eitt þekktasta vörumerkið innan mjólkurdufts fyrir börn. Fyrirtækið var einnig á árinu í hagræðingaradgerðum sem skiluðu góðum árangri en hvort það sé nóg fyrir afkomuna árið 2023 skal ósagt látið en um mitt þetta ár tóku rússnesk yfirvöld Danone í Rússlandi eignarnámi.

Þessi armur fyrirtækisins var sá fimmti stærsti innan Danone svo líklegt er að um mikið högg sé að ræða fyrir fyrirtækið.



Yili Kínverska fyrirtækið Yili gekk ágætlega á heimamarkaði árið 2022 og jók sölnuna um rúm 5% en vegna falls hins kínverska yuan gagnvart bandaríkjadollar mælist vöxturinn ekki nema um 0,8% frá árinu 2021. Yili hélt áfram á árinu 2022 að styrkja stöðu sína í Asíu með því að kaupa upp fyrirtæki í mjólkurvinnslu í álmunni. Það sem er þó áhugaverðast við þessi uppkaup er að fyrirtækið gerir það einungis til að styrkja stöðu sína á kínverska markaðinum, þ.e. kaupir upp fyrirtæki utan landsins steina og flytur svo framleiðsluvörur þess heim til Kína.

Þess má geta að fyrirtækið, rétt eins og Mengniu, er að hluta til í opinberri eigu kínverskra yfirvalda.



Arla Foods Hástökkvari listans að þessu sinni er samvinnufélagið Arla Foods, sem er með höfuðstöðvar sínar í Danmörku. Félagið jók veltuna um rúm 23% árið 2022 og stókk upp um 3 sæti frá árinu 2021.

Skýringin á aukningunni fólst fyrst og fremst í sterkri stöðu félagsins á hinum evrópska markaði og sterkum vörumerkjum sem neytendur hafa haldið tryggð við þrátt fyrir hækkanði verð. Þetta eru merki eins og Lurpak, Castello, Puck og Starbucks, en Arla foods er með einkarétt á framleiðslu og sölu marges konar kaffidrykkja í dósnum, sem merkt eru hinni þekktu Starbucks kaffihúsakeðju.



FrieslandCampina Hið hollenska samvinnufélag hafði sætaskipti við Arla Foods að þessu sinni en félögin tvö hafa att kappi hvort við annað í fjöldamörgum ár enda svipuð að stærð og uppbyggingu. Fyrirtækin bera sig títt saman hvort við annað, þegar horft er til afurðastöðvaverðs og almennrar uppbyggingar. FrieslandCampina lenti í kröppum dansi á sumum mörkuðum sínum og hefur upplifað samdrátt í innvigtun mjólkur frá hollenskum kúabændum sem margir þurfa að draga úr framleiðslu sinni vegna sérþækra umhverfiskrafna þarlandra yfirvalda.

Til að mæta þessu var stjórn félagsins snögg að bregðast við og seldi frá sér einingur og lokaði vinnslustöðvum og skiladi það sér í því að félagið náði að auka veltu sína þrátt fyrir breytt starfsumhverfi!



Mengniu Mengniu, sem er kínverskt, fellur á listanum mest vegna gengisþróunar á yuan en hélt áfram að vaxa vel á kínverska markaðinum. Alls jukust umsvif Mengniu um rúm 10% árið 2022 en fyrirtækið hefur nú hafið innreið sína inn á osta- og smjörmarkaðinn í Kína, en hingað til hafa kínversku afurðafyrirtækin látið þann markað eiga sig. Hægt og rólega hefur byggst upp stór markaður fyrir þessar vörur, byggt

upp af innflutningsfyrirtækjum, og núna er markaðurinn nógu stór til þess að Mengniu hefur innreið á hann.

Þá heldur Mengniu áfram að vaxa á kínverska ísmarkaðinum, sem enn er í mikilli sókn.



Fonterra Þessi fyrrum risi á afurðamarkaðinum, hið nýsjálenska samvinnufélag þarlandra kúabænda, hefur átt betri ár og miðað við hin fyrirtækin féll það á listanum um þrjú sæti og heldur þar með áfram að gefa eftir enn eitt árið. Er nú í níunda sæti. Fáir hefðu líklega trúað þessu fyrir örfáum árum síðan!

Fonterra veðjaði á sínum tíma heldur hraustlega á kínverska markaðinn og þegar þarlandir bændur náðu vopnum sínum og framleiðslan þar jókst ár frá ári lentu þau fyrirtæki sem voru stórtæk í innflutningi í ákveðnum vanda.

Sum voru betur sett en önnur eins og gefur að skilja en Fonterra, sem seldi mikið af afurðum sínum sem hráefni fyrir önnur fyrirtæki, fékk skell sem enn er verið að vinna úr.



Saputo Í tíunda sæti listans er kandaíska fyrirtækið Saputo. Fyrirtækið er bara eitt þriggja á topp 10 listanum sem hefur ekki sætaskipti við annað fyrirtæki á milli ára. Saputo, sem hefur verið í miklum uppkaupum á öðrum fyrirtækjum undanfarin ár, notaði árið í að bæta reksturinn og nýta fjölbreytt eignasafn sitt til aukinnar sérhæfingar. Af þeim sökum hélt Saputo mikið til sjó á milli ára.

Flest með vörur úr plöntuafurðum

Athygli vekur að svo til öll afurðafyrirtækin 20 eru með framleiðslu á vörum úr plöntuafurðum, þ.e. með vörulínur sem eru fyrir neytendur sem ekki neyta mjólkurvara.

Röð árið 2023	Breyting á milli ára	Röð árið 2022	Nafn	Höfuðstöðvar	Velta, milljarðar USD*	Velta, milljarðar ÍSK**
1		1	Lactalis	Frakkland	28,6	3.903
2	↑	4	Dairy Farmers of America	Bandaríkin	24,5	3.344
3	↓	2	Nestlé	Sviss	23,3	3.180
4	↓	3	Danone	Frakkland	21,2	2.893
5		5	Yili	Kína	18,3	2.497
6	↑	9	Arla Foods	Danmörk	14,5	1.979
7	↑	8	FrieslandCampina	Holland	14,4	1.965
8	↓	7	Mengniu	Kína	14,4	1.965
9	↓	6	Fonterra	Nýja-Sjáland	14,2	1.938
10		10	Saputo	Kanada	13,7	1.870
11		11	Unilever	Holland/Bretland	8,3	1.133
12	↑	13	Gujarat Cooperative MMF	Indland	7,0	955
13	↓	12	Savencia	Frakkland	6,9	942
14	↑	17	Müller Milk	Þýskaland	6,5	887
15	↑	16	Agropur	Kanada	6,5	887
16	↑	19	Schreiber Foods	Bandaríkin	6,5	887
17	↓	14	Sodiaal	Frakkland	5,8	792
18		18	DMK	Þýskaland	5,5	751
19	↑	20	Froneri	Bretland	5,3	723
20	↑	-	Glanbia	Írland	5,1	696

* Veltutölur fyrirtækjanna eru oft byggðar á áætlun Rabobank
 ** Miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 22. september 2023

Enn sem komið er, segir í skýrslu Rabobank, er hlutfall þessara vara þó óverulegt og áhrif á heildarveltu fyrirtækjanna af sölu, á vörum unnum úr plöntum, lítil.

Spá verri afkomu 2023

Skýrsluhöfundar Rabobank telja að árið 2023 verði mun erfiðara fyrir mörg afurðafyrirtæki en árið 2022, þegar horft er til hagnaðarvagnar.

Felist það í því að afurðastöðvaverð hafi haldist hátt allt til þessa en verð afurðanna hafi verið undir pressu og hafi það sett arðsemina í ákveðinn vanda.

Ólíklegt megi því telja að jafn miklar framfarir í veltu og umsvifum fyrirtækjanna verði árið 2023 eins og varð árið 2022.

Heimild: Rabobank, 2023. Global Dairy Top 20.



Rabobank

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.

KAUPLAND www.kaupland.is sími 8449484

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
 | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
 Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Aktu á gæðum

MAXAM

AGRIXTRA 85

KLETTUR

REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is

www.bbl.is

LESENDARÝNI

Verndun íslenskra laxastofna

– Væntanleg innblöndun

Ekki liggur fyrir hvaða áhrif það mun hafa á íslenska laxastofna á komandi árum en búist er við að áhrifin verði veruleg.

Líklegt er talið að hæfni laxaseiða af norskum eða blönduðum uppruna til uppvaxtar í köldum íslenskum ám geti verið lakari en íslenskra laxaseiða, hæfileikar þeirra til að lifa af í hafinu umhverfis Ísland sé minni og væntanlega einnig ratvísi þeirra upp í íslenskar laxveiðiar. Þá hefur verið nefnt að norskættuð laxaseiði af fyrstu kynslóð kunni við góðar aðstæður að verða stærri og þróttmeiri en íslensk og vinni því samkeppni í íslensku ánum um fæðu og pláss í uppeldi.

Nauðsynlegt virðist vegna mögulegra mótvægisáðgerða að reyna að varpa skýrara ljósi á líkleg áhrif af innblöndun eldislaxa af norskum uppruna í íslenskar laxveiðiar.

Mögulega mótvægisáðgerðir

Flestir virðast gera ráð fyrir að innblöndun norskættaða eldislaxins dragi úr laxveiði á komandi árum, hvort það verður tímabundið eða

varanlegt ræðst væntanlega einkum af því hve mikið og oft norskættaður lax nær að hrygna í íslenskum laxveiðiám, en mögulega einnig af mótvægisáðgerðum.

Til að minnka mögulegt tjón bæði af þverrandi veiði næstu ára og mögulegri erfðablöndun virðist skynsamlegt að reyna að fjölga löxum af hreinum íslenskum uppruna í þeim ám þar sem vitað er af norskættuðum laxi á hefðbundnum hrygningar- og uppeldissvæðum.

Slíkt mætti gera með ýmsum hætti:

Með sleppingu sumaralinnna laxaseiða í ófiskgenga hluta laxveiðaáa og stöðuvötn á vatnasvæði þeirra: Flestar betri laxveiðar hafa langan aðdraganda, oft að hluta ófiskgengan, og á vatnasvæði nokkurra eru stöðuvötn sem nýta mætti til uppeldis laxaseiða. Með bættri nýtingu þessara uppvaxtarmöguleika mætti væntanlega fjölga verulega gönguseiðum af viðkomandi vatnasvæði og fá þannig á komandi árum mótvægi við mögulegri hnignun laxastofna í meginám af völdum norskrar innblöndunar. Mikil þekking og reynsla liggur fyrir um sleppingu sumaralinnna laxaseiða. Takist vel til gæti þessi áðgerð, sem hæfist með hrognatöku í haust, skilað löxum í



veiði á árunum 2026–2030. Það eru einnig þau veiðiar sem líklegast er að neikvæð áhrif af hrygningu norskra eldislaxa í haust komi fram í veiði.

Með framleiðslu gönguseiða í eldisstöðvum: Slíkt er þekkt aðferð og raunar undirstaða laxveiða í nokkrum ám (hafbeitarár).

Helstu annmarkar eru að aðferðin er kostnaðarsöm (hvert gönguseiði mun kosta 200–300 kr.) og lax úr gönguseiðasleppingum skilar sér illa úr hafi (endurheimta jafnan undir 1%).

Með flutningi á hrygningarlaxi upp fyrir hindranir: Þetta hefur verið gert með góðum árangri í nokkrum ám og er tiltölulega ódýr framkvæmd og auðvelt að stjórna þéttleika í uppeldi.

Með hrognagreftri á ófiskgengum svæðum: Það hefur einnig verið gert í nokkrum ám, þó með misjöfnum árangri. Með aukinni þekkingu og reynslu næst væntanlega betri árangur. Allar ofangreindar áðgerðir byggja að sjálfsögðu á að eingöngu sé nýttur hreinn íslenskur lax. Slíkt er auðvelt

í ár en verður trúlega erfiðara með hverju ári sem líður.

Skynsamleg varúaðráðstöfun virðist því að safna á næstu vikum íslenskum hrygningarlaxi úr sem flestum ám og flytja í eldisstöð til arfgerðargreiningar og hrognatöku. Þannig skapast nokkurra vikna svigrúm til ákvarðanatöku um næstu skref í hverri á.

Ari Teitsson
Höfundur sinni rannsóknunum og ráðgjöf á sviði vatnafiska á árum áður.

Báknið:

Smáframleiðendur þurfa starfsleyfi til að geta tekið þátt í matarmarkaði í Reykjavík

– Litið á borð framleiðandans sem starfsstöð; matvöruverslun eins og ef verslanakeðja væri að opna nýja verslun í Reykjavík

Könnun meðal félagsmanna Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og Beint frá býli (BFB) leiddi í ljós að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (hér eftir HRvk) sé eina heilbrigðiseftirlit landsins sem túlkar lög um matvæli á þann hátt að þeim sé skylt að krefjast þess að framleiðendur forpakkadra matvæla, þ.m.t. smáframleiðendur, þurfi að sækja um tímabundið starfsleyfi (svokallað torgsöluleyfi) fyrir hvern og einn matarmarkað sem þeir taka þátt í og greiða fyrir það 17.100 kr. sem samsvarar gjaldi eftirlitsins fyrir einn klukkutíma.



Oddný Anna Björnsdóttir.

Enginn félagsmaður hefur nokkurn tímann þurft að sækja um starfsleyfi til að geta tekið þátt í matarmarkaði á landsbyggðinni.

Til að bregðast við þessu hafa SSFM / BFB í heilt ár leitað allra leiða til að fá matvælaráðuneytið til að láta reglugerð nr. 580/2012 sem gengur undir heitinu „smáræðisreglugerðin“ ná einnig til matarmarkaða, þar sem sala er í eigin hagnaðarskyni, en ekki eingöngu í góðgerðarskyni.

Það myndi þýða að matvælaframleiðendur með forpökkuð matvæli og gilt starfsleyfi frá sínu heilbrigðisumdæmi, þyrftu ekki að sækja um tímabundið starfsleyfi til að geta tekið þátt ef ábyrgðaraðilar markaðarins eru með leyfi heilbrigðiseftirlits svæðisins fyrir markaðinum, gegn því að framleiðendurnir afhendi ábyrgðaraðilum starfsleyfi sín áður en markaður hefst.

Rök HRvk eru þau að framleiðandinn sé í raun að opna verslun þann dag eða þá daga sem markaðurinn stendur yfir og

heilbrigðiseftirlitið þurfi að tryggja að heilbrigðiskröfur séu uppfylltar með því að taka á móti starfsleyfisumsókn og greiðslu fyrir hana.

Á fundi samtakanna með fulltrúum HRvk fyrir rúmu ári síðan kom fram að þegar smáræðisreglugerðin var fyrst gefin út hafi HRvk lagt til að þessi undanþága yrði í henni, en á þau hafi ekki verið hlustað. Því telji þau sér skylt að fara eftir lögum um matvæli nr. 93/1995, en í 2. grein stendur að þau taki til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum, skilgreint nánar í 9. og 20. gr. þar sem kemur m.a. fram að starfsleyfi séu gefin út fyrir hverja starfsstöð og staðsetningu hennar. Þau líti svo á að borð framleiðandans á matarmarkaði sé starfsstöð.

Á fundi fulltrúa BFB með HRvk um sama mál fyrir nokkrum árum síðan hafi rökin meðal annars verið að ef þau gerðu það ekki myndu matvöruverslanir í Reykjavík líta á það sem mismunum. Að þau þyrftu að sækja um starfsleyfi til að geta opnað matvöruverslun í Reykjavík, á meðan smáframleiðendur sem ætli að selja forpakkadur vörur sínar á jólamatarmarkaði sem dæmi þyrftu þess ekki. Sér einhver það fyrir sér að forstjóri Bónus/Krónunnar/

Samkaup myndi fara á límingunum yfir því að heilbrigðiseftirlitið myndi ekki krefjast þess að hún Jóna með rabarbarasultuna sækti um starfsleyfi fyrir að fá að selja sultuna sína á markaði í Reykjavík því hún sé í raun að opna verslun?

Við höfum farið yfir málið á fundi með ráðherra, í símtölum og í tölvupóstsamskiptum við aðstoðarmenn ráðherra og starfsfólks ráðuneytisins og fáum alltaf þau svör að málið sé í vinnslu og að markmiðið sé að ná að klára það fyrir tiltekinn tíma, en ekkert gerist. Nú eru jólamatarmarkaðirnir að fara í gang og við erum búin að gera allt sem í okkar valdi stendur til að fá þau til að breyta þessu fyrir þann tíma, fyrst það náðist ekki fyrir síðustu jóli eins og við vorum að vona, en erum satt að segja ekki vongóð þar sem komið er fram í október.

Á fyrrnefndum fundi okkar með HRvk þar sem við leitum skýringa á þessu ræddum við einnig þá hindrun sem þetta væri fyrir þáttöku okkar á Landbúnaðarsýningunni í október 2022. Þar leigðu SSFM / BFB stóran bás þar sem komið var fyrir röð borða, eitt fyrir hvern félagsmann. Sýningin var í þrjá daga og tóku flestir þátt í einn dag svo sem flestir af ríflega 200 félagsmönnum gætu tekið þátt. Um 40 félagsmenn enduðu á því að vera með borð. Ef hver og einn hefði greitt það 15.700 kr. gjald sem þá var fyrir starfsleyfið hefði kostnaður félagsmanna við að fá starfsleyfi til að „opna verslun“ á sýningunni verið samtals 628.000 kr. Með því að gerast ábyrgðaraðili og undirgangast ýmis skilyrði gátum



Frá matarmarkaði í Hörpu.

Mynd / smh

við samið við HRvk um að SSFM / BFB greiddu eftirlitinu sem svarar 4 klukkustundum fyrir eftirlitið, samtals 62.800 kr.

SSFM/BFB eru samstarfsaðilar Slow Food Reykjavík um viðburð í Grasagarði Reykjavíkur 20.–21. október sem innifelur í sér fræðslu og markað. Lengi virtist ekki geta orðið af honum þar sem talið var að framleiðendur yrðu ekki tilbúnir til að greiða 17.100 kr. fyrir einn til tvo daga. Þau ákváðu því að kanna hvort þau gætu samið um

það sama og SSFM/BFB fyrir Landbúnaðarsýninguna. Sú varð raunin og þarf Slow Food Reykjavík því að punga út tæpum 70.000 kr. til að greiða HRvk fyrir að gefa út starfsleyfi fyrir þá um og yfir 20 framleiðendur sem munu taka þátt.

Þetta er enn eitt dæmið um þær óþarfa hindranir, kröfur og kostnað sem smáframleiðendur matvæla og aðrir framleiðendur hér á landi þurfa að búa við og mikið hefur verið fjallað um undanfarið undir yfirskriftinni BÁKNIÐ.

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Bændageð:

Af hverju þurfum við að ræða um geðheilbrigði bænda?

Íslenskur landbúnaður er óumdeilt ein af undirstöðuáttáttum greininum á Íslandi.



Halla Eiríksdóttir.

Á sama tíma og bændum er ætlað að auka framleiðslu og tryggja fæðuöryggi þjóðar á viðsjárverðum tímum starfa þeir við mjög krefjandi starfsskilyrði.



Vinnuumhverfi bænda er því flókið og afar brýnt að kanna reglulega líðan og hag stéttarinnar auk þess að efla forvarnir og bæta þekkingu á aðstæðum þeirra. Bændur þekkja ekki styttingu vinnuvikunnar, helgaræða sumarfrí. Heimilislíf bænda er samvinnuáttátt vinnu þeirra með löngum og óreglulegum vinnustundum en skepnum þarf að brynnja jafnt á jólum sem hásumrum. Afleysingabjónusta fyrir bændur er afar takmörkuð og mikið traust er lagt á nánustu aðstandendur eða næsta nággranna. Það að hringja sig inn veikan bitnar á dýrunum og gæti skilgreinst sem dýraníð.

Líðan íslenskra bænda var síðast könnuð í rannsókn sem birt var í Læknaablaðinu árið 2009.

Niðurstöður þeirrar rannsóknar bentu til þess að líðan bænda væri á þeim tíma betri en Íslendinga almennt en þar sem 14 ár eru líðin síðan líðan bænda var könnuð er fullt tilefni til að endurmeta stöðuna í dag. Vísbandingar eru nefnilega um að andleg vanlíðan, streita og kvíði sé að aukast meðal bænda hér á landi og hafa síðustu ár reynt mörgum bændum erfið. Einkum þarf að horfa til þeirra sem hafa þurft að skera niður í bústofni vegna dýrasjúkdóma, þar sem geðheilsa bænda og dýravelferð eru nátengd.

Umræða um geðrænan vanda er nefnilega viðkvæmari en önnur heilsutengd umræða. Henni fylgir

oft óþörf skömm og almennt er talið að fólk veigri sér lengur við að leita hjálpar við þess konar kvillum, meðan líkamlegir kvillar fá yfirleitt snögga meðferð. Andleg vandamál er því oft erfiðari að greina og liggja djúpt falin lengur en aðrir kvillar.

Með það í huga verður á næstunni lögð netkönnun fyrir íslenska bændur til að kanna líðan og seiglu þeirra. Auk þess verður spurt um áform bænda til flutninga og fyrirætlanir um að skipta um atvinnugrein á næstu árum. Rannsóknin er unnin af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri í samvinnu við Bændasamtök Íslands og mun vonandi hjálpa til við að koma umræðunni upp á yfirborðið.

Seigla íslenskra bænda hefur ekki verið metin áður en seigla er hæfni til jákvæðrar aðlögunar í erfiðum aðstæðum. Þeir sem hafa meiri seiglu takast betur á við streitu og mótlæti og eru ólíklegri til að þróa með sér geðræn vandamál. Þar að auki verður athugað hvort munur sé á líðan bænda og líðan annarra Íslendinga á vinnumarkaði, að teknu tilliti til lýðfræðilegra þátta (s.s. kyns, aldurs, menntunar og fjárhagsstöðu). Loks verður skoðað hvort munur sé á líðan bænda eftir því hvort þeir hafi áform um að flytja eða skipta um atvinnugrein á næstu árum.

Að geta veitt bændum bjargir til að þekkja merki streitu og andlegrar vanlíðunar er lýðheilsuáttátt. Mikilvægt

er að hefja vitundarvakningu um þessi mál meðal bænda og miðla til þeirra og aðstandenda greiðum leiðum til sjálfsbjargar. Bændur eru misjafnir eins og þeir eru margir en fyrsta skrefið er að átta sig á, þekkja og viðurkenna vandann.

Bændasamtökin hófu áttátt í fræðslumálum til bænda um andlega heilsu en haustið 2022 var verkefnið sett af stað. Framleidd voru fræðslumyndbönd sem byggja á jafningjafraeðslu, þar sem bændur sem lent hafa í áföllum deila með öðrum sínum frásögnum og segja frá reynslu sinni og er aðgengilegt öllum þeim sem eru hluti af Bændasamtökum Íslands. Bændageð er verkefni sem miðar að því að hjálpa til við að taka þetta fyrsta skref. Með jafningjaupplýsingum og reynslusögum er auðveldara að spegla sig í aðstæðum annarra og þá mögulega gera sér fyrr grein fyrir því í hvaða sporum viðkomandi stendur.

Við viljum halda áfram að vinna að forvörnum og aðstoða bændur og aðstandendur þeirra við að læra hvernig koma megi auga á vísbandingar um hrakandi andlega heilsu, því það er mikilvægt að huga að andlegri heilsu bænda þegar kemur að fæðuöryggi þjóðar og dýravelferð. Bændageðið, fyrsta skrefið í átt að bættri líðan.

Halla Eiríksdóttir stjórnarmaður BÍ, hjúkrunarfræðingur og sauðfjárbóndi.

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadæluur - Vörukaup ehf

516-2600
vorukaup@vorukaup.is

VK vörukaup

VALTRA A115 H4

TRAUSTUR VINNUFÉLAGI

MADE IN FINLAND

AFLVÉLAR

TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Bilanaust

FYRIR FÓLK
Á FERÐINI

Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



BETRA AÐ EIGA EN VANTA!

VAKTARAR - TALSTÖÐVAR - HÖFUÐLJÓS - BÆTIEFNI

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiptahólf 50b, 105 Reykjavík

Atvinna í boði
Reykjabúíð ehf / Mosfellsbæ

- ✓ Reykjabúíð ehf auglýsir eftir starfsmanni í almenn störf á fuglabúí.
- ✓ Vinna við eldi á fuglum og hvað eina sem til fellur.
- ✓ Fullt starf.
- ✓ Æskilegt að viðkomandi hafi einhverja reynslu í skepnuhirðingu.
- ✓ Bílpróf.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús,
reykjabuid@kalkunn.is

Reykjabúíð ehf, 271 Mosfellsbæ

REYKJABÚÍÐ
1964

LESENDARÝNI

Sögur af samráði

– „lyfta verðum enn og frekar upp“

Samkeppniseftirlitið sektaði nýverið Samskip um 4,2 milljarða króna vegna ólöglegs samráðs við Eimskip.



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um helstu atvik samráðsins kemur fram að Samskip og Eimskip höfðu a.m.k. frá árinu 2001 átt í tilteknu ólöglegum samráði, en alvarlegustu brotin hófust í aðdraganda efnahagshrunsins á árinu 2008 og stóðu til ársins 2013.

Hrunið vekur upp tilfinningar

Það segir sína sögu að stjórnendur Samskipa og Eimskipa hafi séð tilefni til þess að stunda ólöglegt samráð á frystigeymslumarkaði í Hollandi á uppgangs árunum fyrir hrun, en þau hlutu sekt hollenska samkeppniseftirlitsins fyrir slíkt samráð á árunum 2006-2009. Í því samhengi er umhugsunarvert að lesa um nýlegar stjórnvaldsektir vegna brota sem voru framin á árunum í kringum hrun.

Það er ekki síst tímabilið sem brotin eiga sér stað sem vekur spurningar. Að stunda ólöglegt samráð er nógu slæmt, að herða að öðrum íslenskum fyrirtækjum, á tíma þegar efnahagur landsins var í molum og fjöldi fólks barðist í bökkum virðist einhvern veginn aðeins verra. Það er ljóst að þessir viðskiptahættir hafa haft víðtæk áhrif og ekki aðeins fyrir fyrirtæki sem ofgreiddu fyrir útflutning.

Það blasir við að áhrifin eru mikil þar sem útflutningsgreinar eru undirstaða atvinnu líkt og víða er á landsbyggðunum og bændur, eins og aðrir, hafa hlotið skaða af, og það á krefjandi tímum. Í skýrslunni er m.a. vikið að áhrifum samráðsins á fyrirtækið Norðlenska, sem á þeim tíma var alfarið í eigu bænda.

Þá eru ótalin þau áhrif sem verðhækkningar vegna samráðsins höfðu á virðisdeðjuna í heild sinni en ljóst er á fjölda rannsókna að á tjón neytenda og efnahagslífsins er mun meira en ágóði þeirra sem stunda verðsamráð.

samskip



Málið allt hefur haft áhrif á okkur öll, almennig, vegna óhóflegra hækkana m.a. á landflutningum sem hefur haft bein áhrif á verðlag á nauðsynjavöru, ekki síst í dreifðum byggðum.

Golf, ferðalög og matarboð.

Í skýrslunni kemur fram að á brotatímabilinu hafi stjórnendur og lykilstarfsmenn skipafélaganna átt í samskiptum í a.m.k. 160 tilvikum, með fundum, símtölum, á golfmótum, í ferðalögum og í matarboðum. 160 tilvik þar sem forréttindakarlar ræða þaulskipulagða brotastarfsemi sem dró með afdrifaríkum hætti úr samkeppni hér á landi, jafnvel undir dynjandi píanóslætti Elton John.

Kjarninn er sá að með ólöglegu samráði sköpuðu skipafélögin kjöraðstæður til þess hagnast á kostnað viðskiptavina og samfélagsins alls.

Við svona framferði er ekki hægt að una og styrkja þarf Samkeppniseftirlitið enn frekar til að taka á samkeppnislagabrotum.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna.



Frá Sólheimum í Sæmundarhlíð í Skagafirði.

Myndir / Aðsendar.

Rafgæði í búskap

– Saga frá Sólheimum í Skagafirði

Það er löng saga fyrir því að rafmagn á röngum stað geti valdið búsisfjum. Flestir kannast við hugtakið skrefspennu og þá staðreynd að dýr finna fyrir lægri spennu en við mennirnir. Enda eru dýrin berfætt en við í einangruðum skóm.



Valdemar Gísli Valdemarsson.

Í ritum Friðþjófs Hraundal um rafmagn og neysluveitur fer Friðþjófur yfir mikilvægi rétts frágangs rafmagns gagnvart nautgripum. Þessi frágangur er auðvitað löngu staðlaður og festur í sessi í reglugerðum en tölurnar sem hann tíundar eru athyglisverðar. Þar kemur fram að 3ja ára gömul kýr sýnir óróa þegar spenna milli fóta, skrefspenna, er komin í 5 V og straumurinn 5millí Amper eða 5 þúsundustu úr Amperi. Þegar spennan er komin í 13Volt er órói mikill og kýr farin að hoppa. 10 ára kýr þarf hærri spennu en greinileg merki um óróa við 13V. Hestur er farinn að sýna greinilegan óróa við 6Volt. Langtíma áhrif skrefspennu hljóta því að reyna á þolrif dýra og skerða lífsgæði þeirra verulega.

Öðru hvoru kemur upp umræða um möguleg áhrif rafspennu eða rafgeislunar á dýr og er í því samhengi talað um kýr í ljósi þess að þegar þeim líður ekki vel þá fellur mjólkinn í gæðum og jógurbólgur verða tíðar með tilheyrandi tjóni. Það er nokkuð um það að bændur leiti leiða til að laga slæmt ástand með skoðun á rafmagn og mögulegum lekastraumum innan dýra. Ein slík ráðstöfun er uppsetning á góðu jarðskauti. Tilgangurinn með því er að fella spennu á jarðbindingum eins langt niður og kostur er og losna við mögulega flökkustrauma. Gólf og burðarvirki er gjarnan jarðtengt og þegar jarnabinding í gólfi er jarðtengt er talað um sökkulskaut. Það er þó varla hægt að tala um það sem skaut heldur frekar sem spennujöfnun til að tryggja að allir leiðandi hlutir séu með sömu spennu og ekki fari að myndast mismuna spennu milli leiðandi hluta eins og til dæmis milli grinda og gólfs eða grinda og burðarvirkis.

Í tengiskilmála Samorku er nokkrum skilmálum lýst og eru nokkrir til en þriggja fasa rafmagn er vinsælt og þá er notast við tengiskilmála sem kallast TN-C. Það þýðir að þrjár fasar eru teknir inn í rafmagnstöflu og deilt á álag innan húss og á móti kemur ein taug sem kallast N eða Núll

sem á að bera allan mismunastraum tilbaka til spennustöðvar. Þessi taug er tengd í jarðsamband hússins. Þannig hafa allir jarðtengdir leiðandi hlutar sama spennuviðmið. Sé ekki sérstakt jarðskaut á jarðsambandi má búast við að það sé spennufrávik frá þessari N tengingu og til raunjarðar.

Þá kemur upp vandamál sem fellst í því að jarnagrind í gólfi eða sökkulskaut getur verið að leiða út í jarðveg og myndar þannig straumfarveg eftir óskilgreinanlegum leiðum um gólf og burðarvirki. Þessu fylgir líklega skrefspenna en hún ætti að vera afar lág. Sé horft til sveitar í friðsælum dal þar sem kannski 6 bújarðir njóta rafmagns frá sama spennir orkuveitu héraðsins. Allir notendur eru með N taugina tengda við jörð og jörðin gefur straumleið til spennistöðvar og flytur rafstraum sem er mismunastraumur þriggja fasa hvers notanda og ræðst af álagsdreifingu hverju sinni. Því hríslast rafstraumar um jarðir þessara bújarða til jarðskauts spennistöðvar. Alls staðar þar sem rafstraumur fer um jörð verður til dauf skrefspenna sem mögulega enginn finnur fyrir en hugsanlega finna dýrin fyrir þessu.

Hafa fengið að kynna búsisfjum

Bændur á Sólheimum í Sæmundarhlíð, Skagafirði hafa fengið að kynna búsisfjum vegna rafmagns. Ekki er alveg hægt að fullyrða hvað veldur en saga þeirra sl. 5 ár einkennist af erfðileikum og allt bendir til að hægt sé að rekja þeirra vanda til rafmagns og frágangs þess.

Árið 2017 reistu ábúendur á Sólheimum nýtt fjós sem byggt er við gamla fjósið, sem tekið var í notkun 4. janúar 2018. Á meðan á byggingu stóð tóku bændur eftir því að óróleiki kom í kýr þegar grunnur var tekinn og byggingakrani reistur og var settur í samband við rafmagn. Þeirringur var augljós, halasláttur og óróleiki í gamla fjósinu.

Þegar byrjað var að mjólka í nýja fjósinu gengu hlutirnir ekki eins og reiknað var með en hafa ber í huga að alltaf tekur tíma fyrir bæði menn og dýr að aðlagst nýrri tækni en þetta var miklu meira en það. Kýr voru mjög ófúsar að fara í mjaltþjóninn, þær stóðu frekar fyrir utan opinn mjaltþjóninn með júgrin full en að reyna að fara í mjaltir. Það þurfti að sækja kýr í mjaltabásinn sem getur ekki talist eðlilegt og voru margar kýr óþekkar í mjóltum.

Í apríl var áberandi að kýrnar spennujöfnuðu sig í mjóltum með því að setja bóg út í grindverk meðan

kjarnfóður var étið. Nýbornar kýr misstu lystina og fóðruðust ekki og þurfti að lóga. Kýr um allt fjós voru pirraðar sem sást á halaslætti og eyrnablaki. Í framhaldinu voru gerðar rafsegulsviðs mælingar í fjósinu og kom í ljós að rafsegulsvið var all hátt víða en hæst við mjaltþjón sem bendir til að svokallaðir flökkustraumar hafi verið á sveimi í jarnavirki en það var ekki mælt á þessum tíma með ampermæli. Í framhaldi af þessum mælingum var spennujöfnun aukin með því að t.d. svera upp jarðvír í mjaltþjón og voru m.a. átgrindur spennujafnaðar. Þarna var komið vor og ástandið lagaðist mikið. Kýr fóru að koma sjálfviljugar í mjaltir og eðlileg hegðun að flestu leyti. Veturinn 2018 og 2019 kom varla frost í jörð, vetur mjög mildur. Árið 2019 gekk vel í fjósinu og frumutala ásætlanleg. Um sumarið kom mikill þurrkakafla og á þeim tíma kom aukinn þeirringur í kýrnar en það lagaðist þegar fór að rigna.

Í desember 2019 skellur á hið versta veður og í kjölfarið fer að bera á óeðlilegu heilsuleysi hjá kúnum sem smátt og smátt fór versnandi.

Óútskýrð jógurbólguþilfelli, lystarleysi, slæm mæting í mjaltir og kýrnar héldu verr. Í mars 2020 eru kýr farnar að mæta frekar illa í mjaltir og hreinlega bökkudu út úr mjaltþjóninum ef hann var ekki búinn að loka á eftir þeim. Yngri kýr létu mjög illa í mjóltum, spörkuðu og voru jafnvel hættulegar á meðan á mjóltum stóð. Þær sýndu einnig duttlunga gagnvart kjarnfóðurráti í mjaltþjóni. Einnig var óútskýrður þeirringur um allt fjós sem lýsti sér sem halasláttur og eyrnablak.

Algengt var að kýr misstu lystina eftir burð, fengu jógurbólgu og þurftu mikla aðhlynningu. Dýrlæknir var afar tíður gestur og lyfjagjöf virkaði illa. Þar sem kalkgjöf í munn virkaði illa þá voru kýrnar sprautaðar undir hönd með kalki í marga daga í röð, allt að mánuð. Pennan vetur voru notaðir um 15 lítrar af kalki undir húð sem er margfalt það magn sem venjulega er notað. Kýr sem lentu í þessu mjólkuðu frekar lítið og heilsufar ekki gott.

Frá upphafi var grunur um að rafmagn ætti einhvern þátt í þessu og bændur prófuðu sig áfram en ómarkvisst því ekki var vitað um hvað við var að eiga. Rarik var fengið til að mæla jarðskaut á spennistöð þeirri sem bærinn var tengdur við. Mælingar á jarðskautsviðnámi sýndi einu sinni lagt og ásætlanlegt gildi en oftar mældist ekkert.



[ELDVARNA]
bandalagjó



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Rafmagn er bara fyrir fagmenn.
Er allt í lagi hjá þér?

Fraudplast er dauðagildra fyrir fólk og skepnur

Viðnám getur farið eftir veðri og raka í jörð. Í maí 2020 voru jarðskautin mæld aftur með ásættanlegt viðnám. Þéttabanki var settur upp á rafmagnsstofninn inn í fjósið en sá hafði engin jákvæð áhrif á kýrnar.

Bændur fóru að mæla

Bændur fengu ampertöng og fóru að mæla ýmislegt og allsskonar og komust að því að það var að koma straumur inn í fjós frá inntakstöflu um spennujöfnunarvirk og hann mældist 0,24 amper.

Í júní 2020 var núllunarband í rafmagnstöflu tekið burtu (með leyfi) og treyst á jarðskautið sem fjósið hafði. Við þessa aðgerð lækkaði straumurinn sem fór um spennujöfnunarvirkinn og urðu kýr mun sáttari við að koma í mjaltapjóninn og ástandið varð miklu betra en bændur ekki alsáttir með þetta en svona var þetta haft þar til haust 2021.

Eftir það þá fóru bændur að gera ýmsar prófanir með spennujöfnun og var öll spennujöfnun í nýja fjósinu tekin úr sambandi og höfð þannig nokkrar vikur og þá varð frumutala lág og kýr þægar í mjöltum. Er frá leið var eins og spenna færi að hlaðast upp og sérstaklega í roki, þá var spennujöfnun sett í samband aftur með straumbeini á milli til að hindra að straumur bærst um fjósið en það var samt eitthvað sem bændur voru ekki sáttir við en svona var þetta til haustsins 2022. Merkjlegt þótti að frá því að fjósið var tekið í notkun þá voru kýr settar út á sumrin en þær komu sjaldan sjálfviljugar inn í fjós til að fara í mjaltir. Þær hlímu jafnvel úti í roki og rigningu frekar en að koma inn í fjósið. Sumarið 2022 voru kýrnar mun viljugri að kom inn í fjós sjálfar.

Haustið 2022 kemur gestur í fjósið og segir að fjósið sé vitlaust spennujafnað, það sé spennujafnað í hring en það megi alls ekki. Þá fara bændur í þá vegferð að aftengja straumbeininn og að tryggja að allur búnaður og grindur séu bara jarðtengdar á einum stað. Hugsunin á bak við það er að hindra eftir fremsta megni hringrásastrauma.

Til dæmis var mjaltapjóninn jarðtengdur á þremur stöðum en eftir breytingar bara á einum stað. Sama átti við um burðarvirki, í stað jarðbindinga á þremur stöðum var aðeins ein jarðbinding tengd.



Bændur eru næmir á líðan sinna dýra og fullyrti Valdimar bóndi á Sólheimum að meiri friður hefði færst yfir fjósið eftir þessar aðgerðir. Kýr sem áður flýttu sér út úr mjaltapjóni þegar hann opnaði eru orðnar miklu slakari og mjaltapjónn þarf jafnvel að ýta þeim út. Kýr drekka vatnið núna en áður var alengt að þær löptu upp úr vatnstrogi. Því hefur reyndar lengi verið haldið fram að það geti skipt sköpum að búnaður, járngrindur og burðarvirki sé bara spennujafnaður á einn tengipunkt, svokölluð stjörnutenging.

Óeðlileg tæring á vatnslögnum hefur átt sér stað í fjósinu og lagnir fóru að leka þegar fjósið hafði verið í notkun í tvö og hálf ár, útilokað var að þetta hafi verið galli í pípuþagnaefni.

Það er ekki hægt annað en að samþykkja þá ályktun að rafmagn hafi eitthvað með þessi vandkvæði að gera.

Einkennileg hegðun dýranna, óeðlileg veikindi og jafnvel óútskýrður dauði virtist fylgifiskur þessa vandkvæða. Í heild er líklegt að bændurnir hafi misst úr framleiðslu um 20 kýr og orðið fyrir búsigfum vegna lélegra gæða mjólkur fyrir utan óhemju vinnu við að sinna þessu máli og leita lausna. Í dag eru nyt með allra besta móti og friður í fjósinu.

Það verður að teljast þjóðþrifa mál að komast að sannleikanum um hvernig koma má í veg fyrir tjón eins og hjá bændunum á Sólheimum. Finna lausnir byggðar á áreiðanlegum mælingum og skapa regluverk í kringum það sem gæti komið með öllu í veg fyrir að svona geti gerst.

Valdemar Gísli Valdemarsson, Höfundur er rafiðnfæringur með ódrepani áhuga á rafmagni, náttúrulegu sem manngerðu, og mögulegum áhrifum þess á líðan manna og dýra.

Sérstærniðin þjónusta að þínum þörfum



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Er jeppinn rafmagnslaus ?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta



Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Músa- og kakkalakkafælar **SEM VIRKA**



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum



Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotpró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

LESENDARÝNI

„Hver maður á gróður á sinni jörðu ..“

Páll Briem (1856–1904) var mikilsvirtur lögfræðingur. Hann starfaði sem málfutningsmaður við Landsyfírrétt, var þingmaður Snæfellinga, sýslumaður í Dalasýslu og Rangárvallasýslu og amtmáður í norður- og austuramti með aðsetur á Akureyri.

Árin 1897 til 1901 gaf Páll út timaritið „Lögfræðing“ sem var fyrsta timarið á Íslandi helgað lögfræði. Páll ritaði m.a. greinar um ágang og birti í timaritinu.

Kristín Magnúsdóttir.

Eignarréttur

Um eignarrétt og heimildarlausu beit segir í grein Páls:

„Í hverju því landi þar sem eignarréttur lands er löghegður, þar hljóta að vera lagaákvæði um heimildarlausu beit eða ágang búfjár, og svo er í lögum vorum. Þannig segir í Jónsbók: „Hver maður á gróður á sinni jörðu“ og er þetta tekið upp úr fornögum vorum í Grágás.“

Stærstu samtök landeigenda á Íslandi, Bændasamtök Íslands, sendu bréf til sveitarstjórna í sumar til að tjá þeim þá skoðun sína að ef land væri ekki girt dýrheldri girðingu þá ætti landeigandinn ekki gróður þess, þ.e. ef eignin væri ekki varin gegn þjófnáði – mætti stela henni. Ef það viðhorf til eignarréttarins yrði almennt hér á landi yrðu kindur á flækingsi eign þeirra sem næðu þeim og ólæst hús yrðu ókeypis hótél.

Umboðsmaður Alþingis

Árið 2002 var lúmsk tilraun gerð á Alþingi til að skerða verulega eignarrétt landeigenda og kollvarpa

með því aldagömlu réttarástandi varðandi ágang. Eins furðulegt og það virtist í fyrstu, þá kemur það ekki lengur á óvart að Bændasamtök Íslands samþykktu tilraunina fyrir sitt leyti. Í álitum umboðsmanns Alþingis sl. haust, í máli 11167/2021, var kveðið upp úr með að tilraunin bryti á stjórnarskrárvörðum eignarrétti landeigenda og fengi því ekki staðist. Þá væru ágangsákvæði afreftalaganna nr. 6/1986 í fullu gildi, en stjórnvöld höfðu áður úrskurðað þau hliðarsett. Í álitinu sagði umboðsmaður m.a.:

• „Af framangreindu er ljóst að reglur laga nr. 6/1986 sem fjalla um ágang búfjár úr einu heimalandi í annað eru byggðar á þeim grunnrökum að umráðamaður lands þurfi ekki að heimila öðrum þau afnot af landinu sem felast í umgangi og beit búfjár í annarra eigu.“

• „Jafnframt mæla þær fyrir um verndarrétt hans við ákveðnar aðstæður, þ.e. annars vegar rétt hans til að leita til handhafa opinbers valds, sveitarstjórnar og eftir atvikum lögreglustjóra, og fara fram á að þessir aðilar beiti þeim valdheimildum sem þeim eru fengnar með lögum nr. 6/1986, og hins vegar bótarétt vegna tjóns af völdum ágangsfjár eins og nánar er kveðið á um í lögnum.“

• „Hafi ætlunin verið að gera breytingar á þessari réttarstöðu umráðamanns lands með yngri lögum, s.s. með þeirri takmörkun á eignarrétti hans að hann verði að þola ágang búfjár annarra á eign sína eða njóti ekki fyrrgreinds verndarréttar sem mælt er fyrir um í lögum nr. 6/1986, verður að gera kröfu um að það verði skýrlega ráðið af orðalagi og efni þeirra lagaákvæða sem til álita koma. Er þá höfð í huga sú krafa um lagaáskilnað sem leiðir af



Páll Briem.

stjórnskipulegri vernd eignarréttinda og áður hefur verið gerð grein fyrir.“

Grundvallarákvæði ágangskafans, sem umboðsmaður fjallar um, má segja að sé 3. málslíður 33. greinar, sem hljóðar þannig:

„Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.“

Ákvæðið er afar einfalt og skýrt. Þrátt fyrir það ná Bændasamtökin að lesa um girðingar í ákvæðinu og sumir sveitarstjórnarmenn finna í því alls konar vandamál. Þar á meðal að enginn viti hvað „ágangur“ þýði.

„Ágangur“

Um orðið segir Páll í grein sinni:

„Orðið ágangur er eigi haft í hinu forna lagamáli, í þess stað er þar haft orðið beit, en orðið beit er bæði að fornu og nýju viðtækara en orðið ágangur. Ágangur búfjár er heimildarlaus beit búfjár, og fyrir því er orðið notað hér.“

Þannig er ágangur stakt lamb sem bitur gras í landi sem eigandi þess hefur ekki leyfi til að beita.

Réttarbót Eiríks konungs Magnúsonar árið 1294

Þá rekur Páll þróun laga frá Grágás þjóðveldisaldar yfir í Jónsbók og svo íbætur Réttarbótar Eiríks konungs Magnússonar. Með þeim voru löginn færð aftur til samræmis við ákvæði Grágásar um að ágangur í tún, akra og engi varðaði við lög, hvort heldur um þau væru garðar eða ekki og hvort sem ágangurinn var með vilja eða óvilja eigenda dýranna. Þá ákvæði er nú fyrsti málslíður 34. gr. afreftalaga nr. 6/1986.

Lögfesting

Í greininni er fjallað um ágang í haga. Ef landeigandi vildi ekki að hagi hans yrði fyrir ágangi annarra manna búfjár, gat hann „lögfest“ hann. Hugtakið að „lögfesta land“ er úr norskum lögum en hún skyldi fara fram í töluðu máli á þingi eða í kirkju. Slík lögfesting gilti í 12 mánuði hverju sinni. Þeir sem áttu land er lá að lögfestum haga skyldu hafa gæslumann um búfé sitt á daginn en reka það í það horn á landsins sem fjerst væri hinum lögfesta haga að kveldi.

Ágangur úr afrefti

Eigendur búfjár á afrefti báru ekki ábyrgð á ágangi sem það kunni að valda utan afreftarins, enda var nýting afrefta, utan byggða, viðurkenndur búháttur. Þannig eru löginn enn, því ef sveitarstjórn þarf að smala ágangsfé að ósk landeigenda, sem kemur úr afrefti, gera afreftalöginn ráð fyrir að fjallskilasjóður eða sveitasjóður greiði kostnaðinn við smölunina, en ekki eigendur fjárins, sbr. 31. gr.

laganna. Aftur á móti ef ágangurinn er úr heimahaga gera löginn ráð fyrir að eigandinn greiði kostnaðinn, sbr. 33. gr. laganna.

Afréttur girtur

Skv. Jónsbók áttu þeir sem bjuggu við afreft þau úrræði að geta krafist að garður yrði gerður á milli heimalands og afreftarins. Það ákvæði er enn í lögum sbr. 32. gr. afreftalaganna. Í lögum um girðingar nr. 135/2001 segir í 6. grein að notendur afreftar skuli í slíkum tilfellum greiða 80% af kostnaði girðingarinnar en landeigendur 20%.

Refsingar fyrir ágang

Þá er rakið í greininni að í Grágás hafi ágangur varðað bæði skaðabótum og refsingum eftir alvarleika. Refsingin gat verið þriggja marka sekt, fjórbaugsgarður (þriggja ára útleð) og jafnvel skóggangur (ævilöng útleð). Ef menn fóru ekki í útleðina innan ákveðins tíma, voru þeir réttdræpir. Í Jónsbók voru útleðardómur aflagðir en til viðbótar skaðabótum þurfti ágangseigandinn að greiða sekt til þess sem átti gróðurinn. Í nýgildandi afreftalögum er gert ráð fyrir bótum og uslagjöldum sbr. 35. gr. laganna.

Samfella í lögum landsins

Þannig má rekja mörg lagaákvæði frá Grágás, yfir í Jónsbók, og með ílagi Réttarbótar Eiríks konungs yfir í lög um afreftamálefni nr. 42/1969, nú lög nr. 6/1986. Eins og umboðsmaður segir í álitu sínu þá er ágangur ólöglegur. Eins og lesa má um í grein Páls Briem, þá hefur það réttarástand varað frá þjóðveldisöld.

Kristín Magnúsdóttir, lögfræðingur ML

Sauðfjarrækt og gróðurvernd

– Margt fé í sögulegu samhengi 2023?

„Fram kemur að sauðfé sé mjög margt í sögulegu samhengi, en samkvæmt gögnum í mars á þessu ári var ásett fé 366.000 talsins. Fram til miðrar 19. aldarinnar hélst sauðfjarræktin á milli 50.000 til 300.000 ásettra einstaklinga. Árið 1977 (1979 innskot höf.) náði stofninn hámarki með 900.000 kindum, en höfundar greinarinnar taka fram að stór hluti gagnanna sem stuðst var við séu frá árunum þar á eftir.“



Sveinn Hallgrímsson.

Þetta er hluti s a m a n t e k t a r Ástvaldar Lárussonar á niðurstöðum úr grein eftir Bryndísi Marteinsdóttur, Isabel C. Barrio og Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur, sem þær birtu árið 2017 í Icelandic Agricultural Sciences sem er nefnd, í stuttu yfirliti á íslensku, „Áhrif sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi“.

Það er ekki ætlunin að fjalla um efni greinar Bryndísar o.fl. samkvæmt útdrætti Ástvaldar, aðeins þá fullyrðingu að sauðfé sé tiltölulega margt um þessar mundir, hvað varðar beitarálag á úthaga. að öðru leyti en því að skoða fullyrðingu þeirra um að sauðfé sé margt á Íslandi í dag „í sögulegu samhengi“, en vetrarfóðraðar kindur voru 366 000 samkvæmt greininni sl. haust. Er það margt fé í sögulegu samhengi? Hér er verið að tala um beitarálag á úthaga

Ég hóf störf við rannsóknir og leiðbeiningar fyrir rúmum 60 árum. Þá voru margir gróðurverndarsinnar

sem töldu að á Íslandi væri ofbeiti af völdum sauðfjár og að sauðfjarrækt væri illa með landið.

Mér fannst sárt að liggja undir þessum ámælum á hendur íslenskri sauðfjarrækt og sauðfjarræktum. Hugleiðingar mínar, vegna þessara ásakana, snerust um það hvað við gætum gert til að minnka beitarálag af völdum sauðfjár á úthaga, bregðast við umræðunni, ásökunum.

Sauðfjarrækt og gróðurvernd. Á árunum um 1970 var mikill hugur í bændum, enda voru þeir hvattir til að auka framleiðslu. Sauðfé fjölgaði og beitarálag jókst. Ég sýndi fram á í ræðu og riti að það væri þrennt sem myndi minnka beitarálag á úthaga og auka framleiðni í sauðfjarrækt (Sveinn Hallgrímsson 1970, 1976 Og 1980, sjá tilvitnanir).

1. Auka ræktun og þar með fódurframleiðslu, sem myndi leiða til tilfærslu á beit af úthaga inn á ræktað land.

2. Að aukin framleiðsla á hverja kind leiddi til meiri hagkvæmni, lægri framleiðslukostnaðar á hvert framleitt kg kindakjötis.

3. Minna beitarálag á úthaga og að herra hlutfall beitarinnar kæmi af



Mynd / smh

ræktuðu landi. Meiri hluti fódursins kæmi einnig af ræktuðu landi.

Þessari stefnu hefur verið fylgt síðan. Hún hefur leitt til meiri hagkvæmni og minna beitarálags á úthaga. Í rannsókn sem ég gerði 1976 og flutti erindi um á ráðunautafundi bar ég saman fódurinn og beit á fjórða áratug og svo á sjöunda áratug síðustu aldar. Á fjórða áratug síðustu aldar var nær 100% fódurs sauðfjár af úthaga eða engi. Á fyrri hluta áttunda áratugarins var nær 60% fódurs sauðfjár tekið af ræktuðu landi, annaðhvort sem beit eða í vetrarfóðri af ræktuðu landi (S.H. 1976). Ég tel að þetta hlutfall sé um 70% í dag.

Beitarálag á úthaga 2023. Sé reiknað með að 65% af fódri sauðfjár sé af ræktuðu landi og 35% af úthaga er ekki sögulega margt fé á úthaga á Íslandi á árinu 2023. Segjum 35

% af 366.000 = 128.100 kindur eru á beit í úthaga á Íslandi. Meirihluti fódurs þessa fjár er tekinn að sumri. Verulegur hluti á afrefti, sem víðast er vannýttur! Er að fara í sinu, eins og heimahagar margra jarða sömuleiðis. Þá má benda á að bændur og ýmsir áhugahópur um landgræðslu hafa grætt upp þúsundir hektara af örfoka landi á undanföllum árum og áratugum.

Þá má heldur ekki gleyma að bændur hafa ræktað verulegan hluta túna sinna á söndum og melum. Má þar nefna túnræktina í Kolbeinsstaðahreppi, á Rangárvöllum, á Skógar sandi, í Austur-Skaftafellsýslu í Þingeyjarsýslum og víðar. Þá má benda á að bændur hafa ræktað tún sín á mómum, sem „dæla CO₂ út í andrúmsloftið“ að mati sérfræðinga. Að halda því fram að beitarálag á úthaga sé mikið á árinu 2023 sýnir

annaðhvort mikið þekkingarleysi eða einbeittan vilja til áróðurs.

Sauðfjarræktin séu að ofnýta úthagabeit. Það eru fráleitar og rakalausar ásakanir!

Heimildir:

Sveinn Hallgrímsson 1970, Dagblaðið Tíminn Sveinn Hallgrímsson 1976. Sauðfjarrækt og gróðurvernd. Ráðunautafundur 1976, fjölrit 12 bls. Sveinn Hallgrímsson 1979–80. Ársrit Ræktunarfélags Norðurlandna 1979-80. Frjósemi og hagkvæmni sauðfjarræktar bls. 13–23. Ástvaldur Lárusson 2023. Fréttaskýring. Bændablaðið 8. júní 2023. Bitamunur en ekki fjár. Bls 20. (Útdráttur úr grein e. Bryndísi Marteinsdóttur, Isabel C. Barrio og Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur. „Áhrif sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi.“)

Vargöld í vændum?

– Opið bréf til sauðfjárbænda

Ég hef í nokkrum greinum hér í Bændablaðinu varað við þeirri stöðu sem sauðfjárbændur búa við. Á það ekki síst við um heimildarlausu beit þeirra á land annarra.

Nú í sumarlok er rétt að staldra við og meta stöðuna eftir atburði sumarsins.

Athyglisverðar staðreyndir

Það fór sem við mátti búast, að sveitarstjórnir sinntu í engu smölun ágangsfjár þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli þar um. Staðan er því sú að við landeigendur, sem unum ekki óheimilli beit nágranna á okkar land, getum átt von á að standa frammi fyrir sama vandamáli á næsta sumri. Eigi að síður hafa komið fram athyglisverðar staðreyndir í málarekstri okkar gagnvart sveitarfélögum í sumar. Í svári lögmanns Svalbarðsstrandarhrepps til mín, kemur fram að sveitarfélög hafa enga heimild til að ákveða jörðum upprekstrarétt í heimalöndum. Slíkar heimildir eru einkaréttarlegs eðlis og geta aðeins byggt á samningum eigenda eða hefðarsjónarmiðum.

Orðrétt segir, „sveitarfélag hefur ekki ákvörðunarvald um hvað telst sameiginlegt beitarland, heldur er þar um að ræða hagsmuni sem eigendur viðkomandi réttinda geta ráðstafað og rísi ágreiningur er þar um að ræða einkaréttarlegan ágreining“.

Í minnisblaði sem ég fékk Guðrúnu Sólveigu Pöppel á LEX lögmannsstofu til að vinna fyrir mig varðandi ágreining um upprekstur í heimalönd segir:

„18. Í þessu samhengi er einnig vert að nefna Hrd. 83/1986 (Flateyardalsheiði), hvar deilt var um hvort tilteknum jörðum hefði fylgt upprekstraréttur. Hæstiréttur leit svo á að vitneskja þáverandi eigenda jarðanna og forvera þeirra um að hinar umdeildu landspildur væru í eignarráðum annarra aðila stæði því í vegi, að eigendur hafi mátt vinna hefð á rétti til upprekstrar á heiðinni, sbr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Var krafa eigendanna um upprekstrarétt því ekki tekin til greina.“

19. Það er meginregla í íslenskum rétti að sá sem telur sig hafa öðlast eignarrétt, beinan eða óbeinan, yfir tiltekinni jörð á grundvelli hefðar



Mynd / ghp



Stefán Tryggva- og Sigríðarson.

kröfu um að þeir hafi öðlast beinan eignarrétt yfir tilteknu landsvæði á grundvelli hefðar. Það ætti því að hvíla á þeim aðilum sem telja sig eiga beitarétt í heimalöndum jarða í Vaðlaheiði að sanna þau réttindi sín, ef þau réttindi verða vefengd af hálfu eigenda viðkomandi jarða.“

Það er því hæfið yfir allan skynsaman vafa, samkvæmt ofanrituðu, að sauðfjárhöldurum er aðeins heimil beit á annarra manna land að fyrir liggja samningar sem heimila slíkt. Hefðun er ekki til að dreifa þar sem hæstaréttardómur liggur fyrir um mál af þessu tagi þ.e. ef eignarhald á því landi sem sauðfjárhaldari hyggst beita er þekkt er krafa um hefðun á upprekstrarétti ekki tekin til greina (í þinglýstum gjörningum um landamerki kemur eignarhald alla jafna skýrt fram).

Aðgerðaleysi kallar á átök

Ef sveitarstjórnir, og eftir atvikum lögregla, sinna ekki skyldu sinni um smölun ágangsfjár á sumri komanda og löggjafinn aðhafist ekkert til að gera sauðfjárhöldurum ljósa stöðu sína, er ljóst að þolinmæði

okkar landeigenda er á þrotum ef sauðfjárbændur halda áfram að beita í heimildarleysi okkar land. Við getum ekki unað því að á rétti okkar til friðhelgi einkalífs sé brotið og stjórnarskrárvarinn eignarréttur okkar ítrekað fótum troðinn.

Okkur er því nauðugur sá einn kostur að verja rétt okkar með þeim aðferðum sem hvert og eitt okkar telur nauðsynlegt. Ég fyrir mína parta mun auglýsa á mínu heimasvæði að ég ber enga ábyrgð á afdrifum þess fjár sem leitar í mitt land í framtíðinni enda tel ég að með heimildarlausri beit í ógirt land sé um beina innrás á eigur annarra að ræða.

Ég hef tekið upp svokallaða fjallsgirðingu fyrir mínu landi, girðingu sem hafði enga lagastöð og var reist þegar það voru hagsmunir allra jarða í hreppnum að girða slíka girðingu. Nú eru þær forsendur fyrir löngu brostnar þó ýmsir, sem lifa í viðjum vanans, séu annarrar skoðunar. Það er þá þeirra að sækja mig til saka.

Það þarf engum, sem hafa lesið fyrri greinar mínar, að koma á óvart afdráttarlaus afstaða mín. Auk greinarskrifa hef ég skrifað matvælaráðherra og þingflokksformönnum og hvatt til aðgerða. Mér er mjög í mun að sauðfjárbændur þekki sinn vitjunartíma og aðlagi búskap sinn að þeim raunveruleika sem við blasir. Því miður virðast forsvarsmenn bænda, með formann Bændasamtakanna fremstan í flokki, velja að fara eigin leiðir. Í leiðara í síðasta Bændablaði fer formaðurinn fögrum orðum

um atvinnufrelsið sem varið er samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar og getur þess réttilega að koma þurfi fram í lögum heimildir til að skerða atvinnufrelsið og jafnframt að almannahagsmunir þurfi að vera til staðar til að hægt sé að krefjast skerðingar. Honum er hins vegar ekki jafn annt um eignarréttinn sem varinn er samkvæmt 72. gr. sömu stjórnarskrár og krefst sömu skilyrða og gilda um atvinnufrelsið ef skerða á eignarréttinn þ.e. almannaheillar og lagasetningar. Formanninum finnst í lagi að kafa upp á eignarréttinn ef það er í þágu sauðfjárbænda. Það er dapurlegt að samtök sem hafa löglærðan framkvæmdastjóra í starfi, og yfirlögfræðing að auki, skuli ekki geta ráðið formanninum heilt þegar hann drepur niður penna. Bændum, ekki síst sauðfjárbændum, er nauðsyn að velja sér forystu sem horfir til framtíðar en lítur ekki endalaust í baksýnisspegilinn.

Það er von mín að sauðfjárbændur noti tímann fram undan og leiti samninga við nágranna sína um heimildir til að beita þeirra land. Slíkt fer enda saman við kröfur sem þeim eru ætlaðar til að geta notið greiðslna fyrir gæðastýringu í greininni. Bændum verður þó að vera ljóst að slíkt beit verður að vera innan girðinga eða náttúrulegra marka sem tryggja að ekki verði ágangur á lönd þeirra sem ekki samþykkja slík not.

Stefán Tryggva- og Sigríðarson,
Þórisstöðum/Leifshúsum,
Svalbarðsstrandarhreppi
stefan@leifshus.is



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélur m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplogur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplogur MVP
Fjölplogur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

LAUSNIR Á LAGER

Landsliðið í dælum

Brunn, skólp- og próardælur ásamt fylgihlutum, slöngum, borkum og festingum.



VÉLABÁSINN

Frakki uppfullur af karakter

– Prufuakstur á Renault Megane E-Tech Techno

Ástvaldur Lárusson

astvaldur@bondi.is



BL hóf nýlega sölu á rafbílnum Renault Megane E-Tech. Þetta er meðalstór fjölskyldubíll sem keppir helst á móti Hyundai Kona og Volkswagen ID.3.

Bifreiðin er með vandaða innréttingu og góða aksturseiginleika en verðið er í hærri kantinum.

Þessi Megane er hannaður frá grunni sem rafmagnsbíll og er forsmekkurinn af því sem koma skal í framleiðslu Renault á umhverfisvænum bílum. Hér er tekin til kostanna bíll í Techno útgáfu, sem er næstdýrasta týpan, og með 60 kílóvattsstunda rafhlöðu. Fyrri kynslóð bílsins er framleidd samhliða þessum og því hægt að kaupa Megane með brunahreyfli.

Þegar bíllinn er skoðaður að utan sést að þetta er einn sá fallegasti á markaðinum. Enginn vafi leikur á að um Renault er að ræða, enda ber hann sterkan ættarsvip og er merki framleiðandans stórt og áberandi. Hönnunin er líklega ein af þeim sem mun eldast vel.

Innrétting ódýr en væn yfirlitum

Fríðleikinn heldur áfram þegar inn er komið. Hagsýni hefur ráðið vali í efnisvali innréttingar þó allt sé vel skrúfað saman og úr sterku plasti sem getur staðist tímans tönn. Mælaborðið er klætt vöðum að ofan, sem er ódýr og skemmtileg leið til að gefa innréttingunni fagað yfirborð og hylja hart plastið fyrir neðan.

Framsætin eru prýðilega þægileg, með flestum helstu stillimöguleikum, eins og mjóbaksstuðningi og hæð sessu. Hæstu ökumennirnir munu sakna þess að geta ekki fært sætið nokkrum sentimetrum aftar og er rýmið í kringum fótstigin það þröngt að stórir skór geta flækst. Nokkuð þröngt er um aftursætisfarþega og er líklegt að þrýst sé að öllum útlimum þeirra sem ekki eru börn. Skottið er prýðilega rúmgott, en býr þó yfir þeim galla að gólfíð er mun neðar en karmur skothlerans, sem gerir meðhöndlun þungs farangurs erfiðari en ella.

Stór og notendavænn skjár

Fullkomið lykjalaust aðgengi er að bílnum. Fer hann því sjálfkrafa úr lás þegar hann skynjar að lykkillinn nálgast og læsir sér svo aftur þegar gengið er í burtu. Nauðsynlegt er þó að ýta á „start“ hnappa til að ræsa bílinn, sem bílaframleiðendur eins og Volkswagen og Smart hafa sýnt að er óþarfa þrep í rafmagnsbílum.

Þegar bíllinn er kominn í gang er margmiðlunarskjárin fljótur að ræsa sig og næst bluetooth tenging við símann á augnabliki. Þökk sé þráðlausum Android Auto búnaðnum byrja að spilast lög af Spotify, á sama stað og frá var skilið, eftir andartak. Skjárin er skýr og auðveldur í notkun.

Í mælaborðinu eru takkar fyrir helstu skipanir á miðstöð. Ökumaðurinn er jafnframt með takka á stöng aftan við stýrið til að stjórna hljómtækjunum, á meðan farþeginn þarf að hækka og lækka með snertitakka við hlið margmiðlunarskjásins.

En komum aftur að stöngunum við stýrið, því þær eru fjölmargar. Ein vinstra megin fyrir stefnuljós og ökuljós, á meðan hægra megin eru þær þrjár – ein fyrir gíra, önnur fyrir rúðupurrkur og þriðja fyrir hljóðkerfið. Eftir skamma notkun



Það fer ekki á milli mála að hér er um Renault að ræða, enda ber Megane E-Tech sterkan ættarsvip. Þessi bíll er vandaður og með mikinn karakter, en hátt verð miðað við staðalbúnað spillir helst fyrir.

Myndir / AL



Megane er fríður frá öllum hliðum og má ætla að hönnunin eldist vel.



Innréttingin er öll mjög þétt. Hagsýni hefur ráðið efnisvali, en tauklæðning yfir mælaborði gefur fagað yfirbragð.



Aftursæti eru ekki nema fyrir börn.



Prýðilegt pláss er í skottinu. Gólfíð er neðarlega sem getur gert erfiðt að meðhöndla þungan farm.

rata hendurnar í gegnum þennan stangaskóg og tilvik þar sem kveikt er á rúðupurrkum í staðinn fyrir að setja í gír verða í lágmarki.

Ríflegt afl mótors

Þegar kemur að akstri er Megane léttur og lipur, eins og gengur og gerist með flesta nýja rafmagnsbíla. Mótörinn skilar 220 hestöflum í framhjólun, sem dugar ekki til að bráka hálsliðina þegar fóturinn fer í botn, en kemur bílnum áreynslulaust á umferðarhraða. Nokkur vætutið var þegar bíllinn var prufaður og bar á því að framhjólun spóluðu þegar tekið var af stað á rauðum ljósum, ef ekki var stigið varlega á fótstigið. Akstursupplifunin spillist nokkuð vegna þykkra gluggaboga allan hringinn, sem leiða til stórra blindra punkta. Sérstaklega er rétt

að nefna B-bogann (þann sem er milli hliðarrúðanna), en þegar ökumannssætið er í öftustu stöðu skyggir hann meira og minna á hliðarútsýnið. C-bogarnir eru jafnframt hnausþykkir og afturrúðan örþunn sem leiðir til afar skerts útsýnis aftur fyrir bílinn.

Lítill akstursaðstoð

Blessunarlega eru fjarlægðarskynjarar að aftan, þó þá vanti að framan. Tónninn sem gefur upp fjarlægðina að fyrirstöðu er skemmtilega djúpur og hljómar eins og einhver sé að slá á nótu á gömlu Yamaha orgeli. Bakkmyndavélar eru staðalbúnaður í öllum Megane E-Tech, en hún sýnir nokkuð litla mynd. Enn fremur er hún óvarin fyrir óhreinindum og þarf litla drullu eða vatnsdropa til að þekja myndina.

Sá búnaður sem undirritaður saknar helst er skynvæddur hraðastíllir. Þeir sem vilja fullkomna akstursaðstoð, eins og er staðalbúnaður í mörgum bílum í þessum verðflokk, þurfa að leggja út fyrir 250 þúsund króna aukahlutapakka. Þó kemur bíllinn með cruise control af gömlu gerðinni, en séu einhverjir aðrir keyrandi á götunni er notkun þess afar skert. Það er alltaf einhver fyrir framan mann sem heldur ekki jöfnum hraða. Sú akstursaðstoð sem er staðalbúnaður grípur ekki í nema þegar í harðbakkann slær og virðist vera frekar til að gæta öryggis í stað þess að létta álagið á ökumanninn.

Uppgefin drægni er 450 kílómetrar. Ekki gafst færi til að sannreyna það, en eins og alltaf má reikna með nokkuð lægri tölu, sérstaklega þegar kalt er í veðri. Hráslagalegir haustdagar voru

þegar þessi prufuakstur stóð yfir og tæmdist býsna hratt af rafhlöðunni.

Lokaorð

Helstu mál Renault Megane E-Tech í millimetrum eru: Lengd, 4.200; breidd, 2.055; hæð, 1.505. Samkvæmt verðlista er ódýrasta týpan af Megane á 5.490.000 krónur, en sá er með minni rafhlöðunni. Á meðan kostar sá sem var prufaður hér, Techno útgáfan með 60 kílóvattsstunda rafhlöðu, 6.990.000 krónur. Öll verð eru með vsk.

Heilt á titið er Renault Megane E-Tech Techno hinn ágætasti bíll. Hann er fríður sýnum og vel skrúfaður saman. Það sem skemmir helst er verðið, sem er of hátt í samanburði við samkeppnina og er hægt að fá betur útbúna rafmagnsbíla á lægra verði. Skemmst er að nefna grunnútgáfu Tesla Model 3 eða Smart #1.

MATARKRÓKURINN

Rauðsprettu í pönnu

– með grænmeti og sinnepssmjöri

Hafliði Halldórsson
hafliði@icelandicdamb.is



Rauðsprettu er afar góður matfiskur og er í algjöru uppáhaldi á mínu heimili þegar á að pönnusteikja fisk og bera fram ásamt grænmeti í einni og sömu pönnunni.

Einfalt og fljótlegt þegar það á við og svo má líka breyta og bæta eftir smekk með því sem fellur til í ísskápnum hverju sinni. Rauðsprettan er líka þekkt undir heitinu skarkoli og er vinsæll fiskur, til dæmis mikið veidd í norðaustanverðu Atlantshafi, Norðursjó, Ermarsundi og víðar. Hjá frændum okkar Dönum er rauðsprettan í miklum metum, yfirleitt hjúpuð í brauðraspi, og djúpsteikt og flestir hafa smakkað hana í því formi á dönsku smurbrauði með remúlaði og sítrónu.

Við sleppum mælieiningum í þetta skiptið, flestir hafa jú ágæta tilfinningu fyrir því hvað þarf til að metta sína fjölskyldu og gesti.

Steiktur fiskur þarf alla jafna sýru í sósu og eða meðlæti til að ná fram góðu jafnvægi í bragði, algengast er auðvitað að nota sítrónu og skera í báta sem má svo kreista yfir fiskinn. Líka vinsælt að nota kapersber sem eru pikklúð og hafa þess vegna skarpt ediksbragð. Til dæmis í bræddu smjöri þar sem laukur og kapers koma saman. Hér prófum við að nota kornasinnep, sem inniheldur jú líka edik rétt eins og kapersberin og er mjög gott, í hæfilegu magni auðvitað, með rauðsprettunni.

Nú þegar uppskerutími íslensks útiræktads grænmetis okkar íslensku grænmetisbænda stendur yfir er ekki hægt að sleppa því að nýta það bragðgóða góðgæti, kartöflur og gulrætur þarf að vera búið



að forsjóða áður en við skellum fiskinum, sem best er að ofelda ekki, á pönnuna. Spergilkálið sker ég niður í smærri hnappa og elda í ofni í 10 mínútur á 180 gráðum áður en ég hefsta handa við steikja sjálfan fiskinn.

Salat er einfalt að gera, að því gefnu að hráefnið sé ferskt og gott, af íslensku gæðasalati er úrvalið nægt. Til að gera það örlítið áhugaverðara bæti ég hér við bökuðum smátómötum sem eru algjört sælgæti ásamt Feta osti. Svo má hafa í huga að salat þarf ögn af dressingu eða góðri olíu og

skvettu af ediki til að bragðast sem best. Svo er ekki verra að setja ögn af sjávarsalti á það áður en það er borið fram.

Steikt rauðsprettu, kartöflusmælki, gulrætur, spergilkál og sinnepssmjör

Rauðsprettuflök
Hveiti
Matarolíu
Smjör
Kartöflusmælki
Gulrætur
Spergilkál
Kornasinnep

Skolið, þerrið flökin og fjarlægjið beinagarðinn og athugið hvort önnur bein fylgi flakinu sem þarf að snyrta frá, skerið í hæfilega bita og endilega leyfið roðinu að vera á því það er bragðgott og eiginlega ómissandi að fá það með fiskinum.

Veltið upp úr hveiti, saltið og steikið á vel heitri pönnu með matarolíu, bætið veglegri klípu af smjöri saman við.

Veltið flökunum og bætið grænmetinu á pönnuna og steikið þar til fiskurinn er eldaður. Sem er yfirleitt mun fyrr en flestir halda!

Í lokin er kornasinnepi hrært við smjörið eftir smekk og hér má líka setja ögn af hunangi. Smakkið til með salti og berið fram.

Ferskt salat með bökuðum smátómötum og Feta osti

Gott ferskt salat
Smátómatar
Flögusalt
Ögn af flórsykri
Feta ostur
Ólífuolíu
Gott edik
Ristuð graskersfræ

Byrjum á að setja tómatana í eldfastan bakka sem hæfir magninu, má s.s. ekki vera of stór, stráðið ögn af flórsykri yfir, saltið og setjið síðast skvettu af ólífuolíu. Bakið í ofni á 130 gráðum í 20 mínútur.

Skolið og þerrið salatið og rífið niður eftir smekk, dreifið á bakka, eða víða skál og rífið Feta ost yfir. Bætið tómatum, graskersfræjum, ólífuolíu og ögn af ediki við. Nú eða klassískri franskri salatdressingu sem tekur enga stund að laga.

Einföld frönsk salatdressing „vinaigrette“

1 msk. Dijon sinnep
3 msk. rauðvins- eða hvítvinsedik
1 dl góð kaldpressuð olía
Salt

Blandið í krukku með loki og hristið vandlega saman, smakkið til með salti. Geymist í kæli í a.m.k. viku. Það er líka tilvalið að hræra uppskriftina saman í öflugum blandara. Uppskriftina má svo nota sem grunn, bæta t.d. við ferskum jurtum, skarlottulauk eða eldþipar ef staður, stund og stemningin kallar á slíkar breytingar.

ERFINGJAR LANDSINS

Skemmtilegt að vera til!

Hann Magnús Þór er duglegur og skemmtilegur strákur sem veit ekkert skemmtilegra en að vinna heima í sveitinni og þá sérstaklega þæla í og vera með kindunum.

Nafn: Magnús Þór Atlason.

Aldur: Verður 9 ára í október.

Stjörnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Kot, Svarfaðardal.

Skóli: Dalvíkurskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Íþróttir, listir og verkgreinar.

Áhugamál: Öll dýr en sérstaklega kindur, sauðfjárlitir, fótbolti og fara í berjamó.

Tómstundiðkun: Hjálpa til í sveitinni og fara á hestbak.

Uppáhalds matur: Kjötsúpa.

Uppáhaldslag: Farinn.

Uppáhalds litur: Blár og rauður.

Uppáhalds mynd: Aladdin.



Fyrsta minning: Þegar ég var að borða kjúkling í leikskólanum.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Mér finnst skemmtilegast að vera í fjárhúsunum. Það var líka mjög gaman þegar við fjölskyldan fórum til Tenerife og fórum í dýragarð.

Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
Hafið samband: sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUPRAUTIR Bændablaðsins

Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Létt

9		7	6			1		
6			1			7	5	3
8	3	1			4			
		8		2	1		3	
		9		5			4	7
3	6			4		9		
	8				5			1
1	4	6	7		3			8
	9		4		8			6

Miðlungs

		1	7			2	3	6
8								
5							7	8
6			5			2		4
	4		2			6	1	
				1			8	
2								7
		9						
				3	1			


Þung

8				7	1	3	6	
	6	4	8					
							8	
	5	1				2		
6								7
		7	9					4
		6			2	5		
	9				6		1	
3								

Þyngst

2		7						
							6	
8				6	1	5		
		4		7				
5	3						1	
		7	8			4	3	
		5	6				9	
			2			3		
4			1					8

HANNYRÐAHORNID



Mynstur

- = slétt lykkja frá réttu, brugðin lykkja frá röngu
- = brugðin lykkja frá réttu, slétt lykkja frá röngu
- ▣ = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn
- ▤ = 3 lykkjur slétt saman (1 lykkja færri)
- ▥ = lyftið 1 lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunnar yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 1 lykkja færri)
- ▧ = lyftið 1 lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið lyftu lykkjunnar yfir lykkjurnar sem prjónaðar voru saman (= 2 lykkjur færri)

Tíglatuskur

Prjónaðar tuskur með fallegu gatamynstri sem myndar tígl. Við mælum með tveimur bómullar-tegundum frá DROPS í tuskur. DROPS Safran sem fæst í 45 litbrigðum og kostar dokkan 440 kr. og DROPS ♥ You 7 sem fæst í 57 litbrigðum og kostar aðeins 285 kr.

DROPS mynstur: e-308

Stærð: 1 tuska er ca 26x26 cm og ca 32 grömm.

Garn: DROPS Safran eða DROPS ♥ You 7, fæst hjá Handverkskúnst, www.GARN.is

Litir á mynd: DROPS Safran - Pokubleikur nr 56, Natur nr 18, Rauður leir nr 59, Ljósbrúnn nr 22. Sambærilegir litir í DROPS ♥ You 7 - Ljósferskja nr 54, Ryð nr 34, Súkkulaði nr 37, Perla nr 32.

Prjónar: nr 2,5 eða þá stærð sem þarf til að 26 lykkjur í sléttuprjóni verði 10 cm á breidd.

Uppskrift: Stykkið er prjónað fram og til baka. Fitjið upp 67 lykkjur á prjón 2,5. Prjónið 4 umferðir garðaprjón yfir allar lykkjur.

Prjónið síðan eftir mynsturteikningu frá réttu þannig: Prjónið 3 lykkjur í garðaprjóni, A.1 yfir 5 lykkjur, A.2 yfir 50 lykkjur (=5 endurtekningar), A.3 yfir 6 lykkjur og prjónið 3 lykkjur í garðaprjóni.

Haldið áfram að prjóna eftir mynsturteikningu svona þar til stykkið mælist ca 25 cm, endið eftir 10. eða 20. umferð í mynsturteikningu. Prjónið 4 umferðir garðaprjón og fellid af með sléttum lykkjum í næstu umferð. Klippið frá og gangið frá endum.



Gott garn á góðu verði!
Sendum um allt land.



Handverkskúnst
www.garn.is

Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 888-6611

BÆRINN OKKAR

Við höfum búið í Kirkjubæ í 8 ár, fluttum beint þangað þegar við útskrifuðumst frá Háskólanum á Hólum af hestafræðibraut. Hjörvar er þriðji ættliður Kirkjubæinga en þrö hefur verið stunduð hrossarækt frá árinu 1950. Fyrstu 15 árin voru það bræðurnir Stefán og Eggert Jónssynir sem ræktuðu hross í Kirkjubæ en þá tók við búinu afi Hjörvars, Sigurður Haraldsson. Við vinnum við að rækta og þjálfra hesta og tökum einnig að okkur reiðkennslu. Við erum bæði að þjálfra hesta frá okkur en einnig fyrir aðra.

Býli? Kirkjubær á Rangárvöllum.

Ábúendur? Hjörvar Ágústsson, Hanna Rún Ingibergsdóttir og dóttir okkar, Lilja Rún Hjörvarsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)?

Við erum þrjú í heimi, eigum svo kisuna Blesu og hundana Dögg og Kröflu, sem eru ástralskir fjárhundar.

Stærð jarðar? 1.500 hektarar.

Gerð bú? Hrossaræktarbú.

Fjöldi búfjár? Á jörðinni eru um 100 hestar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?

Byrjum á að gefa og moka stíur, svo er riðið út þangað til komið er að kvöldgjöf hjá hestum og mönnum, svo frekar einfalt prógramm alla daga.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?

Frumtamningarnar á haustin eru með því skemmtilegra sem við gerum og ætli það leiðin- legasta sé ekki að fara skyndilega í girðingarvinnu þegar maður má alls ekki vera að því, girðingar slitna nánast

alltaf þegar það er annaðhvort mjög vont veður eða við í mikilli tímaþröng.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár?

Vonandi alveg jafngaman að þjálfra hesta og vonandi fjöldi hesta í húsinu frá Kirkjubæ orðinn aðeins stærri en fjöldi hesta frá öðrum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum?

Það er alltaf til smjör og ostur og svo frosnar beylgur með rúsinum í frystinum.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ætli það sé ekki grillað lambakjöt og meðlæti, mjög vinsæll matur yfir sumarmánuðina.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Öll eftirminnilegustu atvikin eru frá því þegar við vorum að reyna vera fjárbændur, vorum með um 30 fjár. Komumst að því að við erum vonlaus í því.

Eigum ótal sögur af okkur að detta almennilega á hildir rétt áður en lagt var af stað í keppnisferðalag og vera stönguð af rollu við það að reyna að hjálpa stífluðu lambi með óvenjulegum aðferðum.



Kirkjubæ



Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
Hafið samband: sigrunpeturs@bondi.is

FRÆÐSLA



Nú á haustmánuðum er tími flækingsfugla. Þótt allar árstíðir séu spennandi hjá fuglaáhugafólki þá má segja að haustið sé gósentíð fyrir þann hóp fuglaskoðara sem hefur sérstakan áhuga á að leita uppi flækingsfugla. Þegar fuglar byrja að ferðast á milli varp- og vetrarstöðva á haustin berast hingað nokkuð af fuglum sem ekki dvelja hér reglulega eða teljast ekki íslenskir varpfuglar. Þessir fuglar eru kallaðir í daglegu tali flækingsfuglar. Þetta geta verið fuglar sem hafa villst af sinni farleið, slegist í för með öðrum hópum af fuglum sem hafa hér viðkomu, eða það sem algengast er, að þeir berist hingað með haustlægðunum. Ísland hefur einstaka staðsetningu hvað þetta varðar og hingað berast flækingsfuglar frá Evrópu, N-Ameríku og Síberíu. Hér á Íslandi starfar síðan sérstök nefnd eða flækingsfuglanefnd sem samanstendur af fuglaáhugamönnum sem hafa það sameiginlega markmið að skrá og halda utan um komu flækingsfugla. Flækingsfuglanefnd hefur starfað frá 1979 og má finna nánari upplýsingar á heimasíðu nefndarinnar <https://fn.is/>. Flest Evrópulönd hafa flækingsfuglanefndir og er sú íslenska önnur elsta nefndin í Evrópu. Fuglinn á myndinni er flóastelkur og er ágætt dæmi um fugl sem flækist hingað endrum og sinnum. Flóastelkur sást í fyrsta sinn á Íslandi 1959. Síðan þá hafa sést hérna hátt í 30 fuglar og eru til örfá skráð tilvik um að flóastelkur hafi orpið á Norðurlandi.

Mynd og texti / Óskar Andri Viósson

Tíska:

Fötin skapa manninn – eða hvað?

Öldungadeildarþingmaðurinn John Fetterman hefur vakið athygli síðastliðin ár, yfirleitt á jákvæðan hátt, en þó eru þeir auðvitað einhverjir sem fella sig ekki allveg við hverju hann klæðist.

Hefur John áður gegnt stöðu vararíkisstjóra í því ágæta ríki Pennsylvaníu svo og stöðu bæjarstjóra í litla iðnaðarbænum Braddock, þar sem hann stóð fyrir endurreisn stáliðju og í raun bæjarins í heild.

Maður fólksins

Fátækt einkenndi bæinn er John tók til hendinni. Meðal annars gerði hann samning við Costco og fleiri stórfyrirtæki um að fá að eiga og oftast útdeila sjálfur þeim mat sem átti stuttan líftíma eftir en gagnaðist þeim er bjuggu við bág kjör. Hann greiddi reikninga fyrir fólk sem átti lítið, útvegaði húsnæði á eigin kostnað og samdi við vatns- og orkufyrirtæki um að loka ekki fyrir þær veitur þótt fólk ætti bág með borgun.

Til viðbótar hóf hann endurreisn stáliðnaðar bæjarins, en árið 1920, er iðnbyltingin stóð sem hæst, var Braddock blómleg úthverfastórborg með 20.000 íbúa. Þessi velsæld stóð fram að hnignun stáliðnaðarins í kringum árin 1970 en í dag er íbúatalan um 2.000 manns.

John Fetterman sá fyrir sér að þarna mætti endurvefja iðnaðinn og undanfarnin ár hefur viðleitni



John Fetterman klæðist iðulega afar hversdagslegum fötum en var þó í jakkafötum er hann var svarinn inn á þing.



hans til þess að endurnýja samfélagið gengið vonum fram. Hann hefur einnig einbeitt sér að því að endurbyggja húseignir sem eru að hruni komnar og gefa þeim nýtt líf. Í samstarfi við múrara byggði hann og opnaði pitsustað úr húsarústum, munaðarleysingjahæli var byggt úr öðrum og vinnustofa og gallerí fyrir listamenn staðarins úr þeim þriðja, svo eitthvað sé nefnt.

Meðfylgjandi atvinnusköpun er honum hitamál og kemur það glögg í ljós er hann gengur í að endurreisa bæinn.

Sem öldungadeildarþingmaður stendur hann fyrir ýmsum réttlætismálum og er m.a. á móti þungunarrofi, vill hækka lágmarkslaun og vill banna háttsettum aðilum á þingi og fjölskyldum þeirra að hagnast á hlutabréfum. Þarna er um mann að ræða sem hefur höfuðið á réttum stað. En komum þá að því sem sumir telja – eins og segir í fyrirsögninni – skapa manninn.

Óbeisluð tjáning

Föt eru jú oftast tjáning hvers og eins á innri tilveru, að minnsta kosti fyrir þá sem þora að stíga örlítið út fyrir einhverja óskrifada ramma. Aðrir halda sig vandlega innan þess ramma er samfélagið ætlast til, en svo eru þeir sem láta sig litlu skipta hverju þeir klæðast. John Fetterman fellur víst í síðastnefnda flokkinn en



Fröken Kyrsten Sinema frá Arizona er talin einna smart klæddasti öldungadeildarþingmaðurinn. Dæmi nú hver fyrir sig.

hann kys helst að vera í stuttbuxum og hettupeysu, eða bol. Fertugur að aldri, rúmlega tveir metrar að hæð og sterklega byggður, skartar hann húðflúrur á báðum handleggjum. Öðrum megin má sjá svæðisnúmer bæjarins Braddock, 15104, og hinum megin nöfn þeirra er látið hafa lífið í bænum vegna ofbeldisglæpa síðan árið 2005, en þá tók John við stöðu bæjarstjóra.

Ástæða hans fyrir hversdagslegum klæðaburði við nær öll tilefni segir hann vera einfalda, en ekki uppreisn eða einhverja sérstaka yfirlýsingu um mótþróa. Hann kys að klæðast eins og hinn almenni maður í samfélagi Braddock. Vill með því sýna virðingu fyrir fátæku samfélagi þess – auk þess sem ímynd hans á ekki að vera óaðgengileg né ofar öðrum þótt hann búi við betri kost. Átti John lengi vel aðeins ein jakka-

föt, sem hann klæddist þegar hann var svarinn inn sem ríkisstjóri Pennsylvaníu og var það talið fréttmæmt þegar hann keypti sér ný jakkaföt fyrir eiðsvarningu sem öldungadeildarþingmaður í Bandaríkjunum.

Með þetta í huga eru víst einhverjir sem eru farnir að velta fyrir sér hver tolli þá helst í tískunni innan öldungadeildarþingsins. Á meðan einhverjir fá glansprík fær Kyrsten Sinema frá Arizona vinninginn, en hún hefur verið í framlínu stjórnmála um nokkuð langt skeið. Nú er tíska miðríkjanna ef til vill aðeins meira áberandi en ella og mætti segja að Kyrsten sé ekkert að halda aftur af sér. En dæmi hver sem vill.

Með greininni fylgja hér nokkrar myndir þar sem hægt er að velta þessu fyrir sér. /SP

Jesús sagði:
 „Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og glata sálu sinni? Eða hvað gæti maður látið til endurgjalds fyrir sálu sína?“
 Matt. 16.26

biblian.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ. VÍR OG LYKKJUR EHF

772-3200

00354-5885500

TAXI SERVICE

TAXI

ICELAND

www.ubertaxi.is

www.ubertaxi.is. Gerðu verðsamanburð. Fyrirfram bókanir, símaer er opið alla virka daga frá kl. 10/00-18/00.

HÓSGRUNNAR TILBÖNIR Á EINUM DEGI
 ENGINN JARÐVEGSSVINNA
 ENGINN BROTÍMI

SPARIÐ TÍMA OG PENINGA

GRUNNSTOÐIR
 866 4788 - 770 7775
 HEIÐSKALVINGRISGAÐI 100, 101
 -LEIÐTAKUR KOSTNAÐUR
 -HEIÐTAKUR FYRIR HVÍSKYPTIS JARÐVEG
 -JARÐVEG SVINNA, TILBODNA FÉSTINGA
 -JÓ ÁNA REYTLA

ECO HELIX PRO

Sparið milljónir með Grunnstöðum. Uppl. í s. 866-4788 og 866-7500.



500.000 KR. AFSLÁTTUR

Súperdagur Sixt -Toyota Landcruiser 150, 4x4, árgærd 2021, sjálfskiptur, ekinn 59.000 km. Verð kr. 9.990.000. Verð áður kr. 10.490.000. notadir.bennis.is – s. 590-2035



Höfum til sölu furuflis í um 28 kg. böllum. Einnig spónakögglar í 15 kg pokum. Brettaafsláttur. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Ford Hymr 562. 2 rúma. Nýskráning 6/2012, dísel. Verð kr. 6.800.000. Raðnúmer 459476. Markísa + hliðar. Hjólagrind, sólarsetla. Ný dekk. Nýjar álfelgur. Loftnetshattur. Sjónvarp. Dráttarkrókur. Nánar í s. 557-7720 Víkurverk.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Sánahús, 4-6 manna úr sedrus-viði með 8kw Harvia ofni. Stærð- 210 cm X 240 cm. Verð kr. 995.000 m/vsk. Upplýsingar valdi@barki.is s. 569-4000. Barki ehf.



Til sölu Massey Ferguson 135. Upptekin vél, nýtt rafkerfi. Nýr vatnskassi og ýmislegt fleira. Óskað er eftir tilboðum. Upplýsingar gefur Guðni í s. 896-6712.



Weinsberg 550 UK. Caraone, kojú hús. Nýskráning 5/2021. Flott verð kr. 3.990.000. Verð áður kr. 4.790.000. Raðnúmer - 175428. Nánar í s. 557-7720 - Víkurverk ehf.



Díselhitari, app-stýrður 12 eða 24v 5kw. Hægt að ræsa með símanum. Samsettur eða ósamsettur. Verð kr. 68.900.- Orkuböndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Massey Ferguson 165, árgærd 1978, notaður 3000 tíma, uppgerður fyrir 6 árum, verðhugmynd kr. 1.500.000. Upplýsingar í s. 898-8692.



Til sölu Langendorf-malarvagn árgærd 2006. Lítið eitt skemmdur eftir tjón. Upplýsingar í s. 861-3954 eða 790-3200.



Jeep Grand Cherokee. Nýskráning 5/17 Ekinn 81.000 km. Eldsneytibensín, eyðsla 14 l. Blandaður akstur, 10 l. langkeyrsla. Lykillaus ræsing. Heilsársdekk. Nýskoðaður. Allt nýtt í bremsum. Verð kr. 6.400.000. Skoðum raunhæf tilboð. Topp eintak. Uppl. í s. 896-1447.



2ja manna infrarauður saunaklefi
 Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
 Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



Rafmagnspotturinn HYDRO
 Stærð 200x200x95cm.
 Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
 Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
 s. 5445550



Ég leita að stórríttvíl sem gengur ekki fyrir rafmagn – svona eins og voru á skrifstofum. Hafið samband í s. 822-5269 eða sendið skýti á netfangið astvaldur@gmail.com



Adria 502 UL Adiva, 2 rúm. Nýskráning 1/2006. Verð kr. 2.200.000. Raðnúmer - 677968. Nánar í s. 557-7720 - Víkurverk ehf.



Tilboð – farangurs- og/eða áhaldakerra. Til sölu notuð og vel útlítandi 750 kg (um 550 kg nettó) kerra með öflugu læsanlegu loki. Ál í hliðum og loki. Hægt t.d. að setja hjólagrind ofan á lokið. Nefhjól og varadekk fylgir. Stærð innanmál l. 2,51 m x br. 1,31, hæð um 67 cm. Verð aðeins kr. 395.000 m/vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Efribraut 6, Mosó. s.894-5111. Opið kl.13-16.30

VÚ HÚ HÚ !!

Á stærstu eyju veraldar, Grænlandi, býr tíu ára þjakkur sem heitir Emil. Búsettur í Illulissat við friðlýstan ísfiörð á heimsminjaskrá UNESCO.

Hvert sem Emil fer er hann með fótboltann með sér. Undir höndinni, á lærunum, á ristinni, á tånunum eða uppi á haus. Hann er nánast því rafmagnaður.

Þrátt fyrir hæfileika Emils í fótbolta, þá rennur einnig saltvatn í æðum hans, ásamt aldagömlu veiðileiðni þjóðarinnar. Að veiða í matinn til að lifa af.

Einn daginn er Emil á netaveiðum með afa sínum og ömmu þegar hann fær óvænt stelpu í netið.

Það kemur honum í vanda og flækir málin töluvert en á sama tíma upplifir hann ótrúleg ævintýri.

NÝ BOK

Strákurinn sem fékk

HALLA EYSTEINS

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO
 QUALITY FOR LIFE

UNSIINN

Schmidt
 FAHRZEUGBAU

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.

BRIMCO

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
 SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplogur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2,8m Verð: 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



Fjölplogur PUV - Heavy Duty
Með stjórnúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:

Verð frá 70.000 kr.*

Slétt plata 3-punkta
EURU/SMS EURO stór
JCB 3CX hrað CASE 580SR

Slitblöð

Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plöga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



Fjölplogar VT320 & VT380
Sterkir plögar með flotgrind fyrir meiri hraða.
Verð frá 2.890.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr.*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, með föstum vængjum, glussastýring á túðu, 3p tengi. Drifsköft.
Fyrir +70hp
Verð 2.490.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Tumi þumall. Beltagrafa, 1,2 tonn með hraðtengi, tveimur skóflum og þumli og þú kemur nánast öllu í verk stíjandi á rassinum. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is



Fiat LMC MC Louis (rúm í miðju). Nýskráning 3/2017. Akstur 95.000 km. Dísel. Verð kr. 10.980.000. Raðnúmer - 486860. Markísa/sólarsella og TV. Nánar í s. 557-7720 Víkurverk ehf.



300.000 KR. AFSLÁTTUR

Súperdagur Sixt - SsangYongRexton, 4x4, árgerð 2019, sjálfskiptur, ekinn 92.000 km. Tilboðsverð kr. 4.590.000. Verð áður kr. 4.890.000. notadir.benni.is - s. 590-2035.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg og 1500 kg CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf / S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Díselhitari, 12 og 24v 5 kw. Verð kr. 53.900. Öll þjónusta- Orkubóndinn. is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Glussadrifnar haughræur á ámoksturtaeki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útilón og víðar. Lengdir : 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn óxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURÐIR

www.ishurdir.is

564-0013 | 865-1237



Nú er tíminn til að láta drauminn rætast. Eigum nokkra gullfallega Dacia Duster 2019, til afhendingar strax. Frábært verð frá kr. 1.390.000 - Bílasala Reykjavíkur s. 587-8888.



Nýr Ford Randger R490 húsbíll, dísel, sjálfskiptur, verð kr. 12.950.000. Nánar í s. 557-7720 - Víkurverk ehf.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Við aðstoðum við kaup og sölu og sjáum um allan innflutning fyrir ykkur á nýjum/notuðum vinnuvélum og tækjum frá Bretlandi og Evrópu til Íslands. Getum líka útvegað allar gerðir vinnuvéla, eins flesta varahluti og ýmislegt fleira sem ykkur vantar. Ekkert er of smátt eða stórt fyrir okkur. Erum með gríðarlega góð sambönd. Yfir 20 ára reynsla. Örug og góð þjónusta. Hafþór s. 499-0719 & Haukur s. 499-0588. sudurengland@gmail.com & facebook/ Suður England. Ertu í hugleiðingum? Endilega hafðu samband.



Brettagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Nýr Húsbíll, Ford Ranger - R560, 4X4, dísel, 5 gíra. Verð kr. 16.880.000 Nánar í s. 557-7720 - Víkurverk ehf.,



Opunartilboð hjá www.ljardalur.is. HT-10, 1000 kg. beltavél með haug af varahlutum. Verð aðeins kr. 1.400.000 +vsk. Allar upplýsingar í s. 849-3480 eða arnar@ljardalur.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakk. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Land Cruiser 200 9/2012 - dísel. Ekinn 285.000 km. Í toppstandi, 7 manna, dráttarkrókur, loftþúðafjöðrun, toppluga, negld vetrardekk o.fl., o.fl. Gott viðhald og langkeyrsluakstur. Tilboðsverð kr. 7.600.000 - stgr. Uppl í s. 894-7070.



Rafstöðvar með original Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Hobby 610 Premium 2014 verð kr. 4.690.000. TV loftnet, sólarsella, grjóttgrind, markísa, fortjald og sjónvarpsfesting. Upphækkað um 2 tommur, bakkmyndavél - mover. Nánar í s. 557-7720 - Víkurverk ehf.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valta. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Vélavít ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt trérum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf, netfang- hak@hak.is. S. 892-4163.



Díselhitari 5kw 12 eða 34v. Verð frá 48.900.- Orkubóndinn. is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er
inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirsurnir sendist á
meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda
í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far



Ferðapjónustubændur og aðrir, til sölu Dodge Royal árgærd '56, 8 sílendra. Flottur bíll fyrir bílasafnið. Verð 2.900.000. Upplýsingar í síma 615-4335.

Mikið úrval af flottum bolum

Verð: 1.736 kr.

Öryggi: Fyrst og fremst

Vefverslun: Khvinnufot.is

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is



Backhoe fyrir dráttarvélur og hjólastóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu nýtt 15 fm smáhýsi, fjölnota til flutnings. Klætt með spónaplötum að innan, full einangrað, rafmagnstafla og vegg- og loftdósis ekki ídregið. Að utan klætt með bandsagaðri furu, aluzink á þaki. S. 842-4744.



Hágæða lúxusdýnur á heildsöluverði verð kr. 89.900 m/vsk. Marglaga springdýnur 160x200. Sendum um allt land. www.dynusalan.is



FIAT Burstner, 2 rúm. 8/2017. E 54.000 km. Diesel. Verð kr. 12.900.000. Raðnúmer - 739008. Skoða skipti á ódýrari. Nánar í s. 557-7720 - Víkurverk ehf.



Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V, 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacz-z-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Þessir hafa fengið frábærar viðtökur. Nú er rétti tíminn. Frostfrír drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Ekkert rafmagn. Einfalt í uppsetningu, aðeins þrjú hreyfanlegir hlutar Allt viðhald ofan frá. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Fyrir allan búfénað. Verð kr. 118.000 +vsk. Til afhendingar strax - Sendum hvert á land sem er. Formax Paralamp ehf - Aqua Icelander Equine s. 562-6800.



Mink Camper Sport Camper 2.0. Nýskráning 7/2022. fortjald Verð kr. 3.650.000. Raðnúmer - 798851. nánar í s. 557-7720 Víkurverk ehf.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808- Oliver.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarpjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opíð frá kl.13-16.30.



300.000 KR. AFSLÁTTUR

Súperdagur Sixt - Toyota Hilux, 4x4, árgærd 2015, beinskiptur, ekinn 126.000 km. Tilboðsverð kr. 4.990.000. Verð áður kr. 5.290.000. notadir.benni.is - s. 590-2035.

Varahlutir í vinnuvélur

TNT ehf 454 5255 tnt@tnt

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togsplí. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarstærðing. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemas fyrir rútur, voltmælur, ampermælur, spennufellur 24V / 12V. truflanapéttar. loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulmsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Spáknúgla fyrir Landrover. Síruusett fyrir Bassakakulur. Bassakakulur. Oxulhosur. Spennustílar. Dósur. Rafgeymaskólar. Jarðbamband. Dúðubryr. Bainskúlar fyrir alternatora. Vöðuggeisar. Stærðar. Leggjá alternatora. Not í alternatora. Vöðuggeisar. Stærðar. Leggjá alternatora.

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit

Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Prýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager-230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Gámarampar á lager heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Stór og öflug háprýstidæla fyrir verktaka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L / min og max þrýstingur er 520 bar. Vél - 26 hestöfl, Kohler, dísel, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - e-mail - hak@hak.is.



Bretttagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérþöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.




Klósettadælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótör staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. <https://www.diggaeurope.com/> Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Háprýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Rampar fyrir frýsti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalfaniserað stál. Lyftaratækur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

Atvinna

Maður lifandi óskast í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða allt sem tengist múrverki, hægt að komast í læri. Upplýsingar í s. 898-1999 Högni Guðmundsson múrarameistari.

Gefins

Gefins skógur. Óska eftir 40 ha fyrir blandaðan asparskóg. Þið eigið skóginn. Auk 15% kolefniseininga. Sendið land við árbakka, án sauðfjár. S. 849-0636.

Óska eftir

Kaupi vínplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Leita að gömlum reiðtyggjum í endurvinnsluverkefni. Taumlásar, hringir, mél, taumar, allt getur nýst. Frekari upplýsingar - Sigríður s. 660-7667.

Óska eftir gangfærum Isuzu Crew Cab 2004-2006. Body má vera klesst eða illa farið. s. 861-9609.

Vantar þig stóra frystikistu undir veiðina eða annað? Attu litla frystikistu sem þú gætir hugsað þér að láta í skiptum fyrir stóra? Ég á gamla týpíska, rúmlega 400 l frystikistu (körfulaus) sem gengur eins og klukka. 95 cm breið, 65 cm djúp, 88 cm há. Dálítið skálduð að utan og ekki falleg en í fullkomnu lagi. Fullkomin bílskúrsfrystikista sem býr í leiðinni til gott vinnuborð. Langar að skipta á henni og lítilli frystikistu sem má líka vera gömul en þarf að vera í góðu lagi. Í Rvk. Uppl. tölvupóstf- s.asmundsdottir@gmail.com

Óska eftir litlum kuðungum og skeljum af öllum gerðum. Vil aðeins smáa kuðunga og skeljar, ekki of stórar. Hafid samband í gegnum tölvupóst á holar18.450@gmail.com

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útleiktækki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Til sölu glerofn IR 6090. Litir, litakurl, mót og fiber fylgja með, kr. 350.000. Upplýsingar í s. 899-2443 eða sibba68@gmail.com

Mercedes Benz Actros 1844. 2004. Ekinn aðeins 357.000 km. Vagn Minerva Industrie 2004. Létt tæki. Vigtar saman 14,5 tonn, heildarþyngd 40 tonn. Burður 25,5T ca 17 rúmmetrar. Bíll á fjöðrum að framan og loftfjöðrun að aftan. Glussafjöðrun á vagni, stöðill og stendur eins og klettur. Gífurlega lipurt tæki í góðu standi. Selst bara saman bíll og vagn. Nýsmurður, nýskoðaður og nýir rafgeymar. S. 864-3560.

Patrol 01/2006, næsta skoðun 2024, 7 manna, ekinn 312.000 km. Einn eigandi, vel um genginn, heilsársdekk, aukalega dekkjagangur, slitinn á felgum, box á afturhurð, verð kr. 1.500.000. S. 893-6989.

Stofusamstæða með ljósum, 3 stk. Borðstofuborð og 6 stólar. Ársgamall ísskápur, h- 115cm b- 50cm. Lítil 2ja hellu eldavél með ofni. Vandað skrifborð, hækkanlegt. Ceramic helluborð með 4 hellum. Snjóblásari úr Bauhaus. Gömul stór bandsög. 3 innskotsborð. Sturtuklefi 90 x 90. Sængur, koddar, rúmföt og fl. úr ferðaþjónustu. Upplýsingar aðeins gefnar í s. 893-3475.

Dacia Duster, árgerð 2016, dísel. Ekinn 120.000 km. Ný tímareim, nýleg hráolíusía. Græsvartur að lit. Nýjar þrýstislöngur. Verð kr. 2.100.000. Upplýsingar í s. 661-5150.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafid samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Byggingarstjóri. Tek að mér að vera byggingarstjóri á mannvirkjum á öllum byggingarstigum. Vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafid samband í s. 852-3222 eða asgeirvil@gmail.com

Dýrahald

Vegna flutninga og óvissu um næsta húsnæði þyrftum við á gæslu að halda fyrir kettina okkar - rétt rúmlega tveggja ára systkini sem eru ljúf og góð. Áætlaður tími 3-6 mánuðir, jafnvel skemur. Áhugasamir sendið póst á netfangið joklarosin@gmail.com með helstu upplýsingum um búsetu, fjölskyldu og ef önnur dýr eru á heimilinu. Bestu þakkir fyrir áhugann.

Bændablaðið
www.bbl.is

Stálgrindarhús klædd með yleiningum !

Til sölu stálgrindarhús 104,2 m² og 57,4 m² að utanmáli, klætt með 50mm yleiningum í veggjum og 100mm í þaki.

Stærra húsið er með tveimur innkeyrsluhurðum og það minna með einni hurð, rafdrifnar og með fjarstýringu.

Verð 104,2 m² hús 6.000.000 + Vsk


Verð 57,4 m² hús 4.180.000 + Vsk

Byggingarnefndarteikningar fylgja.

Uppl. Altækni s/f Sími 8227518 / 8669911



www.heitirpottar.com altaekni@gmail.com

Húsin eru staðsett á Akureyri



Litur að utan RAL7016


Litur inni RAL9010



Nesdekk verkstæði í næsta nágrenni við þig!

Réttu dekkinn draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.



Toyo GSI-6

Toyo Ice Freezer

Toyo G3S - ICE



Harðskeljadekkk



Harðskeljadekkk



Harðskeljadekkk



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Skeifan 9
108 Reykjavík
590 2098
Tímabókun

Fiskislóð 41
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600
Tímabókun

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333
Tímabókun

Austurvegi 54
800 Selfossi
590 2095
Tímabókun

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350
Tímabókun

NESDEKK
561 4200 / nesdekk.is

Fjór hjól til afgreiðslu strax!

Verð aðeins

1.899.000 m/vsk.

Aukahlutapakki - hiti í handföng,
stórt farangursbox og aksturstölva.

100.000 m/vsk. með ísetningu



Virkilega vel útbúin 570 cc. hjól sem hafa komið einstaklega vel út á Íslandi.

Sem dæmi um staðalbúnað má nefna rafmagnsstýri, spil, dráttarkúlu, mismunadrif bæði að framan og aftan með rafmagnsdriflæsingum, 14" beadlock felgur, 26" dekk og handahlífar. Hjólin uppfylla skilyrði dráttarvélaskráningar.

Við afhendum hjólin án aukakostnaðar á næstu afgreiðslustöð Samskipa.



Þú finnur allt um Segway ferða- og vinnutæki á

hesja.is



HESJA

Tveir nýir litir!

Matt svart

Orange



2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Viðskiptablaðið keldan

Hesja ehf. er í hópi þeirra fyrirtækja sem uppfylla skilyrði VB og Keldunnar um Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri. Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir að ná þessum áfanga með okkur, takk fyrir traustið!

Aðeins 2,4% fyrirtækja á landinu uppfylla skilyrðin.

hesja.is | hesja@hesja.is | Kópavogur: 546-0415 | Akureyri: 415-6415